



**„Já þú veist, það var sleppt þessum kafla“
Um forsendur jafnréttis og kynfræðslu og fræðslu um klám
og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk.**

Rósa Björk Bergþórsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Já þú veist, það var sleppt þessum kafla“
***Um forsendur jafnréttis og kynfræðslu og fræðslu um klám og
kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7.bekk***

Rósa Björk Bergþórsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Rósa Björk Bergþórsdóttir
120287-6139

Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar voru fræðslumál sem snúa að jafnrétti kynjanna, kynfræðslu, klámi og kynferðislegu ofbeldi í 6. og 7. bekk grunnskólans. Megintilgangur rannsóknarinnar var að skoða forsendur fyrir umræðu og fræðslu um þessi málefni á miðstigi grunnskólans. Niðurstöðurnar setti ég í samhengi við kenningar Sylvíu Walby um kynjakerfið, Kenningar Pierre Bourdieu um menntun og kenningar John Berger um kynjuð valdatengsl. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt en tekin voru opin einstaklingsviðtöl við lífsleikni kennara, skólahjúkurnarfærðinga og talskonu samtaka sem sér um fræðslu í grunnskólum. Tekin voru 4 rýnihópaviðtöl við nemendur um þeirra upplifun af kennslunni og viðhorf þeirra til umræðu og fræðslu um þessi mál. Viðmælendur voru alls 26 talsins.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ýmislegt sé ábótavant þegar kemur að fræðslumálum sem þessum. Vöntun virðist vera á kennslufni sem snerta þessi málefni. Nám kennara þarf að fjalla um jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi ef þeir eiga að geta frætt nemendur um þessi mál. Upplifun nemenda var að lítið hefði verið fjallað um jafnrétti kynjanna, klám og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk. Nemendur töldu að drengir í 6. og 7. bekk væru byrjaðir að horfa á klám og höfðu flestir viðmælendurnir séð klám. Lítil vitneskja var um kynferðislegt ofbeldi í rýnihópunum og vissu fæstir nemendur hvert skildi leita ef kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað. Nemendur sögðust vilja fá meiri fræðslu um þessi málefni.

Abstract

The topic of this essay is education on gender equality, sex education, pornography and sexual violence in the sixth and seventh grade of elementary school. The main purpose of this research is to look at why it is important to discuss and educate students on these matters during elementary school. I put the results in context with Silvia Walby's theories on patriarchy, Pierre Bourdieu's theories on education and social theory, and John Berger's theory ways-of-seeing. The research was qualitative and consisted of interviews with research subjects such as life skills teachers, school nurses and a spokesperson for an organization that offers sex education in elementary schools, where they could answer freely. Also, there were four focus group interviews. The focus groups consisted of students and the topic was their experience of learning sex education, their views on the discussion of these matters and what they had learned in the process. 26 people were interviewed in total.

The results indicate that the present system of sex education is defective. There is not enough teaching material on the subject. When teaching education there needs to be focus on gender equality, pornography and sexual violence if teachers are to be able to instruct students on these matters. The students' experience was that there was little to none taught on gender equality, pornography and sexual violence in sixth and seventh grade. Students thought that most boys in sixth and seventh grade had already begun watching pornography and most of the interviewees had seen a pornographic film. There was little knowledge about sexual violence in the focus groups and few students knew where to reach out for help if sexual violence had occurred. The students agreed that they wanted further education on these matters.

Formáli

Rannsókn þessi er metin til 60 eininga í kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi með ritgerðinni var dr. Gyða Margrét Pétursdóttir. Gyða Margrét er einstaklega góður leiðbeinandi og fékk ég að kynnast því í þessu ferli. Þekking hennar á kynjafræðilegum málefnum, mikill áhugi, uppbyggilegar athugasemdir og trú á verkefninu eru það sem stendur upp úr samstarfi okkar. Vil ég þakka Gyðu Margréti fyrir gott samstarf, mikinn skilning og þolinmæði. Kynjafræði deild Háskóla Íslands hefur gefið mér mikla trú á samfélagið, deildin hefur sýnt mér fram á að samfélagið tekur sífeldum breytingum og það er okkar að breyta því til hins betra.

Viðmælendum mínum þakka ég fyrir þáttökuna, það var hugrakkt af þeim að leyfa mér að spyrjast fyrir um kennsluhætti, upplifanir þeirra og skoðanir á málefnum. Nemendurnir í rýnihópaviðtölunum vil ég þakka sérstaklega en hreinskilni þeirra og málefnaleg umræða í viðtölunum varpaði ljósi á rannsóknina sem er ómetanlegt. Það er viðmælendum mínum að þakka að þessi rannsókn sé orðin að veruleika. Ég vil þakka Styrmi, Finnborgu, fjölskyldu minni og vinum mínum fyrir stuðninginn, trúna á verkefninu og fyrir að umbera mig síðastliðna mánuði. Sérstakar þakkir fær Páll Kvaran fyrir yfirlestur og góðar athugasemdir.

Þessa ritgerð tileinka ég ungu kynslóðinni, unglíngum landsins sem ég hef mikla trú á að eigi eftir að leggja sitt að mörkum til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	8
2	Kenningar og skýring á hugtökum og námsgreinum	13
2.1	Lífsleikni	13
2.2	Kynfræðsla	14
2.3	Femínískar kenningar	15
2.4	Kynjakerfið (e. patriarchy)	16
2.5	Menning og menntun, kenningar Bourdieu og kynjakerfið	19
2.6	Kynjuð valdatengsl og klám	20
2.7	Klámvæðing	21
2.8	Kynferðislegt ofbeldi og kynjakerfið	22
3	Aðferðarfræði	24
3.1	Rannsóknarsnið og fræðilegt sjónarhorn	24
3.2	Gagnaöflun	25
3.3	Gagnagreining	28
3.4	Réttmæti	29
3.5	Siðferðisleg mál	29
3.6	Sjónarmiðsfeminismi og staðsetning rannsakandans	30
4	Lífsleikni kennslan	33
4.1	Námsefni í lífsleikni fyrir miðstig	33
4.2	Lífsleikni kennslan og fyrirkomulagið á kennslunni	35
4.3	Upplifun nemenda á lífsleikni kennslu	40
4.4	Námsefni sem notað er í lífsleikni kennslunni	43
4.5	Jafnréttismál	46
4.6	Samantekt	54
5	Kynfræðsla og kynþroskafræðsla	56
5.1	Námsefni fyrir kynfræðslu og kynþroskafræðslu	57
5.2	Fræðsla hjúkrunarfræðinganna	61
5.3	Samskipti skólahjúkrunarfræðinga við kennara	65
5.4	Upplifun nemenda á kynfræðslunni	69
5.5	Samskipti við foreldra	70
5.6	Lausnir og hvað mætti betur fara	73
5.7	Samantekt	74
6	Klám	76
6.1	Eru nemendur byrjaðir að horfa á klám í 6. eða 7. bekk	77
6.2	Hljóta nemendur fræðslu um klám í 6. og 7. bekk?	82

6.3	Ábyrð foreldra.....	85
6.4	Skaðsemi kláms	88
6.5	Samantekt	89
7	Fræðsla um kynferðislegt ofbeldi	91
7.1	Er einhver umræða um kynferðislegt ofbeldi á miðstigi grunnskólanna?.....	91
7.2	Fengu nemendur einhverja fræðslu um kynferðislegt ofbeldi?	100
7.3	Karlínn sem tælir börn í bílinn sinn.....	104
7.4	Samantekt	111
8	Samantekt, umræður og tillögur að úrbótum.....	112
8.1	Jafnréttið	112
8.2	Klám	113
8.3	Kynferðislegt ofbeldi.....	114
8.4	Gildi rannsóknarinnar, lausnir og frekari rannsóknir.....	116
8.5	Hvernig næst jafnrétti?	117
9	Heimildaskrá	119

1 Inngangur

Í aðalnámskrá grunnskóla er jafnrétti sett í öndvegi og eru jafnréttismál ein af stöðum nýrrar aðalnámsskrár. Með jafnréttismenntun er átt við að gagnrýn skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum samfélagsins eigi að eiga sér stað. Nemendur eiga að geta greint þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (Mennt-og menningarmálaráðuneytið, 2013). Þegar aðalnámskráin er skoðuð er greinilegt að jafnrétti kynjanna þykir mikilvægt og umræða sem snýr að jafnréttismálum eigi að koma upp á yfirborðið. Í ritinu „*Jafnrétti- Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*“ (2013) sem eitt af sex ritum sem fjalla um grunnstoðir grunnskólans kemur fram að nauðsynlegt sé að fjalla um jafnrétti kynjanna í kennslustundum og vekja nemendur til umhugsunar um staðalímyndir kynjanna og hvernig þær hafa áhrif á samfélagið (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013:18). Samkvæmt aðalnámskrá á jafnrétti að vera eitt af stöðum grunnskólans og því ætti þessi umræða heima í lífsleikninni. Það er líka þörf á því en samkvæmt rannsókn þeirra Andreu Hjálmsdóttur og Þórodds Bjarnasonar (2008). hafa viðhorf ungmenna til jafnréttismála hér á landi farið dvínandi síðastliðin ár og eru íslensk ungmenni orðin íhaldsamari en jafnaldrar þeirra voru árið 1992. Það styrkir þá kenningu að jafnrétti gerist ekki að sjálfu sér heldur verður fræðsla að eiga sér stað til þess að jafnréttisbaráttan nái markmiðum sínum.

Þetta var meðal annars kveikjan að rannsókn minni en BA ritgerð mín úr mannfræði úr Háskóla Íslands greindi bakslag í femínisma á Íslandi og var unga kynslóðin mér hugleikin. Það má því segja að þessi rannsókn sé eðlilegt framhald. Inn í þessar hugmyndir fléttuðust hugmyndir um klám og kynferðislegt ofbeldi en mig langaði að vita hvernig staðið er að fræðslu um þessi mál í grunnskólum hér á landi. Samkvæmt rannsóknnum horfa strákar mun meira og oftar á klám en stúlkur og klámnotkun hefur mótandi áhrif á ungmenni bæði hvað varðar kynheilbrigði þeirra en einnig viðhorf þeirra til kynlífs (Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining, 2006, Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2007). Í rannsókn Guðbjargar H Kolbeins (2007) kemur fram þeir unglingar sem horfðu á klám voru líklegri til að trúa því að rekkjunautum þeirra þætti mótþróa í kynlífi spennandi eins og ef um nauðgun væri um að ræða. Það kom einnig í ljós að klám brenglaði sýn unglinga, og þá sérstaklega stráka, á kynlíf. Það átti að vera villt og spennandi. Klám getur haft þau áhrif að fólk verður sífellt óánægðara með útlit rekkjunauta sinna, enda er útlit fólks í klámmyndum oft ekki raunsætt og kröfur til kynlífs og útlits því orðnar óraunsæjar (Paul, e.d.). Klám hefur áhrif á áhorfandann og sérstaklega ef áhorfandinn er unglingur sem hefur litla reynslu af kynlífi.

Ég ákvað að rannsaka lífsleikni-kennslu og kynfræðslu. Ég tel að þessar greinar fléttist saman að mörgu leiti en báðar fjalla þær um kynheilbrigði og virðingu. Mér fannst ég verða að skoða þessar greinar saman en þrátt fyrir að kynfræðslan sem hjúkrunarfræðingar sjá um í skólum taki ekki margar kennslustundir þá fjallar hún um kynþroskaskleiðið og breytingarnar sem því fylgja. Ég tel að umræða um klám og kynferðislegt ofbeldi eigi heima í þeirri umræðu en tengslin eru greinileg, enda ýtir klámið undir staðalímyndir kynjanna sem mikilvægt er að leiðrétta til að jafnrétti kynjanna komist á. Einnig verður umræðan um kynferðislegt ofbeldi að vera opin og eiga rými innan kynfræðslunnar svo hægt sé að reyna að sporna við kynferðislegu ofbeldi og að þolendur viti um úrræði og afleiðingar ofbeldisins. Ég taldi að ef einhver umræða væri um klám í grunnskólum ætti fræðslan heima í lífsleikni-kennslu og innan kynfræðslunnar. Ég tel að umræðan um klám eigi heima þar sem jafnréttismál eru til umræðu, en mikilvægt er að benda á kynbundnu valdatengslin sem eiga heima innan klámsins og tengja umræðuna við jafnréttisbaráttu kynjanna svo nemendur skilji hvernig þessir hlutir tengjast.

Ég ákvað að afmarka mig við 6. og 7. bekk en á þeim aldri byrja drengir að fikta við að horfa á klám (Guðbjörg H. Kolbeins, 2007, Dines 2010). Klámvæðing er skilgreining á því þegar klám smeygir sér inn í menningu okkar og er samþykkt og jafnvel dáð sem menningarlegt fyrirbæri (Sørensen, 2003:1) og mér fannst mikilvægt að skoða hvort, og að hvaða marki, umræða um áhrif kláms á samfélagið, klámvæðingin, væri til umræðu á þessu stigi grunnskólans. Klámið hefur til að mynda haft áhrif á klæðaburð fólks og hefur Samfés samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, til að mynda haft ákveðnar reglur um klæðaburð nemenda á háttíð sinni sem haldin er árlega fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla. Reglurnar ganga út á að klæðnaður nemenda má ekki sýna of mikið hold og stúlkur eiga að vera í skokkabuxum eða leggings ef þær eru í hnéstuttum kjól eða pilsí. Forðast á flegna boli og kjóla og drengir meiga ekki vera berir að ofan (Samfés, 2012). Það er greinilegt að verið er að reyna að sporna gegn klámvæðingunni í klæðaburði nemenda. Ég rannsaka því hvort einhver umræða eða fræðsla sé um klám og tek inn í umræðuna klámvæðingu enda er það stór hluti af kláminu og hefur bein áhrif á líf nemenda og því mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir þeim áhrifum.

Ákvörðun mín að skoða hvort umræða eða fræðsla sé um kynferðislegt ofbeldi var tekin eftir að ég skoðaði gögn um kynferðislegt ofbeldi en ef við skoðum skýrslu Stígamóta grasrótarsamtaka gegn kynferðisofbeldi frá árinu 2013 kemur í ljós að 35,9% þeirra sem sóttu sér hjálpar það árið urðu fyrir ofbeldi á aldrinum 11-17 ára (Stígamót, 2014). Þessar

niðurstöður ríma við niðurstöður Stígamóta síðastliðin ár en flokkurinn 11-17 ára hefur verið stærsti flokkurinn eða með þeim stærstu í gegnum árin (Stígamót, 2013, Stígamót, 2007). Gerendur kynferðisbrota eru samkvæmt skýrslum Stígamóta oftast einhver sem þolandinn þekkir eða kannast við (Stígamót, 2014) og vildi ég skoða hvort og þá hvernig fjallað væri um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur á miðstigi í grunnskólum á Íslandi en þá eru börnin í 6. og 7. bekk.

Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort umræða og fræðsla um kynfræðslu, klám, kynferðislegt ofbeldi og jafnrétti sé til staðar í 6. og 7. bekk í grunnskólum á Íslandi. Einnig var markmiðið að athuga hvort þessi umræða og fræðsla eigi rétt á sér á þessu námsstigi og upplifun og skoðanir kennara, hjúkrunarfræðinga og nemenda skoðaðar. Markmið rannsóknarinnar er að sjá hvort fræðsla sé til staðar, og ef ekki, hvort grundvöllur sé fyrir því að hún eigi sér stað á þessu stigi grunnskólans. Markmið rannsóknarinnar er bæði að fá tilfinningu fyrir því hvort jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi sé til umræðu en einnig sjá hvort, og þá hvað, mætti betur fara í kennslunni.

Lífsleiknin er mjög opið fag og margt þar til umfjöllunar en lífsleiknin er sú námsgrein sem ætti að fjalla um þessi mál. Í áfangamarkmiðum við lok 7. bekkjar í lífsleikni kemur fram að nemendur eigi að gera sér grein fyrir áhættum samfara eins og ótímabær þungun og kynsjúkdómar. Einnig er lífsleikninni ætlað að fjalla um ýmsa fræðslu sem stendur utan hefðbundinna námsgreina (Menntamálaráðuneytið, 2007). Þetta voru meðal ástæðna fyrir því að ég taldi að lífsleiknin væri fagið sem ætti að fjalla um þessi mál. Ég taldi einnig að kynfræðslan sem er í höndum skólahjúkrunarfræðinga ætti að fjalla um þessi mál en það er engu að síður stuttur tími og er kynfræðsla skólahjúkrunarfræðinga aðeins kennd í 6. bekk en engin fræðsla að hálfu skólahjúkrunarfræðinga á sér stað í 7. bekk sem snýr að kynfræðslu.

Ég tók því eigindleg viðtöl við lífsleikni-kennara og skóla-hjúkrunarfræðinga sem sjá um kynfræðslu í 6. bekk. Viðtölin voru tekin til þess að fá að heyra upplifun fagaðila á málefnum en einnig til að heyra þeirra skoðun á kennslu og fræðslu um þessi málefni. Ég tók einnig rýnihópaviðtöl við nemendur sem lokið höfðu 6. og 7. bekk og spurði þau um upplifun þeirra af kennslunni og hvað þeim þætti að hefði getað farið betur í kennslunni. Einnig spurði ég þau út í viðhorf þeirra til jafnréttismála og hvaða skoðun þau hafa á klámi og klámvæðingunni. Þá spurði ég rýnihópana einnig út í viðhorf þeirra til kynferðisofbeldis og

hvað þau hafa lært um gerendur og áhrif kynferðislegs ofbeldis á þolendur. Heildar-fjöldi viðmælanda var 26 og greini ég betur frá viðtölunum í aðferðarfræði kafla ritgerðarinnar. Rannsóknarspurningin hefur breyst mikið frá því að rannsóknaráætlun var sett fram fyrir rúmum tveimur árum og það hefur rannsóknin einnig gert en hún hefur þróast og skýrst með hverju viðtalinu. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi:

-Hverjar eru forsendur fyrir kennslu og umræðu um jafnrétti, kynfræðslu, klám og kynferðislegt ofbeldi á miðstigi grunnskólans?

Í ritgerðinni mun ég reyna að svara þessari spurningu eftir bestu getu. Niðurstöðu kaflarnir miðast að því að svara spurningunni lið fyrir lið en í lokakafla ritgerðarinnar mun ég leggja þessa spurningu aftur fram og svara henni með því að flétta niðurstöður rannsóknarinnar við fræðileg sjónarhorn.

Fyrri rannsóknir

Rannsóknir hafa verið gerðar þar sem viðhorf unglinga til kynlífs og kláms er skoðað eins og rannsókn Guðbjargar H Kolbeins (2007) „*Pornography and sex among adolescents in Iceland*“ er ein þeirra. Þar var þó annar aldurshópur skoðaður og notast við meginlegar rannsóknaraðferðir. Aldís Yngvadóttir fjallaði um lífsleikni-kennslu á Íslandi í MA ritgerð sinni „*Lífsleikni í grunnskólum –staða og horfur- Rannsókn á kennslu og viðhorfum vorið 2008.*“ Í rannsókninni beitti Aldís bæði meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum en með rannsókninni reyndi hún að kortleggja lífsleikni-kennsluna. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að lífsleikni er kennd að lámarki eina kennslustund á viku og notkun námsefnis er fjölbreytt. Einnig kemur fram að fáir skólar geri lífsleikni-áætlun en Aldís Yngvadóttir (2009) telur að slík áætlun geti stuðlað að markvissari kennslu. Andrea Hjalmsdóttir og Þóroddur Bjarnason rannsökuðu viðhorf ungmenna til jafnréttis í rannsókninni: „*Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil?: Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992-2006*“. (2008). Allar þessar rannsóknir voru mikilvægar fyrir þekkingarsköpun fyrir þennan málaflokk en fjölluðu að mestu leiti um nemendur sem voru eldri en ég fjalla um í þessari rannsókn.

Uppbygging ritgerðarinnar

Þessari ritgerð er skipt upp í 8 kafla sem allir hafa nokkra undirkafla. Í næsta kafla verður farið yfir fræðilegt kynjafræðilegt sjónarhorn rannsóknarinnar. Ég fjalla um kenningar Walby (1990) sem snúa að kynjakerfinu og einnig um kenningu Bourdieu sem snýr að menntun og menningarfræðum. Ég fjalla um kynjuð valdatengsl út frá klámi og tek kenningu Berger (1972) inn í þá umræðu. Farið verður yfir meginhugtök ritgerðarinnar í þessum kafla. Í næsta kafla fer ég yfir aðferðarfræði ritgerðarinnar. Ég notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Ég fer yfir gagnaöflun og segi frá viðtölunum sem bæði voru einstaklingsviðtöl og svo rýnihópaviðtöl við nemendur. Ég geri grein fyrir siðferðislegum álitamálum í þessum kafla og fræðilegu sjónarhorni rannsóknarinnar sem byggist á sjónarmiðsfemínisma. Ég staðset mig gagnvart efni rannsóknarinnar í samræmi við sjónarmiðsfemínismann. Kaflar fjögur til átta eru niðurstöðukaflar rannsóknarinnar og þar verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar, en köflunum er skipt upp eftir þeim rannsóknarinnar. Í fjórða kafla fjalla ég um lífsleikni kennslu, og notast við einstaklingsviðtölin við kennara og rýnihópaviðtölin við nemendur og fjalla um námsgögn sem Námsgagnastofa telur að falli undir lífsleikni-kennsluna. Í kafla fimm fjalla ég um kynfræðsluna og ég notast við einstaklings viðtölin við kennarana og einnig viðtölin við hjúkrunarfræðingana. Ég flétta svo inn í umræðuna viðtölin úr rýnihópaviðtölunum við nemendur og hér er einnig fjallað um námsgögn. Í sjötta kafla fjalla ég um klám og notast ég við einstaklings-viðtölin við kennarana og hjúkrunarfræðingana en einnig rýnihópaviðtölin við nemendurnar. Í sjöunda kafla fjalla ég svo um kynferðislegt ofbeldi, þar notast ég við einstaklingsviðtölin við kennara, hjúkrunarfræðinga og einnig viðtal við talskonu félagasamtakana Blátt áfarm. Ég notast einnig við rýnihópaviðtölin við unglíngana í þessum kafla. Í áttunda kafla fer ég yfir niðurstöður ritgerðarinnar og ræði.

2 Kenningar og skýring á hugtökum og námsgreinum

Í þessari ritgerð var notast við femíniskar kenningar um kynjakerfið en með því að nota það sjónarhorn sýni ég fram á valdamun kynjanna og reyni að sýna fram á hvernig hægt sé að breyta því til hins betra (Andersen, 2009). Ég byrja kaflann á að segja frá námsgreininni lífsleikni og útskýri þá námsgrein út frá aðalnámskrá grunnskóla bæði frá 2013 og 2007. Í næsta hluta kaflans er farið yfir hvað kynfræðsla er, hvað sú fræðsla eigi að fjalla um og lagaákvæði tengda fræðslunni. Næst fjalla ég um femíniskar kenningar. Í fjórða hluta kaflans fjalla ég um kynjakerfið með hliðsjón af kenningum Sylvíu Walby (1990). Ég fer yfir valdasviðin sex sem Walby leggur upp með og útskýri þau. Ég flétta svo inn í umræðuna kenningar Bourdieu (1990, 1997) um menntun og tengi þá umræðu við kynjakerfið. Ég fjalla svo um kynjuð valdatengsl og klám. Ég útskýri hugtakið kynferðislegt ofbeldi og set það í samhengi við kenningar Walby (1990) um kynjakerfið og útskýri klámvæðingu.

2.1 Lífsleikni

Lífsleikni kom fyrst fram á Íslandi í kringum 1990 eftir því sem ég kemst næst en þá var talað um lífsleikni skýrslu menntamálaráuneytisins en þar var fjallað um námsefni frá Lions hreyfingunni sem fjallaði um lífsleikni. Síðan þá hefur verið gefið út talsvert af efni tengdu lífsleikni (Kristján Kristjánsson, 2001).

Árið 1999 gaf menntamálaráðuneytið út nýja aðalnámskrá fyrir grunn og framhaldsskóla. Í þessari aðalnámskrá var lífsleikni gerð að sjálfstæðu skyldufagi fyrir bæði skólastig og átti lífsleiknin sérstakan kafla í aðalnámskránni. Þar kemur fram að lífsleiknin eigi að koma til móts við kröfur um aukið uppeldislutverk skólanna en einnig sé lífsleikninni ætlað að sjá um ýmsa fræðslu sem stendur utan hefðbundinna námsgreina. Einnig kemur skýrt fram í aðalnámskránni að ein kennslustund eigi að fara fram í lífsleikni á viku frá 4. bekk og til loka grunnskóla (1999:5). Einnig er fjallað um að lífsleiknin eigi að efla félagslegan þroska hjá nemendum og hjálpa honum við að takast á við að vera þáttakandi í lýðræðislegu samfélagi. Tekið er fram að með því að gera lífsleikni að sérstakri grein sé verið að svara kalli nútímans um að búa nemandann betur undir að takast á við lífið (1999:5-6). Aðalnámskráin frá árinu 1999 kom út í endurskoðaðri útgáfu árið 2007 en þar kemur fram að aðalbreytingin á greininni sé aukin áhersla á umfjöllun um mannréttindi, borgaravitund, fjármálafræðslu auk náms og starfsvals (Menntamálaráðuneytið, 2007). Í áfangamarkmiðum í lífsleikni við lok 7. bekkjar koma fram mörg mismunandi atriði sem ég ætla ekki að fara yfir lið fyrir lið. Hins vegar kemur fram að nemendur á þessum aldri eigi að vera meðvitaðir um gildi mannréttinda

og jafnréttis og einnig er tekið fram að nemendur eigi að geta gert sér grein fyrir áhættu samfara, neyslu tóbaks, áfengis og annara vímuefna (Menntamálaráðuneytið, 2007:9-10). Frá árinu 2007 hefur ekki komið út sérstök fag-námskrá sem fjallar um lífleiðni. Í aðalnámskrám er fjallað meira um hvaða áherslur eigi að vera í kennslunni og hvaða markmiðum á að ná, en ekki er farið út í ígrundaða umfjöllun um hugtakið. Greinilegt er að fagið er mjög opið og ekki kemur öllum saman um hvað sé mikilvægast að kenna hverju sinni. Ég ætla ekki að fara út í að útskýra hugtakið lífsleiðni en fræðimenn eru ekki á allt sammála um hvað hugtakið merki. Að mínum mati skiptir meira máli fyrir þessa rannsókn að skoða hvað menntamálaráðuneytið telur að sé mikilvægt að farið sé yfir í lífsleikninni í skólum landsins frekar en að skýra hugtakið sem slíkt.

2.2 Kynfræðsla

Í aðalnámskrá grunnskóla 2013 kemur fram að skólinn eigi að vera heilsueflandi umhverfi og þar eigi að hlúa að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættirnir eru meðal annars jákvæð sjálfsmýnd, hreyfing, næring, hvíld, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2013). Í aðalnámskrá grunnskóla kemur ekki beint fram hvað eigi að fjalla um í kynfræðslu og fagið eða fræðslan ekki útskýrð sérstaklega heldur er því samtvinnnað við lífsleiknina en lítið kemur fram hvað eigi að vera búið að fjalla um á þessum aldri í lífsleikninni nema að nemendur eigi að geta gert sér grein fyrir áhættum samfara (Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2007:10). Náttúrufræðin kemur inn á kynfræðsluna en í áfangamarkmiðum aðalnámskrár kemur fram að við lok 7. bekkjar á nemandi að geta fjallað um einkenni og hlutverk kynþroskans. Hann á að getað fjallað um líffærðilegar orsakir á breytingunum sem verða á líkamanum á kynþroskaldrinum og getað beitt hugtökum sem tengjast kynþroskaskeiðinu. Einnig er tilgreint að nemendur á þessu aldurstigi eigi að skilja mikilvægi heilbrigðs lífnis á meðgöngu (Menntamálaráðuneytið, 1999). Það er því greinilegt að kynfræðslan er í höndum margra ólíkra aðila en ekki er fjallað sérstaklega um hlutverk skólahjúkrunarfræðinga í aðalnámskrá grunnskóla.

Kynfræðsla barna er samt sem áður bundin í lög: *Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar 25/1975 og ófrjósemisaðgerðir*. Í 7. grein þessara laga kemur fram að veita skuli fræðslu um kynlíf og siðræði kynlífs á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skuli veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum. Lögin segja til um að veita skuli fræðslu varðandi kynlíf og barneignir en einnig um getnaðavarnir, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um

fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975). Þetta eru einu lögín sem fjalla beint um kynfræðslu.

2.3 Femíniskar kenningar

Femínismi er hreyfing sem á rætur sínar að rekja til í Evrópu um miðja 19. öld og hefur alla tíð barist fyrir réttindum kvenna. Helstu baráttumál hreyfingarinnar framan af var krafa um jöfn stjórnmalaleg réttindi kvenna og þá var krafan um kosningarétt og kjörgengi mjög hávær. Einnig var krafa um jafna möguleika kynjanna á menntun en á þessum tíma voru menntunarmöguleikar kvenna engan veginn sambærilegir menntunarmöguleikum karla. Fyrsta bylgja femínismans gerði margt gott sem viðkemur borgaralegum réttindum (Andersen, 2009; Rannveig Traustadóttir, 2003; Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Nútíma fræðastarf femínista er oftast rakið til annarar bylgju femínismans eða nýju kvannahreyfingarinnar sem hófst upphaflega í Bandaríkjunum og Evrópu upp úr 1960. Þessi nýja kvannahreyfing hefur einnig verið kölluð önnur bylgja femínismans og hugmyndafræði hennar byggist á hugmyndafræði róttæks femínisma. Róttækur femínismi byggir á þeirri hugmyndafræði að konur séu kúgaðar á grundvelli kyns síns og kvennlæg gildi séu ekki metin jöfn karllægum gildum. Róttækur femínismi heldur því fram að kvennlægum gildum sé haldið kerfislega niður og karlælg gildi hagnast á því. Þessi kúgun er falin djúpt í samfélagsgerðinni en hún er bæði tengt einkalífínu og menningunni sjálfri. Önnur bylgja femínismans barðist bæði fyrir réttindum kvenna á opinbera sviðinu en einnig á einkasviðinu s.s. nauðgunum, kynferðislegu áreitni, heimilisofbeldi, klámi og vændi (Andersen, 2009; Rannveig Traustadóttir, 2003; Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Þrátt fyrir að barátta annarar bylgju femínismans hafi byrjað utan háskólanna fóru femínistar í flestum fræðigreinum að beita aðferðum femínismans í fræðastarfi og rannsaka hluti með gagnrýni á ríkjandi kerfi og kröfu um breytingar. Femínistar innan háskólasamfélagsins sóttu stuðning hver í annan þvert á fræðasvið og fljótlega eftir að kvannafræði, sem seinna urðu að kynjafræði, sköpuðust tengsl við fræðastarf ýmissa minnihlutahópa eins og hinsegin fræða og fötlunarfræða (Rannveig Traustadóttir, 2003; Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Með fræðastarfinu hefur mikið áunnist í kynjabaráttunni og einnig hefur skapast þverfaglegt fræðasamfélag sem er afar fjölbreytt og hefur með því skapað mikið af nýrri þekkingu. Femínisk fræði hafa einnig haft mikil áhrif á þróun fræða almennt, með því að spyrja gagnrýnna spurninga og gagnrýna hefðbundið fræðastarf (Rannveig Traustadóttir, 2003). Femíniskar kenningar gagnrýna og storka sitjandi kerfi, fræðin skapa oft á tíðum ólgu innan fræðasamfélagsins vegna þessa en femínistar sem vinna innan fræðasamfélagsins þurfa að takast á við þá ögrun sem fylgir því að

vera í andstöðu við kerfi sem þær vinna innan (Rannveig Traustadóttir, 2003; Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

2.4 Kynjakerfið (e. patriarchy)

Hugmyndir um kynjakerfið komu frá róttækum annarrar bylgju femínistum. Silvia Walby (1990) kom fram með greinagóða kenningu um kynjakerfið í bók sinni *Theorizing Patriarchy*. Þar skilgreinir Walby kynjakerfið sem félagslegt yfirráðakerfi karla. Hún talar um að kerfið sé sögulega mótað og sé orðið hluti af samfélagsgerðinni en valdatengslin séu falin í viðjum samfélagsins. Karlar hafa yfirráð innan kerfisins á kostnað kvenna, konur eru kúgaðar og notaðar af körlum (Walby, 1990:20). Kerfið er félagslegt og það er mikilvægt að halda því til haga, kerfið er ekki náttúrulegt, hlýtur ekki þeim lögmálum og því er hægt að breyta því. Innan þessa félagslega kerfis eru ekki allir karlmenn sem kúga eða allar konur sem verða fyrir kúgun frá einstaka karlmanni. Það er samfélagsgerðin sem kynjakerfið hefur áhrif á og allt samfélagið ýtir undir völd karla á kostnað kvenna (Walby, 1990:21).

Walby (1990) talar um að að þetta séu í raun tvö kerfi, kynjakerfi einkasviðsins og kynjakerfi opinbera sviðsins. Í kynjakerfi einkasviðsins séu konur útilokaðar frá opinberri þátttöku en það kerfi er ekki eins ríkjandi hér á landi eins og það var hér áður fyrr, en fyrirfinnst engu að síður. Auðvelt er að finna samfélög þar sem þetta kynjakerfi er enn ríkjandi. Mikilvægt er að skilja að kerfið er félagslegt og breytist eftir því hvernig samfélagið breytist. Kynjakerfi opinberasviðsins felst í því að yfirráðin byggjast upp á aðskilnaði kvenna og karla og undirskipun kvenna. Það sem þykir kvenlegt er ekki talið vera eins merkilegt og mikilvægt og það sem flokka mætti sem karllægt (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Sex valdasvið kynjakerfisins

Walby heldur því fram að kynjakerfið byggist upp á sex valdasviðum og hér að neðan ætla ég að fjalla um þau. Walby tekur fram að valdasviðið séu sjálfstæð en þau skarist oft á tíðum, eins og sviðið *ofbeldi*, það getur átt sér stað á öllum sviðunum en samt er það sjálfstætt svið. Í umfjöllun minni fjalla ég á grófan hátt um sviðin en hafa skal í huga að þau skarast og eru ekki eins einföld og í umfjölluninni.

Fyrsta sviðið sem Walby nefnir er *atvinnulíf og markaður* (e. *paid employment*) en þar setur Walby umræðuna í samhengi við kenningar og í sögulegt samhengi. Í atvinnulífinu sem er á opinbera sviðinu virðist kynjakerfið virka vel. Karlar eru með hærri laun og eru í háttsettari stöðum innan atvinnulífsins. Þrátt fyrir að konur séu víðast hvar í hinum vestræna heimi með sömu lagalegu réttindin innan atvinnulífsins samt sem áður óútskýrður

launamunur kynjanna talsverður og konur eru sjaldnar í ábyrgðarstöðum. Walby telur að meginástæðan fyrir þessum mun sé að hin hefðbundnu kvennastörf séu lægra launuð en hefðbundin karlastörf. Walby segir einnig að störf kvenna séu minna metin af samfélaginu heldur en karlastörf en bendir einnig á að margir þættir spili hérna inni í eins og pólitík og valdabaráttu. (1990:46-57).

Fjölskylda og heimilislíf (e. household production) var næsta sviðið sem Walby fjallaði um en þessi þáttur er inni á einkasviðinu. Walby fjallar í raun meira um heimilislíf í umfjöllun sinni en bendir á að miklar breytingar hafa orðið á uppbyggingu fjölskyldna í hinu vestræna heimi síðastliðin ár. Þrátt fyrir að konur séu komnar út á atvinnumarkaðinn í miklum mæli breytir það ekki þeirri staðreynd að heimilishald og uppeldi barna er á ábyrð kvenna. Walby segir að ekki sé hægt að útskýra þennan valdamun með náttúrulögmálum heldur sé það kynjakerfið sem viðhaldi þessari hefð (1990:61-89).

Þriðja sviðið sem Walby fjallaði um var *menning* og byrjar hún umfjöllunina á að fjalla um tvíhyggjuna sem finnst víða í menningu okkar og fjallar Walby um hvernig ýtt er undir staðalímyndir strax við fæðingu t.d með klæðaburði ungabarna. Hún bendir á að leikföng séu oft gerð fyrir sitthvort kynið. Hún talar um að strax í æsku fái börn að kynnast því að hlutverk kynjanna séu ólík, mamman inni í eldhúsi og pabbinn að gera við úti í garði. Walby tekur fram að miðlar eins og t.d. sjónvarp ýti undir staðalímyndir kynjanna með því að sýna konur annarsvegar sem kyntákn eða í hlutverki húsmóður á meðan karlar eru sýndir í valdastöðum (1990:91-92). Walby telur að staðalímyndir kynjanna lifi góðu lífi innan menningarinnar þar sem ýtt er undir þær. Hún talar um að allir menningarkimar séu uppfullur af staðalímyndum kynjanna og nefnir tungumálið, fjölmiðla, söguna og umhverfi okkar. Walby fjallar um menntun í tengslum við umræðuna um menningu en ég ætla að gera þeirri umræðu skil í sérstökum kafla og taka þá kenningar Bourdieu sem fjalla um menntun og menningarfræði inn í umræðuna.

Fjórða sviðið er *kynverund (e. sexuality)* en þar er Walby sammála flestum kenningarsmiðum dagsins í dag að kynverund sé félagslega mótuð. Þar talar Walby um að áhrif kynjakerfisins séu greinileg þegar kemur að kynverund og nefnir tekur hún meydóm stúlkna á síðustu öld sem dæmi. Meydómurinn var mikilvægur og ekki þótti það góðs viti að giftast konu sem hafði misst meydóminn. Feður og eiginmenn stjórnðu kynverund kvenna að einhverju leiti á þessum tímum. Walby nefnir einnig hvernig getnaðavarnir og breytingar á skilnaðarlöggjöfum hafa breytt kynverund kvenna (1990:124-125). Kenningar Foucault sem fjalla um menningarlegt taumhald kynverundar og félagslega stöðu þess hafa sýnt fram á

hvernig félagsmótaða gagnkynhneigðin hefur bitnað mikið á konum og einnig samkynhneigðu fólki og það telur Walby að sýni meðal annars hvernig kynjakerfið hefur áhrif á kynverundina (1990).

Fimmta sviðinu *ofbeldi* ætla ég að gera frekari skil á í undirkafla hér að neðan og fjalla þá sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi og tengsl þess við klámvæðinguna. Walby talar um kynbundið ofbeldi og segir hún að karlar séu oftast gerendur og konur oftast þolendur en ýmsar rannsóknir komast að sömu niðurstöðu eins og tölfræði Stígamóta sem sýnir að í 90,6% tilfella var ofbeldið framið af karlmanni (Stígamót, 2013:58). Kynbundið ofbeldi birtist okkur í mörgum myndum og nefnir Walby að heimilisofbeldi, sífjaspell og kynferðislegt áreiti séu dæmi um birtingamyndirnar (1990:128). Walby bendir einnig á að þrátt fyrir að lagalega umhverfið hafi batnað til muna síðastliðin ár hvað varðar kynbundið ofbeldi þá sé samt sem áður langt í land og vandamálið grafið djúpt í viðjar samfélagsins sem sést best á því hvað konur leita sjaldan réttar síns með árangri (1990:149).

Síðasta sviðið er svo *ríkisvaldið* en samkvæmt Walby er flókið að fjalla um ríkisvaldið. Walby (1990) bendir á að ríkisvaldið hafi komið að lagabreytingum sem hafi bætt hag kvenna mikið en einnig hafi ríkisvaldið opnað konum leið frá einkasviðinu og út í það opinbera. Walby bendir samt á að það sé í raun það sem ríkisvaldið hefur gert fyrir konur en að hennar mati er það ekki mikið og þurfti mikla baráttu til að ná þessum réttindum (1990). Kynjakerfið stjórnar ríkisvaldinu en það er ekki náttúrulegumálum samkvæmt karllægt, en þegar ríkisvaldið byrjaði að byggjast upp þá var kynjakerfið við líði líkt og nú og því er allur strúktúr ríkisvaldsins gerður þannig að karlar græða á kostnað kvenna (Walby,1990). Dæmi um hvernig ríkisvaldið hefur áhrif á samfélagið er t.d. hvaða áherslur eru í grunnskólum landsins, það að ekki sé talað um kynferðislegt ofbeldi og hvernig bregðast á við því. Áhrifin sjást einnig í því hve lítil áhersla er á umræðu og fræðslu um klám og skaðsemi kláms. Einnig er merkilegt að skoða hvernig kynfræðsla hefur í gegnum tíðina fengið litla umfjöllun og umræðan um sjálfsfróun stúlkna hefur ekki verið áberandi í gegnum tíðina.

Það er mikilvægt að það komi fram að konur eru ekki fórnarlömb kynjakerfisins heldur eru þær virkir þáttakendur í kerfi sem mismunar kynjunum (1990:125). Einnig eru til karlmenn sem græða ekki á kynjakerfinu. Kynjakerfið er ekki einhver stefna nokkura manna sem vilja konum illt heldur er það kerfi sem viðheldur misrétti kynjanna og er bæði sögulega og menningarlega skilyrt (Walby, 1990).

2.5 Menning og menntun, kenningar Bourdieu og kynjakerfið

Kenningar fræðimannsins Pierre Bourdieu um menntun- og menningarfélagsfræði passa vel inn í þessa umræðu en hann telur að menntakerfi og menningu samfélaga sé viðhaldið af duldrí félagslegri mismunum. Þessi félagslegi mismunur grundvallist af ýmsum félagslegum þáttum eins og efnahag, búsetu, kynþætti og kyni. Samkvæmt kenningu Bourdieu eru ákveðnir hópar sem njóta menntunnar hvað best en hann tekur dæmi um millistéttarfolk sem hefur í gegnum árin bætt menntastöðu sína en er engu að síður í minnihluta þegar kemur að hæstu menntastigunum (Bourdieu, 1990). Hvað fjallað er um í kennslunni og út frá hvaða sjónarhorni telur Bourdieu skipta miklu máli og hann telur að ákveðnir hópar séu gerðir ósýnilegir í kennslunni. Ekki sé fjallað um þá og nemendur sem tilheyra þessum hópum upplifa kennsluna á allt annan hátt en samnemendur þeirra sem tilheyra hópnum sem fjallað er um (1990). Með þessu er skólinn að mati Bourdieu að stuðla að félagslegri mismunum með því að festa í sessi gildi ráðandi hópa samfélagsins á kostnað annarra.

Bourdieu telur að forsenda þess að nota kenningu hans sé að brjóta samfélagsgerðina niður og skoða einn hluta hennar í einu. Hann bendir jafntframt á að yfirvettvangur samfélagsins sé valdavettvangurinn en þar séu völdin og peningarnir. Hann bendir á að þeir sem tilheyri valdavettvanginum eigi auðveldara með að ganga menntaveginum. Þá sé verið að hindra þátttöku minnihlutahópa og því sé samfélaginu stjórnað af ákveðnum hópi (Bourdieu, 1997). Þessi kenning fellur vel við kenningar Walby sem snúa að menntun en þar bendir hún á að kynjakerfið stjórni menntastefnu kynjanna. Stúlkur mennti sig frekar í fræðum sem tengjast kvennastörfum eins og ummönnum á meðan drengir fari frekar í tæknimenntun en samfélagið verðleggi hin hefðbundnu kvennastörf verr en hin hefðbundnu karlastörf og því má segja að kynjakerfið haldi konum í verri stöðu en karlar eru í (Walby, 1990:92). Samkvæmt kenningum Bourdieu talar hann um að yfirráð geti verið dulin rétt eins og Walby (1990) bendir á. Bourdieu telur að þeir sem eru valdaminni sjái það ekki og taki þátt í að halda völdunum á þeim stað sem þau eru af því að kerfið er þannig upp byggt (1997). Þetta hljómar líkt og kynjakerfið en þar er sama sagan að þeir valdaminni viðhalda kerfinu á sinn eigin kostnað en sjá það ekki því kynjakerfið er svo margslungið og rótgróið (1990). Báðar kenningar eiga það sameiginlegt að horfa á samfélagsgerðina eins og hún er raunverulega og reyna að svara því hvers vegna samfélagsgerðin er líkt og hún er. Það er hægt að tengja þessar kenningar við umræðu og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Ef ekki er fjallað um kynferðislegt ofbeldi er hægt að segja að það sé ekki gert því það snertir karlmenn minna en konur og kennslan er karllæg. Þarna er verið að útiloka konur frá umræðunni um

kynferðislegt ofbeldi en ef fræðsla á sér ekki stað er erfitt fyrir konur að vita hver úrræðin eru ef kynferðislegt ofbeldi á sér stað.

2.6 Kynjuð valdatengsl og klám

Kynjuð valdatengsl eru flókin og rótgróið fyrirbæri rétt eins og kynjakerfið og tengist því beint. Í kynjuðum valdatengslum sést valdamunurinn ekki greinilega og konur jafnt sem karlar viðhalda ríkjandi völdum með því að vera hluti af ríkjandi kerfi, kynjakerfinu. John Berger (1972) skrifar um kynjuð valdatengsl í bók sinni *Ways of seeing* en þar fjallar hann um kynjuð valdatengsl út frá sjónarhóli augnaráðsins eða hvernig við horfum á hlutina. Það er auðvelt að nota kenningar Bergers á klám en fyrst ætla ég að útskýra hvað Berger er að tala um í kenningu sinni.

Berger (1972) heldur því fram að sjálfsmynd kvenna byggji á því hvernig aðrir sjá hana og sérstaklega hvernig karlmenn sjá hana. Þeir horfa á útlit hennar og framkomu og á því byggist sjálfsmyndin. Konur spegla sig þess vegna í augnaráði karlmansins ef svo má að orði komast (1972:46). Berger heldur því fram að karlar byrji á því að horfa á konur og meti hana út frá því. Hann telur að öll framkoma kvenna segi til um hvernig hún vill láta koma fram við sig (1972:47). Berger heldur því fram að konur séu með þessu óvirkar á meðan karlar séu virkir. Karlinn horfir á konuna og metur hana út frá því og konan speglar sig í þessu áhorfi og metur sjálfa sig út frá því hvað karlinn sér. Með þessu er konan hlutgerð bæði af karlinum og af sjálfri sér en með því að horfa einungis verður hún að hlut eða sýn (1972:47). Valdatengslin sjást greinilega þegar hlutirnir eru settir upp á þennan hátt en hér sést að konan er undirgefin og valdlaus á meðan karlinn hefur völdin og stjórnar. Það er margt sem herna spilar inn í og hlutirnir ekki eins einfaldir og Berger lýsir en ef við hugsum um það hvernig t.d fjölmiðlar, sjónvarpsefni og klám sýna konur þá er það oftast gert út frá sjónarhorni karlmanns og þótt það sé ekki til staðar þá er það sjónarhorn orðið hluti af sjónarhorni kvenna og þær horfa á sig út frá því og dæma. Diana Russell (1993) útskýrir klám á greinagóðan hátt:

Klám er efni sem sameinar kynlíf og/eða sýnir kynfæri og misþyrmingu eða lítilsvirðingu sem virðist styðja, láta viðgangast eða stuðla að slíkri hegðun (Russell, 1993:3).

Dines (2010) heldur því fram í bók sinni *Pornland. How porn has hijacked our sexuality* að klám sé gert af körlum fyrir karla og það sé auðvelt að sjá hvernig konan er hlutgerð í klámi. Konan í kláminu hefur ekki sérþarfir eða langanir heldur fær karlinn að ráða og gera það sem

hann vill enda sé markmiðið að fullnægja karlmanninum. Í klámi tjá konur sig ekki um sínar þarfir og segja heldur aldrei nei. Þær biðja um meira þrátt fyrir að það sé greinilega verið að fara yfir þeirra mörk.

Í kenningu Bergers (1972) kemur fram að konur séu hlutgerðar. Þær sjást sem óvirkar á meðan karlmaðurinn er virkur gerandi og það sama á við í kláminu, konan er óvirkur hlutur á meðan karlinn er virkur gerandi. Dines (2010) telur að klámið sýni okkur konur sem hlut sem má gera næstum hvað sem er við á meðan karlar eru sýndir sem gerendur. Þeir séu sýndir sem ofbeldisfullir og dýrslegir en það eina sem þeir hugsa um sé að fá fullnægingu og helst yfir konuna. Dines (2010) telur að klám hafi slæm áhrif á bæði kynin en klámið sýnir bæði kynin í röngu ljósi sem ýtir undir staðalmyndir. Dines (2010) talar um hvernig valdatengslin í klámi séu öll á þá leið að karlinn hafi yfirráð yfir konunni. Hún bendir á að klám sé réttlætt af sumum sem segja að klámið sé að uppfylla ákveðna þörf fyrir fantasíum en Dines (2010) heldur því fram að klám sé oft líkara nauðgun frekar en kynlíf og telur að það sé varhugavert. Kynjuð valdatengsl sjást vel í kláminu en einnig er áhugavert að skoða áhrif klámsins. Konur spegla sig í sjónarhorni karlsins og meta sjálfsmýnd sína út frá því eins og Berger (1972) kemst að í sinni kenningu. Konur spegla sig því í klámi og hvernig karlmenn líta á konur þar. Dines (2010:59-64) heldur því fram að klám sé mjög skemmandi fyrir áhorfandann en sérstaklega ef áhorfandinn er ungur drengur. Hún telur að viðhorf drengja til kvenna brenglist en einnig sýn þeirra á kynlíf en klámið sýnir aldrei mistök eða klaufaskap sem á sér stað í kynlífi heldur er konan í kláminu viljug að gera næstum hvað sem er fyrir karlinn, sem ræður ferðinni. Dines heldur því fram að ungir drengir sem byrja snemma að horfa á klám þrói með sér tilfinningalegan doða sem og hún telur að þessi mikla og dýrslega karlmennska sem sýnd er í kláminu sé hættuleg ungum drengjum.

2.7 Klámvæðing

Hugtakið klámvæðing er skilgreining á því þegar klám er orðið hluti af menningu okkar. Það hefur öðlast samþykki innan samfélagsins og því er jafnvel hampað og talið eftirsóknarvert (Sörensen, 2003:1). Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir skilgreindu klámvæðingu í grein sinni „*Að dansa á línunni. Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum*“ (2011). Klám er orðið normaliserað í samfélaginu og það sést hvað helst á auknu framboði á klámi og einnig á aukinni eftirspurn (2011). Við sjáum hvernig klámið er hætt að vera feimnismál og eingöngu fast við blöð og vídeóspólur. Það er orðinn stór hluti af t.d. internetinu og erfitt er að ferðast um internetið án þess að sjá klám (Dines, 2010). Einnig er klám sýnt sem hluti af okkar eðlilega lífi þegar aðalpersónur í vestrænum sjónvarpsþáttum

sjást horfa á klám og tala um klám eins og um eðlilegt áhugamál sé að ræða (Diens, 2010). Klám fær einnig mikla athygli og umfjöllun í fjölmiðlum og er umfjöllunin mun jákvæðari en áður hefur þekkt (Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011). Fjölmiðlar fjalla um klámstjörnur og viðburði tengda klámi eins og að um menningarlega umfjöllun sé um að ræða.

Katrín og Þorgerður (2011) benda einnig á að hlutverk klámsins sé farið að verða meira og sé farið að færa sig út í menningu okkar og verða hluti af henni (2011). Áhrifum klámsins gættir til að mynda í tónlistarmyndböndum og í auglýsingum fyrir tískufatnað. Klámleikonur eru orðnar að stjörnum í hinum vestræna heimi og flest allir miðlar fjalla um eða auglýsa klám á einhvern hátt (Dines, 2010).

2.8 Kynferðislegt ofbeldi og kynjakerfið

Velferðarráðaneyti Íslands skilgreinir kynferðislegt ofbeldi í skýrslu um stefnumótun í málefnum geðsjúkra á Íslandi sem starfshópur á vegum ráðaneytisins gerði árið 1998. Í skýrslunni er tekið fram að margar mismunandi skilgreiningar séu á kynferðisofbeldi og skilgreiningin er í viðtækum skilningi að mati ráðaneytisins:

Allt kynferðislegt samneyti frá káfi yfir í samfarir hvort sem um er að ræða kynfæramök, munnmök eða í endaparm - allt frá því að gerast einu sinni yfir í að standa yfir í mörg ár – allt frá því að vera leyndarmál milli geranda og þolanda yfir í klámiðnað. Gerandi getur verið á öllum aldri, af báðum kynjumog allt frá því að vera nátengdur þolandanum yfir í að vera alls ókunnur. Þolandi getur verið á öllum aldri og af báðum kynjum (Velferðarráðaneytið, 1998. Kafli 5.5.1).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skilgreinir kynferðislegt ofbeldi í viðamikilli skýrslu sem gerð var árið 2002 um ofbeldi og heilsu í heiminum. Í skilgreiningu skýrslunnar er meðal annars talað um að allar tilraunir til að koma á kynferðislegri athöfn í óþökk viðkomandi væri kynferðislegt ofbeldi. Inn í skilgreininguna féll einnig óvelkomið káf og óviðeigandi athugasemdir með kynferðislegum undirtón. Einnig var talað um verslun með kynlíf þar sem þvingunum er beitt. Allar kynferðislegar athafnir féllu undir skilgreininguna og tekið var fram að tengsl geranda við þolanda skipti engu máli. Jafnframt er tekið fram að engin staður, hvorki opinber né í einkaeigu sé til þar sem þessi hegðun er ekki túlkuð sem kynferðislegt ofbeldi (Krug o.fl, 2002:149). Þessar skilgreiningar eru skýrar og segja til um hvernig hugtakið kynferðislegt ofbeldi er túlkað hérlendis og einnig í alþjóðarsamfélaginu.

Ef við tengjum þessar skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi við kenningar Walby verðum við að horfa á kynbundið ofbeldi sem kerfisbundið ofbeldi en ekki ofbeldi milli einstaklinga (1990). Walby tekur það skýrt fram að ekki sé hægt að skilja kynbundið ofbeldi nema horfa til aðgerðarleysis ríkisvaldsins (1990). Með aðgerðarleysi ríkisvaldsins er Walby að benda á að þrátt fyrir löggjöf þar sem ofbeldi varðar við lög sé ríkisvaldið ekki að sinna skildu sinni. Í þessu samhengi er hægt að benda á fræðslu um ofbeldi sem ríkisvaldið sinnir ekki sem skildi og er það dæmi um vanrækslu ríkisvaldsins sem hefur í för með sér að kerfið allt, kynjakerfið, viðheldur kynbundnu ofbeldi innan samfélagsins í stað þess að reyna að sporna gegn því.

3 Aðferðarfræði

Í þessum kafla verður fjallað um aðferðarfræði og fræðilegt sjónarhorn rannsóknarinnar. Ég byrja á að fjalla um rannsóknarsnið rannsóknarinnar en hún byggist á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Næst fer ég yfir gagnaöflunina fyrir rannsóknina en notast var við hálfstöðluð viðtöl og rýnihópaviðtöl við unglina. Ég fer yfir ferli gagnaöflunarinnar, framkvæmd viðtala og úrvinnslu gagna. Í fjórða hluta fer ég yfir réttmæti rannsóknarinnar. Í fimmta hlutanum fer ég yfir siðferðileg álitamál sem tengjast ritgerðinni. Í sjötta hluta fer ég svo yfir fræðilegt sjónarhorn rannsakandans en það byggist á sjónarmiðsfemínisma og staðset ég mig og segi frá mínu sjónarhorni samkvæmt því.

3.1 Rannsóknarsnið og fræðilegt sjónarhorn

Þessi ritgerð er unnin eftir eigindlegum rannsóknaraðferðum. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eiga rætur að rekja til fyrirbærafræða. Aðferðir með eigindlegum rannsóknaraðferðum eru margar og ólíkar en eiga það sameiginlegt að rýna í félagsleg fyrirbæri til þess að skilja þau betur. Fyrirbærafræðin byggir á því að skoða okkur sjálf og upplifun okkar á heiminum. Í fyrirbærafræðinni er gengið út frá því að einstaklingurinn sé menningarlega skapaður og upplifun hans á samfélaginu og samskiptum við aðra móti raunveruleikann (Creswel, 2007).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á því að rannsakandinn fari á vettfang með ákveðna ómótaða hugmynd og safni gögnum. Með gagnasöfnuninni mótast rannsóknin smátt og smátt og skýrist. Rannsakandinn verður að hlusta á svör viðmælanda sinna en einnig hvernig viðmót viðmælandans er á meðan á viðtalinu stendur og hvernig önnur rannsóknargögn fjalla um málið. Aðferðir eigindlegar rannsóknaraðferða geta verið breytilegar og mikilvægt er að rannsakandinn sé opinn fyrir þeim því margt spilar inn í þegar upplifanir og reynsla fólks er til rannsóknar (Berg, 2009).

Í þessari rannsókn notaðist ég við femínískt sjónarhorn. Femínískar rannsóknir ganga út á að gefa okkur innsýn inn félagslega heiminn með þeim tilgangi að hjálpa fólki að skilja kúgandi aðstæður og hvernig hægt er að breyta þeim (Estberg, 2002). Þorgerður Einarsdóttir (2004) bendir á að ef rannsókn á að geta talist femínísk þurfi hún að gagnrýna þau öfl sem viðhalda valdamisræmi og kúgun í samfélaginu og reyna að stuðla að breytingum. Í þessari rannsókn var ég að rannsaka hvernig lífsleikni og kynfræðsla færi fram í 6. og 7. bekk í grunnskólum á Íslandi. Ég veitt jafnréttisfræðslu, klámi og umræðu um kynferðislegt ofbeldi mesta athygli en ég tel að mikilvægt sé að fræða ungmenni um þessi mál til þess að jafnrétti kynjanna verði náð. Ég beitti eigindlegum rannsóknaraðferðum til þess að fá að heyra

viðhorf viðmælanda minna og upplifun þeirra á þessum málum en með því tel ég að hægt sé að fá raunhæfa mynd af því hvernig kennslan fer fram og hvað betur mætti fara. Það er von mín að þessi rannsókn eigi eftir að opna augu fólks og yfirvalda fyrir mikilvægi þess að fræða nemendur um þessi mál. Einnig vona ég að þessi rannsókn sýni fram á hvað betur megi fara í fræðslumálum sem snú að þessum málaflokki.

3.2 Gagnaöflun

Í rannsókninni voru tekin 9 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl, 5 viðtöl við kennara sem kenna lífsleikni í 6. eða 7. bekk, eitt viðtal við lífsleikni-kennara í 8. 9. og 10. bekk og 2 viðtöl við skólahjúkrunarfræðinga sem sjá meðal annars um kynfræðslu í grunnskólum. Ég tók einnig viðtal við talskonu samtakanna Blátt áfram um fræðsluna sem samtökin fara með í nokkra skóla á ári hverju. Með þessum viðtölum fékk ég innsýn í viðhorf fagaðilanna, heyrði upplifanir þeirra, skoðanir á hlutunum og reynslu þeirra á kennslunni, en það er markmið eigindlegra viðtala (Berg, 2009). Ég notaðist við viðtalsramma fyrir viðtölin og voru þeir ólíkir eftir því hvaða viðmælandi átti í hlut (Sjá í viðauka). Sóley S. Bender (2003) leggur mikla áherslu á að rannsakandinn sé sveigjanlegur meðan á viðtölunum stendur og reyndi ég eftir bestu getu að vera það. Ég tók einnig fjögur rýnihóparviðtöl þar sem viðmælendur mínir voru nemendur sem höfðu lokið 8, 9 eða 10 bekk og voru rýnihópaviðtölin gerð til að fá að heyra upplifun nemenda á kennslunni og umræðuefnunum. Ég ákvað að taka viðtöl við nemendur sem höfðu lokið við 6. og 7. bekk og gátu því rætt um reynslu þeirra af kennslunni. Heildarfjöldi viðmælanda var 26 en kynjahlutföllin voru ekki jöfn en ég útskýri ástæður þess hér að neðan. Ég skoðaði einnig námsgögn sem Námsgagnastofnun bendir á að sé námsefni í lífsleikni fyrir nemendur á þessum aldri. Ég skoðaði einnig námsgögn sem ætlað er til kynjafræði-kennslu fyrir þennan aldur en einnig fer ég yfir efni sem er ætlað eldri nemendum en það gerði ég vegna þess að umræður um námsefnið komu fram í viðtölunum. Ég sat einnig áfangann Lífsleikni-sjálfið (Men112F) sem er áfangi innan kennaradeildar Háskóla Íslands sem fjallar um lífsleikni-kennslu í grunnskólum og sat ég áfangann til að fá betri skilning á faginu.

Ferill gagnaöflunar

Fyrsta viðtalið var tekið í nóvember 2012 en það var tekið við umsjónarkennara í 6 bekk og komst ég í kynni við viðmælandann í gegnum vin. Eftir fyrsta viðtalið breyttust áherslur

mínar að einhverju leiti og rannsóknin sjálf fór að skýrast. Ég tók restina af einstaklingsviðtölunum veturinn og vorið 2013 en erfiðlega gekk að finna viðmælendur. Ég sendi mikið af tölvupóstum á umsjónakennara á höfuðborgarsvæðinu sem kenndu 6. eða 7. bekk, en fékk fá svör og þurfti að ganga á eftir þeim en endaði með að taka fimm viðtöl við umsjónarkennar í 6. eða 7. bekk. Ég tók eitt viðtal við lífsleikni-kennar sem kennir 8-10. bekk til að fá að heyra hennar skoðun á lífsleikni kennslunni en hún er frumkvöðull þegar kemur að þessari kennslu.

Í viðtölunum við kennarana kom fram að skólahjúkrunarfræðingar sæju að einhverju eða að öllu leiti um kynfræðsluna sem ég var að spyrja um. Ég ákvað því að taka viðtal við tvo skólahjúkrunarfræðinga. Ég fékk þau viðtöl eftir ábendingar frá vinkonu minni sem er hjúkrunarfræðingur. Ég tók einnig viðtal við talskonu samtakana Blátt áfram en þau samtök sjá um lífsleikni-kennslu í nokkrum grunnskólum á landinu og var viðtalið tekið til að fá að vita meira um þá fræðslu. Allir viðmælendur mínir í einstaklingsviðtölunum voru konur, en samkvæmt starfsmanna-skrá þeirra skóla sem ég skoðaði voru umsjónarkennarar í 6. og 7. bekk aðeins konur. Það sama gildi um hjúkrunarfræðingana en þeir hjúkrunarfræðingar sem ég reyndi að nálgast voru konur. Í einstaklingsviðtölunum við kennarana spurði ég út í kennsluna, hvernig lífsleikni kennslunni væri háttað og hvaða kennsluefni og aðferðir væru notaðar. Ég spurði hvort einhver áhersla væri á umræðu eða fræðslu sem snéri að klámi í kennslu þeirra og hvaða skoðanir þær hefðu á því. Ég spurði hvort kynferðisleg misnotkun væri rædd og að hvaða leiti sú umræða ætti sér stað. Ég spurði einnig um upplifun kennara af þeirri umræðu. Í einstaklingsviðtölunum við hjúkrunarfræðingana spurði ég út í kynfræðsluna sem hjúkrunarfræðingarnir hafa umsjón með, kennsluefnið og þeirra sýn á kynfræðsluna. Ég spurði hvort klám eða kynferðislegt ofbeldi væri til umræðu í kynfræðslutímunum hjá þeim og hver þeirra skoðun væri á fræðslu sem fjallaði um klám og kynferðislegt ofbeldi.

Öll viðtölin voru opin og vildi ég fá einhverja mynd af kennslunni en einnig heyra upplifanir kennarar og hjúkrunarfræðinga á málefninu en opin eigindleg viðtöl eru vel til þess fallin (Berg, 2009). Í ritgerðinni notast ég ekki við nöfn kennara né hjúkrunarfræinga heldur tala ég um kennara 1-6 og hjúkrunarfræðing 1 eða hjúkrunarfræðing 2 þegar ég vitna í viðmælendur mína. Viðmælendum í rýnihópunum gef ég hins vegar skálduð nöfn en mér fannst þessi aðferð gera umfjöllunina skiljanlegri.

Rýnihópaviðtöl við unglunga

Í rannsókninni voru tekin fjögur rýnihópaviðtöl við nemendur sem voru að ljúka við 8. 9. eða 10. bekk þegar viðtölin voru tekin. Rýnihópar eru eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð er til þess að fá betri skilning á reynslu og viðhorfum tiltekins hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni í rannsókninni (Sóley S Bender, 2003). Mér fannst mikilvægt að heyra upplifun nemenda á lífsleikni-kennslunni og kynfræðslunni. Mér fannst mikilvægt að upplifun þeirra á kennsluháttum kæmi fram og einnig skoðun þeirra á umræðuefninu.

Ég valdi að taka viðtöl við unglunga sem höfðu lokið við 6. og 7. bekk og ákvað að taka rýnihópaviðtöl við unglunga sem voru að ljúka 8.-10. bekk þegar rannsóknin var gerð. Ástæðan fyrir aldri viðmælendanna var sú að mér fannst betra að taka viðtöl við unglunga sem voru búnir með 6. og 7. bekkinn og gátu þá sagt mér frá reynslu sinni af kennslunni, hvernig þau sæju að kennslan færi fram og hvort þau hefðu verið of ung í 6 eða 7 bekk til að fá fræðslu um klám og kynferðislegt ofbeldi. Umræðan fór svo um víðan völl og viðhorf þeirra til kláms, klámvæðingar, kynferðislegs ofbeldis og jafnréttismála komu fram.

Viðtölin voru tekin í samstarfi við vinnuskóla ónefnds sveitarfélags og voru viðtölin tekin á vinnutíma unglungana sumarið 2013. Ég kynnti rannsóknina vel fyrir starfsmönnum og sáu starfsmennirnir um að kynna hana fyrir unglingunum og fá áhugasama unglunga í viðtöl. Ég bað um að viðmælendurnir í hverju viðtali væru vinir eða félagar en mikilvægt er að viðmælendur í rýnihópum hafi eitthvað sameiginlegt eins og aldur og kyn en hópur sem er mjög ólíkur innbyrðis er ekki talin vera góður rýnihópur (Sóley S. Bender, 2003) Ég vildi að viðmælendur mínir væru félagar til þess að traust væri til staðar í viðtalinu og viðmælendur gætu sagt sína skoðun án þess að eiga það á hættu að verða fyrir stríðni fyrir vikið. Það gekk eftir en viðtölin voru öll mjög einlæg og viðmælendurnir tóku þau alvarlega.

Viðtölin voru tekin á vinnustað viðmælendanna, í lokuðu herbergi þar sem viðmælendur og rannsakandi sátu í sófum en mikilvægt er að viðmælendum líði vel í viðtalinu (Sóley S Bender, 2003). Ég held að það hafi einnig hjálpað mikið að hafa þetta á vinnutíma. Ég tók þrjú rýnihóparviðtöl sem voru kynjaskipt og eitt viðtal sem var kynjablandað. Kynjahlutföllin voru ekki jöfn en 11 stelpur tóku þátt í rýnihópaviðtölunum og sjö strákar. Skýringin fyrir kynjahlutföllunum var meiri áhugi hjá stelpunum í vinnuskólanum og ég vildi einungis taka viðtöl við unglunga sem höfðu áhuga á að taka þátt í rannsókninni.

Ég var með viðtalsramma fyrir viðtölin sem ég byggði viðtalið upp með en ég var samt sem áður mjög sveigjanleg og leyfði umræðunni sem skapaðist innan hópsins að njóta sín en Sóley S. Bendir (2003) bendir á að það sé mikilvægt þegar viðtöl eins og þessi eiga sér stað. Í

samstarfi við yfirmenn vinnuskólans sem ég vann verkefnið með voru gerðar ákveðnar ráðstafanir ef einhverjum viðmælendanna liði illa yfir umræðuefninu eða ef umræðuefnið kom af stað einhverjum tilfinningum tengdum kynferðisofbeldi eða misnotkun. Oft þegar umræðan snýr að kynferðisafbrotum og nauðgunum geta vaknað upp bældar tilfinningar hjá þolendum og öðrum aðstandendum og það er mikilvægt að ef sú staða kemur upp að fagaðilar ræði við viðkomandi. Yfirmenn vinnuskólans höfðu samband við námsráðgjafa sem var til taks ef einhver viðmælandinn þyrfti á að halda en einnig voru yfirmenn vinnuskólans upplýstir um hvernig ætti að bregðast við og þá hvaða meðferðarúræði væru í boði. Engin af viðmælendunum sýndi merki þess að umræðurnar væru að vekja upp tilfinningar sem þyrfti að meðhöndla frekar. Eftir að viðtölunum lauk ræddi ég við hvern hóp fyrir sig um klám og kynferðislegt ofbeldi en í því spjalli reyndi ég að eyða mýtum sem höfðu komið upp, upplýsa um hvar hægt væri að sækja hjálp eftir kynferðisofbeldi og benti á síður á netinu sem eru hjálplegar þegar kemur að þessum málaflokki.

3.3 Gagnagreining

Viðtölin voru rúmlega 250 blaðsíður en ásamt þeim voru minnisblöð með athugasemdum rannakanda og vettvangsnótum hafðar með í gagnagreiningu. Gagnagreining hófst í september 2013 og lauk henni í desember sama ár. Við gagnagreininguna studdist ég við nálgun grundaðrar kenningar. Í þeirri nálgun er farið yfir ákveðin þrep sem ég fór í gegnum. Fyrsta þrepið felur í sér kóðun með opinni kóðun en þá eru gögnin vandlega lesin og greind í þemu með kóðunarflokkum. Með þessari aðferð gat ég greint gögnin í ákveðin þemu og séð hverjar aðaláherslurnar voru. Ég gat fundið út hvað var líkt og ólíkt í kennslu og upplifun kennara og borið saman við kynfræðslu hjúkrunarfræðingana og upplifun nemenda. Í næsta þrepi fór ég í markvissari kóðun og einbeitti mér að ákveðnu efni eða þema sem ég skoðaði betur og varð seinna að köflum ritgerðarinnar. Viðtölin eru lesin yfir og greind í þemu og aðalatriðin úr hverju viðtali voru tekin saman eftir þessum þemum. Í þriðja þrepinu er farið í öxulkóðun en sú aðferð er notuð til að fá skýra mynd hvernig gögnin passa saman og styrkja niðurstöðurnar. Þessa aðferð notaði ég einnig sem útilokunaraðferð en með þessu móti gat ég auðveldlega séð hvað ætti heima í ritgerðinni og hvað ekki en mikið af upplýsingum komu fram í hverju viðtali og því var mikilvægt að halda mig við ákveðin þemu en ekki fjalla um mál sem aðeins komu upp í einu viðtali (Charmaz, 2006).

3.4 Réttmæti

Creswell (2007) útskýrir 8 aðferðir til að staðfesta niðurstöður rannsókna til að leggja mat á gæði rannsóknarinnar. Hann heldur því fram að rannsakandi eigi að minnsta kosti að styðjast við tvær aðferðir í hverri rannsókn. Ég styðst við þrjár aðferðir í minni rannsókn, sú fyrsta er gagnrýni samstarfsmanna (e. Peer review and debriefing) í meistaranámi mínu sat ég rannsóknarmálstofu í kynjafræði. Í málstofunni skiptast meistaranemar á því að ræða um rannsóknir sínar á gagnrýninn hátt. Ég kynnti rannsókn mína tvisvar sinnum fyrir samnemendum mínum en þá hafði ég rannsóknaráætlun og svo drög af niðurstöðum til skoðunar og fékk uppbygginlega gagnrýni frá samnemendum mínum. Önnur aðferðin sem ég fór eftir var margprófun (e. triangulation) en með þeirri aðferð er Creswell að tala um að rannsakandinn þurfi að beita margvíslegum rannsóknaraðferðum við gagnaöflunina til að fá skilning á efninu út frá ýmsum sjónarhornum. Ég gerði það með því að taka viðtöl við ólíka aðila sem sjá um fræðsluna og svo tók ég einnig rýnihópaviðtöl við nemendur til að fá að heyra upplifun þeirra á kennslunni. Ég rannsakaði einnig kennsluefni og blanda við þessi gögn tölfræði sem styðja við niðurstöðurnar. Þriðja aðferðin sem ég notaði var að gera grein fyrir rannsakanda (e. Clarifying researcher) en í kaflanum *Sjónarmiðsfémínismi og staðsetning rannsakandans* staðset ég mig sem fræðimann, skýri mína stöðu og fer yfir hvernig sú staða getur haft áhrif á rannsóknina.

3.5 Siðferðisleg mál

Í rannsókninni, úrvinnslu gagna og við gerð ritgerðarinnar voru ákvæði sem lúta að rannsóknum í Siðareglum Háskóla Íslands (2003) höfð að leiðarljósi. Tilgangur reglanna er að hvetja rannsakandann til að sinna störfum sínum á vandaðan og árangursríkan hátt. Mikilvægt er að hafa siðferðislegan ramma sem rannsakandinn fer eftir og einnig að rannsóknin sé gerð með heiðarleika í huga og vönduð vinnubrögð. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar eins og reglur um tilkynningarskyldu segja til um.

Siðferðisleg álitamál voru tengd viðmælendum mínum en ég ætla annars vegar að ræða einstaklingsviðtölin og siðferðislegu álitamálin tengdum þeim og svo hins vegar um rýnihópaviðtölin við unglíngana. Þegar kom að einstaklingsviðtölunum þá var tilgangur rannsóknarinnar gerður ljós áður en að viðtalið átti sér stað og einnig var tekið fram áður en viðtalið fór fram lengd þess og framkvæmd. Ég hét öllum viðmælendum mínum fullum trúnaði og nafnleynd og strax við afritun viðtalanna voru viðmælendur mínir nefndir kennari

1-6 og hjúkrunarfræðingur 1-2. Þegar ég vitna í talskonu samtakanna Blátt áfram vísa ég í talskonu Blátt áfram. Ég gef samtökunum ekki leyninafn en ekki var óskað eftir því og það hefði mér þótt gera umræðuna torskildari. Ég gef bæjarfélögum önnur nöfn svo ekki sé hægt að rekja svörin og var það fyrir einhverjum viðmælendum mikilvægt. Allir viðmælendur voru upplýstir um að þeir mættu hætta í rannsókninni hvenær sem er án nokkurra afleiðinga. Ég lét alla viðmælendur hafa upplýsingar um mig bæði netfang og símanúmer og máttu þeir hafa samband hvenær sem er ef einhverjar spurningar myndu vakna.

Rýnihópaviðtölin við unglunga voru flóknari í framkvæmd og þurfti að huga að mörgu í sambandi við siðferðisleg mál. Nemendurnir í rýnihópunum voru börn og samþykki forráðamanna var því mikilvægt en þeir nemendur sem voru spenntir fyrir að taka þátt í rannsókninni fengu upplýst samþykkisblað með sér heim (Sjá viðauka). Á upplýsta samþykkisblaðinu var rannsóknin og markmið hennar útskýrð. Einnig var tekið fram að nafnleynd væri algjör í rannsókninni og hægt væri að hætta við þátttöku hvernær sem er. Forráðamenn þurftu að gefa samþykki með undirskrift en einnig þurfti nemandinn að vera tilbúinn til að taka þátt í rannsókninni. Forsenda þess að fá að taka þátt í rannsókninni var að mæta með undirritað upplýst samþykkis blað. Ég þurfti að huga að því að þolendur gætu verið hluti af viðmælendum mínum og því voru ráðstafanir gerðar í samráði við starfsfólk vinnuskólans eins og ég segi frá í kaflanum um rýnihópinn.

Í viðtölunum varð ég að hugsa til þess að vera ekki dómhörð eða reyna að koma mínum skoðunum um umræðuefnið á framfæri. Í viðtölunum við kennarana varð ég að passa upp á þetta sérstaklega en ég fann oft að kennurunum fannst vandræðalegt þegar í ljós kom að lítil fræðsla ætti sér stað um ákveðin málefni og lét ég mínar skoðanir á því ekki í ljós.

3.6 Sjónarmiðsfeminismi og staðsetning rannsakandans

Sjónarmiðsfeminismi er gagnrýnin kvennapólitísk fræðikenning og tengist sjónarmiðsfeminisminn kynjakerfinu beint (Anderson, 2009). Í þessari ritgerð notaðist ég við sjónarmiðsfeminisma sem þekkingarfræðilegt sjónarhorn. Þorgerður Einarsdóttir (2004) talar um að sjónarmiðsfeminisminn geri ráð fyrir því þeir sem njóti forréttinda sjái þau ekki eða lítið. Hún bendir einnig á að ríkjandi kerfi styðji við ríkjandi forrétindi og völd en það eru karlar sem hagnast á kerfinu, þeirra eru völdin og forrétindin. Karlar skilja ekki kúgun kvenna á sama hátt og konur en geta samt sem áður aukið á skilning sinn með þekkingu (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Sjónarmiðsfeminismi gengnur út frá því að konur jafnt og

karlar viðhaldi kynjakerfinu en konur eru hluti af kerfinu og mótast út frá því. Kerfið gefur samt sem áður konum ekki sömu tækifæri og körlum því þannig er það uppbyggt (Collins, 2000).

Sandra Harding (1996) setti fram hugtakið sterk hlutlægni en með því hugtaki bendir Harding á að fræðimenn hafi ekki greint frá sinni stöðu innan samfélagsins í tengslum við þekkingarsköpun og það gagnrýna sjónarmiðsfemínistar. Þeir leggja áherslu á að þekking sé aldrei hlutlaus og það sé mikilvægt fyrir rannsakandann að staðsetja sig (Ortner, 1972). Ég er sammála því að mikilvægt sé að staðsetja sig innan fræðanna og segja frá sinni persónulegu stöðu og því finnst mér siðferðislega rétt að gera það hér. Ég er kona, háskólamenntuð og í gagnkynhneigðu sambandi. Ég býr í samfélagi sem er undirlagt af klámvæðingu og ég finn fyrir því. Ég hef horft á klám og ég hef fundið fyrir áhrifum kláms á viðhorfum mínum til kynlífs og til líkama míns. Mér hefur verið nauðgað, það gerðist sumarið eftir 10 bekk. Mér var nauðgað af kunningja í heimahúsi. Á þessum tíma hafði ég aldrei átt umræður sem snéru að nauðgunum eða kynferðislegu ofbeldi. Það hafði engin umræða átt sér stað í skólanum mínum eða af hálfu foreldra minna. Ég vissi ekkert um kynferðislegt ofbeldi og þar að leiðandi vissi ég ekki hvert ég átti að leita til að fá hjálp. Í staðinn geymdi ég þetta leyndarmál innra með mér, vanlíðanin varð mikil og skömmin mín. Ég held að margt hefði farið öðruvísi ef ég hefði fengið fræðslu um kynferðislegt ofbeldi en ég hefði kannski leitað mér hjálpar strax og það hefði breytt miklu fyrir líðan mína, hegðun og samskipti við aðra. Ég held jafnvel að ef nauðgari minn hefði fengið einhverja fræðslu á sínum skólaárum hefði ofbeldið jafnvel ekki átt sér stað. Ég veit það ekki en leyfi mér að halda það, en ég veit að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi er mikilvægt.

Ég hef mikla trú á femíniskum fræðum og tel að rannsóknir með femínisku sjónarhorni hjálpi okkur að skilja samfélag okkar og breyta því til hins betra. Ég hef einnig mikla trú á aktívisma þegar kemur að femínismanum til að femínisminn nái settum markmiðum þarf aktívisminn að vera til staðar. Þessi rannsókn verður vonandi til þess að kynfræðsla og fræðsla um kynferðislegt ofbeldi fái meiri athygli.

Hér að framan hef ég fjallað um aðferðarfræði rannsóknarinnar og hvernig gagnaöflun fór fram. Í næstu köflum verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar og eru niðurstöðukaflarnir 4 talsins. Í kafla 5 verður fjallað um lífsleikni kennsluna. Í kafla 6 verður fjallað um hvernig kynfræðslan fer fram. Í 7 kafla verður fjallað um klám og forsendur þess

að umræða og fræðsla sé um klám á þessu aldursbili. Í 8 kafla fer ég yfir hvort forsendur séu fyrir umræðu og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi á þessu aldurstigi.

4 Lífsleikni kennslan

Í þessum kafla ætla ég að fjalla um lífsleikni-kennslu og hvernig kennararnir sem ég tók í viðtöl og nemendurnir í rýnihópunum upplifðu þá kennslu. Ég fjalla um hvernig kennslan er uppbyggð og á hvaða hluti er verið að leggja áherslu á í þessari kennslu. Ég ræði einnig um kynfræðsluna í þessum kafla en sú fræðsla er að einhverjum hluta í höndum skólahjúkrunarfræðinga og í einhverjum skólum sér náttúrufræði kennarinn í skólanum um einhvern hluta kynfræðslunnar. Ég tengi umræðuna við ummæli viðmælenda minna sem eru skólahjúkrunarfræðingar. Ég flétta svo inn í umræðuna ummæli viðmælenda minna úr rýnihópunum.

Árið 1999 gaf menntamálaráðaneytið út veglega aðalnámskrá og þar var námsgreininni lífsleikni gerð góð og skýr skil í sérstökum kafla sem fjallaði um lífsleikni-kennsluna á greinar góðan hátt og tók fram markmið sem ættu að hafa náðs fyrir hvert námsstig (Menntamálaráðaneytið, 1999). Árið 2007 kom þessi kafli út í endurskoðaðri útgáfu (Menntamálaráðaneytið, 2007). Ég sendi í tvígang fyrirspurn á menntamálaráðaneytið þar sem ég spurðist fyrir um hvort kafliinn sem gefin var út árið 2007 væri ennþá til viðmiðunar þegar kæmi að lífsleikni kennslunni en fékk engin svör. Á vef Menntamálaráðneytisins er hægt að nálgast aðalnámskrár og þar er að finna kaflann um lífsleikni og ætla ég að hann sé því enn til viðmiðunar. Í aðalnámskrá 2011 og 2013 er lífsleiknin orðin hluti af öðrum félagsfræði-greinum en fær ekki sérstaka umfjöllun eins og árið 2007. Ég hef til hliðsjónar kaflann um lífsleikni frá árinu 2007 en ég tel að sá kafli sé enn þá í gildi þar sem lífsleiknin hefur ekki fengið sérstaka umfjöllun í síðastliðnum aðalnámskrám. Þar kemur fram að lífsleikni sé sjálfstæð námsgrein í grunnskóla og eigi að hafa ráðstöfunartíma í viðmiðunarstundaskrá fyrir fjórða til tíunda bekk. Í kaflanum er bent á að samkvæmt lögum og ýmsum skuldbindingum þarf ákveðin fræðsla að eiga sér stað innan skólakerfisins sem á ekki endilega heima í almennum kennslustundum. Mannréttindamál, forvarnir og jafnréttismál eru flokkuð sem hluti af þessum málum (Menntamálaráðuneytið, 2007:4). Fjallað er um að uppeldi nemenda sé nú bæði í höndum foreldra og skóla og með lífsleikni-kennslunni sé skólinn að koma til móts við foreldra.

4.1 Námsefni í lífsleikni fyrir miðstig

Hér á eftir mun ég fara yfir námsefni í lífsleikni sem ætlað er fyrir miðstig í grunnskólum á Íslands. Upplýsingar um námsefnið eru teknar af vef Námsgagnastofnunar og taldi ég að allt

námsefni væri að finna þar en fór ekki í frekari leit af námsefni. Námsefnið er fjölbreytt en mikið af því er þverfaglegt sem þýðir að það er hugsað sem kennsluefni fyrir fleiri fög en lífsleikni. Einnig er mikið af námsefninu ætlað fyrir fleiri en eitt menntastig þ.e.a.s yngstastig, miðstig og efsta_stig grunnskólans. Ég ákvað að flokka námsefnið eftir ákveðnum þemum eftir umfjöllunarefni námsgagnsins og fer ég sérstaklega í námsefnið sem fjallar um viðfangsefni þessarar rannsóknar sem er jafnrétti kynjanna, klám og kynferðislegt ofbeldi. Oft fylgdu handbækur og auka efni fyrir kennara með námsgögnunum og tel ég þau námsgögn ekki með en mér þótti nægilegt að nefna námsefnið sem ætlað er nemendum.

Námsgögn sem tengjast heimspeki og rökhugsun voru fjögur talsins. Námsgögn sem tengjast landafræði og umhverfisfræði voru sjö talsins og fjölluðu þau meðal annars um umferðarfræðslu, hjólreiðar og Afríku. Eitt námsgagn tengdist heimilisfræðum og þrjú voru samþættingarnámsgögn og voru þverfagleg. Eitt námsgagn fjallaði um skyndihjálp og eitt um jóga og slökun. Eitt námsgagnið er tölvuleikur sem gengur út á að taka réttar ákvarðanir. Þrjú námsgögn fjölluðu um námstækni og eitt fjallaði um borgaravitund. Þrjú námsgögn fjölluðu um einelti og fjögur fjölluðu um manréttindi en inn í þessum flokki var t.d Barnasáttmáli sameinuðuþjóðanna. Tvö námsgögn fjölluðu um fötlun og önnur tvö um innflytjendur. En þessi málefni eru hluti af jafnréttisumræðunni. Í þessari ritgerð er ég samt að einblýna á jafnrétti kynjanna og umræðu eða fræðslu um það. Mörg þessara námsgagna eru ætluð sem námsgagn fyrir einn til tvo lífsleikni tíma en flest þessara námsefna eru myndbönd, bæklingar og vefsíður. Ég ætla að fjalla næst um kennsluefni í lífsleikni fyrir miðstig þar sem umræðan um jafnrétti kynjanna gæti átt heima.

Námsefni sem fjallaði um lífsleikni

Ég greindi 4 námsgögn sem ég túlka að séu lífsleikni námsgögn þar sem umræðan um jafnrétti kynjanna gæti átt heima. Þessi námsgögn eru einnig þau einu sem ég tel að séu heilsteyptar kennslubækur sem nota má yfir allt skólaárið en samt sem áður eru vinnuhefti hluti af þessu námsefni gæti tekið styttri tíma en heilt skólaár að fara yfir.

Að ná tökum á tilverunni-Breytingar er bók sem byggð er á sjö köflum þar sem fjallað er um unglingsárin, sjálfstraust, tilfinningar, vini fjölskylduna, ákvarðanir og markmið. Smásögur eru í hverjum kafla sem tengist viðfangsefninu en einnig eru hugleiðingar og ábendingar um hvernig má nálgast frekari upplýsingar um ákveðin efni. Bókin var styrkt af Alþjóðahjálparsjóði Lions, Lionshreyfingunni á Íslandi og Námsgagnastofnun. Höfundar eru Gerður Kristný, Guðrún Eva Mínervudóttir,

Hrafn Jökulsson, Pétur Gunnarsson og Sjón. Að auki eru textar eftir ýmsa aðra höfundu. Bókin var gefin út árið 2001 og var einnig gefin út eininga próf, foreldrahandbók og handbók fyrir kennara.

Allir saman er hluti af verkefninu *Að vaxa úr grasi 5*. Gefin voru út fimm vinnuhefti sem eru flokkuð eftir efni og svo kennara mappa. Efnið er í flokki Lions Quest og þarf að sækja sérstakt námskeið til að notast við námsefnið. Efnið kom út árið 2008.

Ertu? Er vinnubók í lífsleikni þar sem fengist er við ýmis mál sem snúa að einstaklingnum, lífinu og tilverunni. Bókin er ætluð til að auka á færni og skilning nemandans um eigið sjálf. Með vinnubókinni fylgja kennsluleiðbeiningar. Höfundur er Aldís Yngvadóttir og kom bókin út árið 2009. Þetta var eina námsgagnið sem lífsleikni kennari sem ég tók í viðtal minntist á að hann notaði í lífsleikni kennslu sinni.

Samvera er 4 hefta verkefni sem skiptist í ákveðin þemu *Ræðum saman, Verum saman í frímínútum, Verum vinir og Vinnum saman í skólastofunni*. Markmið heftanna er að efla samskipti. Gefin var út handbók fyrir foreldra og kennsluleiðbeiningar. Höfundar eru Sigrún Aðalbjarnadóttir og Árný Elíasdóttir og komu heftin út árið 1992 og svo í endurútgáfu árið 2008.

Þetta er námsefnið sem er ætlað fyrir lífsleikni kennslu fyrir miðstig grunnskóla Íslands.

4.2 Lífsleikni kennslan og fyrirkomulagið á kennslunni

Allir viðmælendur mínir sem eru kennarar í 6. og 7. bekk kenna sínum umsjónarbekk lífsleikni og það er fyrirkomulagið sem er hvað algengast í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu á þessu aldursbili að þeirra sögn. Ég byrjaði að ræða fyrirkomulagið við viðmælendur mína og svörin voru mjög opin og átt þeir áttu ekki erfitt með að ræða lífsleiknikennsluna, þeirra skoðun á kennslunni eða fyrirkomulagið. Ég tók strax eftir því að kennarar töluðu um bekkjarfundi þegar ég spurði um lífsleikni kennsluna. Þegar ég spurði kennara 2 hvernig fyrirkomulagið í lífsleikninni væri svaraði hún:

Það eru bekkjarfundir einu sinni í viku fast og það eru svona lífsleikni tímarnir hjá okkur, þannig séð, það eru svona umræðuefni og það er bara gripið svona úr

samfélaginu og rætt eða eitthvað sem er í gangi inn í nemendahópnum eða eitthvað. Einhver erindi sem koma upp frá stjórnendum eða okkur sem okkur finnst mikilvægt að taka upp eða taka á einhverju og þá er það rætt og það er svona lífsleikni kennslan okkar að mestu leiti.

Í þessum skóla er lífsleiknin-kennslan bekkjarfundirnir sem er athyglisvert því samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla:lífsleikni* kemur fram að lífsleiknin eigi að hafa ráðstöfunartíma í stundartöflu (2007:4). Umfjöllunarefnin á bekkjarfundum hjá kennara 2 eru greinilega mjög opin og fara eftir nemendum, skólastjórnendum og svo kennaranum sjálfum og sýnir að þessi kennsla er mjög frjálsgleg. Það er greinilegt að kennari 2 ræðir á bekkjarfundum það sem þykir mikilvægt hverju sinni og reynir að leysa úr vandamálum ef þau koma upp. Kennari 3 var með svipað svar og átti í erfiðleikum með að aðgreina lífsleiknina frá bekkjarfundum:

Já að miklu leiti þá erum við að ræða samskipti og bara allt mögulegt sem þau vilja ræða allt sem okkur dettur í hug og þó svo að það sé föst lífsleikni í stundartöflunni og þau alveg bíða. Megum við hafa bekkjarfund biðja þau um og þó maður hafi verið búin að plana eitthvað annað en maður tekur oft bekkjarfund oft oft í viku sko þó maður stilli ekki upp, við eigum að vera í hring og svona og þannig að allir sjái alla en maður tekur oft svona umræðufund bara í upphafi íslensku tíma eða bara ef einhver kemur grátandi út úr frímínútum þá er lífsleikni í korter þannig að það er ekki bara lífsleikni í þessar 40 mínútur sem er skráð í stundartöflu. Það er alveg nauðsynlegt samt að hafa hana fasta í töflu þannig að maður sinni henni, svo að hún gleymist ekki.

Hérna talar kennari 3 um lífsleikni og bekkjarfundi á víxl og það er greinilegt að kennari 3 gerir sjálf ekki greinarmun á hvort um sé að ræða lífsleikni eða bekkjarfundi eða kallar þessa kennslustund tveimur nöfnum. Það hljómar eins og verið sé að ræða samskipti barnanna sem er vissulega mikilvægt, sérstaklega ef eitthvað kemur upp á. Það er samt augljóst að kennari 3 er með mjög lítinn ramma utan um það sem á að fara yfir í lífsleikni tímunum en henni finnst mikilvægt að leysa ágreining strax og talar um að það sé lífsleikni. Kennara 3 þykir mikilvægt að hafa lífsleiknina fasta í stundartöflu en samkvæmt *aðalnámskrá á lífsleikni* að vera kennd að minnsta kosti einn tíma í viku sem er 40 mínútur. Kennari 5 talar um málið á svipuðum nótum þegar ég spyr hana hvernig fyrirkomulagið sé hjá henni:

Það er hefur verið er mjög mismunandi við höfum sett þetta svona upp sem fasta fundi einu sinni í viku, bara bekkjarfundir og höfum reynt að nota svona lýðræðisform í því að það sé fundarstjóri og að einn sem talar í einu og svona reglur og bara það gengur mis erfiðlega ég er með stuð bekk og það hefur verið mismunandi oft málefni líðandi stundar ef eitthvað kemur upp á

Kennari 5 lýsir lífsleikninni mjög sambærilega og kennarar 2 og 3. Rætt er um málefni líðandi stundar og kennari 5 notar orðið bekkjarfundur í stað lífsleikni þrátt fyrir að ég hafi spurt alla viðmælendur mína út í lífsleiknikennslu. Aftur er augljóst að ramminn er mjög opin og ekkert sérstakt sem er verið að ræða heldur eru umræðuefnin það sem nemendum liggur á hjarta. Kennari 1 minnst ekki á bekkjarfund þrátt fyrir að skipulagið sé svipað og hjá öðrum viðmælendum:

Það eru lífsleikni tímar einu sinni í viku sem er að mínum mati ekki alveg nóg eða það er svo margt sem þyrfti að fara yfir í þessum tímum og einn tími í viku er ekki nóg eða mér finnst við alltaf þurfa að byrja upp á nýtt eða sko og krakkarnir þurfa mikið að tjá sig þannig að þetta er svona sá grundvöllur þar sem þau fá að segja sínar skoðanir og það er bara svo mikilvægt sko margt sem við þurfum að fara yfir en þetta fer oft í svona spjall bara.

Þessi ummæli kennara 1 gefa til kynna að lífsleiknitíminn fari að mestum hluta í spjall og eins og aðrir viðmælendur töluðu um þá var þetta oft á tíðum spjall um líðandi stundir og það sem lá á hjarta nemenda. Kennari 1 talar um að einn tími á viku sé of lítill tími því krökkunum liggi margt á hjarta og nýti þennan tíma til þess að tjá sig og segja sínar skoðanir á hlutunum. Svipuð skoðun kom upp hjá kennara 3 sem minntist á að byrja oft aðra tíma á lífsleikni eða bekkjarfundum og var það gert til að leysa úr ágreiningi innan bekkjarins. Kennari 4 var eini kennarinn sem gerði greinarmun á lífsleiknikennslu og bekkjarfundum:

Þetta er einu sinni í viku eða á að vera einu sinni í viku samkvæmt stundartöflu og bekkjarfundir eiga að vera einu sinni í mánuði sem sagt þar sem við bara ræðum það sem þau [nemendur] vilja ræða um einhver ágreinismál eða svona ef eitthvað kemur upp

Það er greinilegt að kennari 4 er með aðeins skýrari ramma heldur en hinir lífsleikni-kennararnir. Hún lýsir bekkjarfundunum svipað og aðrir viðmælendur og leggur áherslu á að þetta sé tíminn þar sem nemendur ræði hvað þeim liggur á hjarta. Þegar ég spyr hvað sé fjallað um í lífsleiknitímunum heldur kennari 4 áfram:

æ bara svona allskonar bara leiki og svona dæmisögur bara... og ég hef fengið fyrirlesara hérna til okkar bara svona í samstarfi við foreldrana líka og svona eins og kona frá Dale Carnegie, en sko kemur ekki á þeim vegum hún kom til okkar og var bara svona með ýmsa svona hvað varða hópeflinga leiki og þannig eitthvað svona voða skemmtilegt og svo eru þetta bara bekkjafundir, bekkjafundir og bekkjafundir. Koma fram og tjá sig, líka aðeins að efla það og þá svona finnur maður alveg hvernig sjálfstraustið lagast eftir því sem þau þora að standa frammi fyrir hópnum og svoleiðis.

Af þessum ummælum að dæma er fjölbreytt dagskrá hjá þessum kennara sem byggist á leikjum, hópefli og fyrirlestrum. Samstarf við foreldrar er áhugavert og hljómar eins og vel hafi tekist til. Mikil áhersla er á samskipti foreldra og skóla en talað er um að uppeldi nemenda sé í höndum beggja (Aðalnámskrá grunnskóla:lífsleikni) Það er athyglisvert hvað kennari 4 leggur mikla áherslu á bekkjarfundi en af ummælum hennar að dæma eru þeir mjög mikilvægir. Kennari 4 heldur áfram:

Það er svo mikið bara allt og ekkert svona já í rauninni.... Eins og þessar klípusögur [Klípusaga er dæmisaga, notuð til að fá nemendur til að hugsa út í ýmis málaefni] gerist hvað getur þessi gert til að standa á sínu þú veist var gerði hann rétt var brotið á henni af hverju hvað hefði getað verið öðruvísi og... já veit ekki hvað ég get sagt meira... já ég veit það ekki þetta er bara eitthvað svo mikið einhvernvegin allt og ekkert sem við erum að gera og oft hef ég bara leyft þeim aðeins að stjórna hvað er gert sko þannig að hérna... en það er alveg já það er alveg náttúrulega leikurinn finnst þeim skemmtilegastur þegar þau læra í gegnum leik án þess að þau fatti að þau eru að læra það er rosalega algengt...

Kennari 4 undirstrikar að ekki sé ákveðinn rammi um hvað skuli vera fjallað um í lífsleikninni. Í ritgerð Aldísar Yngvadóttur *Lífsleikni í grunnskólum- staða og horfur: rannsókn á kennslu og viðhorfum vorið 2008* (2009) kom fram að lífsleiknikennarar notuðust sjaldan við lífsleikniáætlanir og var ein af niðurstöðum rannsóknarinnar að lífsleikniáætlanir myndu gera kennsluna markvissari. Umræðuefnið er allt og ekkert að mati kennara 4 en samt sem áður tekur hún skýr dæmi um umfjöllunarefni eins og að standa með sjálfum sér. Af ummælum hennar að dæma fara umræðuefnin út um víðan völl og þegar ég spyr nánar út í umfjöllunarefnin svarar kennari 4:

Við erum bara að tala um samskipti og bara þú veist taka ákvarðanir sjálfur láta ekki undan hópþrýstingi standa með sjálfum sér láta ekki undan hópþrýstingi allt þetta. Þetta er það sem ég allavega sé um...

Kennari 4 kemur með mikilvæga punkta sem eru til umfjöllunar í lífsleiknitímum hennar eins og sjálfsákvarðanataka og hópþrýstingur. Krakkarnir fá sjálfir að ráða hvaða umræðuefni eru tekin fyrir sem er bæði jákvætt og neikvætt en myndi að öllum líkindum ekki tíðkast í öðrum greinum sem eru með fastari ramma. Ég spurði fleiri viðmælendur út í umfjöllunarefnin í lífsleiknitímanum og voru svörin alls ekki skýr. Einhverjir kennarar minntust á að mikið væri rætt um einelti og aðrir kennarar töluðu um að efla sjálfstraust nemenda og mikilvægi þess að ræða saman. Kennari 4 var ekki eini kennarinn sem leyfði nemendum að taka virkan þátt í vali á umræðuefni en kennari 2 benti á:

oft kemur þetta frá þeim eða umræðuefni eitthvað sem þau vilja ræða um og þá er það gert þannig að ef það er eitthvað sem þau vilja ræða þá er það gert. Fyrst er oft rætt eitthvað ákveðið svona kannski eitthvað þema en svo er bara hægt að ræða hvað sem er og krakkarnir geta alveg ráðið því eða hvað þeim liggur á hjarta og þá er það rætt þau geta haft samband við mig og látið mig vita hvað þeim liggur á hjarta og svo er það tekið upp á næsta bekkjarfundum.

Með þessum ummælum kennara 2 kemur í ljós að oft eru mál rædd í lífsleikni sem brenna á nemendum. Það er vissulega mikilvægt að samskipti nemenda séu rædd og að þau þjálfist í því að leysa úr vandamálum sínum á milli. Lífsleiknitímarnir virðast sérstaklega notaðir sem bekkjarfundir þar sem ágreiningur innan bekkjarins og hin ýmsu mál sem tengjast bekknum eru rædd. Kennararnir greindu ekki á milli á lífsleikni eða bekkjarfundum, nema kennari 4

sem greindi skýran mun á þessum tímum. Af ummælum kennarana að dæma var ekki fastur rammi utan um kennsluna og umræðuefnin sem átti að fara yfir hverju sinni, og engin kennari sýndi fram á kennsluáætlun fyrir lífsleikni kennsluna eða talaði um að hún væri til nema kennari 6 en hún kennir lífsleikni í eldri bekkjum grunnskólans. Mikilvægi bekkjarfunda er ótvírætt en það er mikilvægt að nemendur fái tíma til að tjá sig og leysa úr ágreiningi en bekkjarfundir hljóma að einhverju leiti líkt og starfsmannafundir á vinnustöðum þar sem starfsmenn fá að pústa og farið er yfir praktísk atriði. Ef námsgögn eru skoðuð sést að til er kennsluefni sem fjalla sérstaklega um samskipti eins og heftin *Samvera* (2008) en þau fjalla einmitt um samskipti nemenda út frá fjórum ólíkum sjónarhornum. Einnig eru til námsgögn sem fjalla um einelti sem ættu heima í þessari umræðu og gæti gert bekkjarfundina markvissari.

4.3 Upplifun nemenda á lífsleikni kennslu

Þegar ég fór að spyrja nemendur í rýnihópunum út í lífsleiknikennsluna í 6. og 7. bekk kom í ljós að þau upplifuðu fæst að einhver föst kennsla hefði átt sér stað á þessum tíma. Þau töluðu flest um að það hefði ekki verið nein ákveðin dagskrá eða skipulag og þetta hefði verið hálfgerður afgangs tími.

Rut : Sko mig minnir að í lífsleikni höfum við verið að fönndra eitthvað eða eitthvað þannig.

Svar Rutar segir okkur að hennar upplifun af kennslunni hafi verið sú að tímarnir hafi verið notaðir í fönndur en ekki í einhverja ákveðna umræðu eða kennslu. Þessi upplifun Rutar var ekki einsdæmi en flestir nemendurnir höfðu svipaða sögu að segja um lífsleikni kennsluna í 6. og 7. bekk. Harpa svaraði spurningunni hvort lífsleiknitímarnir hafi verið markvissir á þennan hátt:

Harpa: Nei sko það á að vera einu sinni í viku en samt er umsjónarkennarinn okkar líka að kenna okkur samfélagsfræði þannig að hann tók alla lífsleikni tímana í samfélagsfræði líka.

Þetta svar Hörpu er að mínum mati mjög athyglisvert. Hennar upplifun af kennslunni var sú að lífsleiknitímarnir fóru ekki í lífsleiknikennslu heldur í að kenna annað fag. Það er nefnilega kennarans að ákveða hvað sé á dagskrá í lífsleiknitímunum og greinilegt að margir

nemendur upplifðu að kennslan færi í önnur fög eða bara í ekki neitt. Svipuð svör komu upp í öðrum rýnihóp:

Eva: Það er mjög oft að ef það er lífsleikni þá er bara kennd frekar samfélagsfræði

Sara: Eða eigum við að fara út eða fara í leiki

Eva: Eða eins og hjá mér þá var sko lífsleiknikennarinn minn umsjónakennarinn minn og hún kenndi okkur líka samfélagsfræði og tók frekar mjög oft þá samfélagsfræði þegar það átti að vera lífleikni gerði eitthvað svoleiðis

Rós: Já eins og okkar kennari var enskukennari og ef við misstum af enskutíma þá var það tekið í lífsleiknitímanum í staðinn fyrir lífsleikni og það aldrei kennt

Þessi svör gefa það skýrt til kynna að nemendurnir upplifðu að kennararnir notuðu lífsleikni tímana fyrir önnur fög. Krakkarnir virtust ósáttir við þetta fyrirkomulag, en hneykslanlegur tónn fylgdi ummælunum. Þessi svör gefa til kynna hvernig lítið er á fagið en það er greinilega ekki jafn mikilvægt fag og önnur fög, en það endurspeglast í því að lífsleiknitímarnir eru nýttir undir aðra kennslu. Kannski er það af því það er auðveldara að mæla kunnáttu nemenda í öðrum fögum með prófum en lífsleiknin er ekki fag sem prófað er úr. Aðalnámskrá grunnskóla bendir á það séu margar leiðir til að meta lífsleikninámið og bendir námskráin á að huglægt mat sé mikilvægt en einnig að hafa verkefni sem gefin er einkunn fyrir (2007:6). Nemendurnir í rýnihópunum minntust ekki á námsmat í lífsleikninni en töluðu um hvernig tímarnir voru oft nýttir til að undirbúa sig fyrir próf í öðrum greinum:

Kalli: Mjög mikið notað fyrir próf eða sko þegar það er að koma próf í öðru

Sara: Ekki próf í lífsleikni heldur próf í ensku þá var lært ensku eða í íslensku

Rós: Það var þú veist nú notum við tímann í þetta ekkert eitthvað prógramm í lífsleikni sem þarf að keyra áfram þú veist eitthvað svoleiðis

Eva: Það var samt alveg prógram í lífsleikni en svo tókum við alltaf yfir annað og hitt gleymdist og það var meira að segja sagt sko um vorið eftir prófin að við vorum það eftir á að við áttum að gera verkefnahefti en við gerðum mjög lítið af því bara æ við náðum ekkert að klára það

Það er greinlegt á þessum ummælum að lífsleiknin var notuð fyrir aðra tíma og krökkunum líður eins og þau hafi verið hlunnfarin. Tímarnir eru notaðir fyrir önnur fög og upplifun nemenda er sú að lífsleiknitímarnir séu notaðir sem upprifjunartímar fyrir próf í öðrum greinum. Rós upplifir að ekkert skipulag hafi verið á kennslunni en Eva upplifði að það hefði verið skipulag en það hefði orðið undir vegna annara faga og gleymst.

Annar stelpu rýnihópurinn kom með merkileg svör þegar ég spurði út í lífsleiknikennsluna:

Lena: Þetta er svona slappa af tíminn ef maður er þreyttur þá er best að leggja sig í lífsleikninni.

Elín: Þetta er svona einmitt slappa af, við megum oft bara gera eitthvað, fara út í leiki eða fönndra eitthvað eða já ekkert eins og hin fögin.

Lena: Þetta er svona ekki læra tími

Af þessum ummælum þeirra Lenu og Elínar er augljóst að þær upplifðu báðar að lífsleikni væri ekki eins og önnur fög. Það þurfti ekki að læra í þessum tímum og tímarnir hljóma meira eins og frjáls tími frekar en kennslustund. Það er greinilegt að þær upplifa ekki að þetta sé alvöru fag og ég held að nemendur finni það ekki upp hjá sjálfum sér heldur skiptir máli hvernig kennarinn lítur á tímana og efnið sem þarf að fara yfir. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að kennslan er með óhefðbundnum hætti í lífsleikninni en eins og kennari 4 bendir á: „*Þau læra í gegnum leik án þess að þau fatti að þau eru að læra.*“ Það er því líklegt að nemendurnir hafi lært eitthvað í lífsleiknitímum án þess að gera sér grein fyrir því. Umræður stúlkanna héldu áfram og minntust þær á að kennarinn byrjaði tímana með því að spyrgja nemendur sína hvað þeir vildu gera. Lítil áhugi var hjá nemendum á að taka þátt í umræðum sem tengdust lífsleikninni og endaði bekkurinn oft á því að spila eða hafa frjálsan tíma. Þetta er merki um að kennari hafi tapað fyrir bekknum en erfitt er að gera nemendur áhugasama um eitthvað sem kennarinn er ekki með fastan ramma eða skipulag utan um.

Það kom ýmislegt fram í viðtölunum þegar umræðan barst að lífsleiknitímum en margir nemendur töluðu um að kennarinn talaði bara um sjálfann? sig. Greinilegat þarf mun skýrari ramma um kennsluna og kennarar þurfa að fá að vita hvað eigi að fjalla um. Rætt var um að oft væru myndbönd sýnd í tímum en lítil umræða um þau eftir á og að það fyrirkomulag að horfa á myndbönd yrði þreytandi til lengdar. Nemendurnir tóku fram að nokkrum sinnum á

þeirra skólagöngu hefðu utanaðkomandi aðilar komið og rætt við þau um eiturlyf annarsvegar og einelti hins vegar og það hefði talsvert mikil áhrif á þau. Eða eins og Harpa segir þegar umræðan berst að utanaðkomandi aðilum sem eru að tala um sína reynslu: „*Já maður tekur þetta meira nærri sér en að fá einhverja bæklinga sko.*“ Þetta viðhorf er ríkjandi meðal rýnihópanna en margir minntust á að oft hefðu þau fengið bæklinga sem þau áttu að lesa en ekki var umræða innan bekkjarins um innihald. Umræðan um bæklingana var í raun eina umræðan sem skapaðist í rýnihópunum um námsefni í lífsleikninni ásamt kvikmyndum sem sýndar voru í líflseiknitímunum.

4.4 Námsefni sem notað er í lífsleikni kennslunni

Ég spurði alla viðmælendur hvort og hvaða námsefni þeir notuðu við lífsleikni kennsluna. Svörin voru ólík en samt sem áður var þráðurinn í þeim öllum að ekki væri heilsteypt námsefni fyrir þennan aldur. Kennari 5 segir:

Sko við erum með svona ákveðið sem við verum að fara yfir samkvæmt námsskrá og svona. Það er ekki til neitt rosalega mikið námsefni svona aðgengilegt þannig, það er til fullt af heilmikið af allskonar og við notum, höfum oft notað reykingarefnið og meira kannski svona í 7 bekk og í 5 bekk er rosalega skemmtilegt námsefni sem við notum eftir Karl Ágúst og Ásdísi Olsen Ég er bara *Ég* heitir það þannig að við tökum það alltaf í námsefni í 5 bekk sko

Kennari 5 minnst á að það sé verið að fara eftir námskrá en samt sem áður minnst hún ekki á hverju sé ætlast til samkvæmt námskrá. Hún talar um að það sé til fullt af námsefni fyrir lífsleikni kennsluna en á erfitt með að benda á námsefni fyrir aldurshópinn sem ég er að spyrja um. Kennari 3 svarar á svipaðan hátt:

Það er nú bara almennt ekki mikið til af námsefni í lífsleikni og þá ekkert eða rosa lítið sem viðkemur eins og kláminu eða þessum kynjavinkli sko ennþá minna. Við eigum það er umferðarfræðsla og í held ég 4 bekk og 5 bekk og það eru reykingarnar og svo eru það öll þessi samskipti sem það er svona kannski þar sem áherslan hefur verið á miðstiginu en það er eitthvað meira á unglíngastiginu um þessi mál en samt.

Þarna hefur umræðan að einhverju leiti snúist um klám og jafnréttismál en samt sem áður er viðhorf kennara 3 að það sé almennt lítið til af námsefni sem tengist lífsleikninni. Mikil áhersla er greinilega lögð á samskipti í 6. og 7. bekk en lítið er til af námsefni sem tengist því að mati kennara 3. Það er einnig athyglisverð afstaða hjá kennara 3 að áætla að meira sé rætt um t.d. klám og jafnrétti á öðrum stigum skólans. Nemendurnir sem ég ræddi við voru ekki sammála því eins og kemur fram seinna í ritgerðinni. Kennari 4 svaraði spurningunni um námsefni svona:

Ég væri til í að það væri, það er auðvitað fullt í boði en ég væri til í að hafa alveg bara pakka þetta er 6. bekkur svona geti þið verið með í kennslunni svona þannig pakka og mér fannst mjög gott sko þegar ég hef verið að kenna í 7. bekk þá notaði ég sko þessa *Ertu?* bókina og sko notaði hana en sko ekkert alltaf en ég gat svona stuðst við hana ef mig vantaði einhver verkefni um eitthvað ákveðið þá gat maður farið í bókina og bara þetta er eitthvað sem hentar vel þetta passar og í 5. bekk notum við hérna *Ég er bara ég* en svo er 6. bekkur svolítið svona svolítið laus við námsefnið en ég væri sko alveg til í að hafa eitthvað til að grípa í

Mér finnst kennari 4 koma með mjög góðan punkt þegar hún segist vilja sérstakan pakka með námsefni fyrir hvern árgang fyrir sig. Mér finnst þessi krafa kennarans alls ekki mikil og tel að námið geti verið mun betra og með fastari ramma ef námsefni væri til staðar. Kennari 4 talar einnig um að mikið sé í boði af námsefni og nefnir dæmi um gott námsefni sem hentar í 5. bekk og svo í 7. bekk og tekur dæmi hvernig hún nýtti námsefnið. Kennari 5 telur að hún sé með námsefni í lífsleiknikennslu sinni:

Ertu svona sjálfstýrkjandi sjálfsstyrkingarefni hefur reynst mjög vel þó maður kannski hafi ekki notað bókina sem einhverja eyðufyllingarbók heldur nota bara efni úr henni og svo er efni eftir æ ég man ekki nafnið á henni en æ hún er með efni um bekkjarfundi sem er gott og svo er ég líka sjálf nota ég mikið hvað á ég að segja ef eitthvað kemur upp á eða eitthvað er í gangi í þjóðfélaginu þá nota ég það með.

Kennari 5 segir að hún sé með tvennskonar námsefni, annarsvegar sjálfstyrkingarbókina *Ertu* og einnig bók sem fjallar um bekkjarfundi. Kennari 5 notar einnig málefni líðandi stunda og það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Kennari 5 hljómar sátt við þetta fyrirkomulag og ég tel að það sé einmitt nauðsynlegt að hafa eitthvað námsefni til að styðjast við. Kennari 5 bætir samt við:

Svo reyndar er vinkona mín er einmitt nýútskrifuð master í hérna sálfræði og hefur verið að vinna mjög mikið með sjálfsmynd og líkamsímynd, stór verkefni og annað og ég hef verið að fá efni frá henni. Við erum einmitt að fara nota það næsta vetur í unglिंगadeildinni sem mér finnst mjög spennandi mér finnst vanta svolítið æ bara námsefni og ef það er til þá bara hérna hvar er það?

Af þessum ummælum kennara 5 má draga þá ályktun að ekki sé nóg námsefni til staðar þegar kemur að lífsleiknikennslunni. Hún fær verkefni frá vinkonu sinni sem fjalla um málefni sem kennara 5 finnst að eigi heima fyrir nemendur sína. Hún sýnir mikla sjálfsbjargarviðleitni og metnað fyrir starfi sínu. Mér finnst einnig athyglisvert að kennari 5 spyr sig hvar námsefnið sé ef það er til en lítil áhersla virðist vera hjá skólayfirvöldum á að kynna nýtt námsefni fyrir kennurum. Það er í þeirra verkahring að nálgast námsefnið hjá námsgagnastofnun og viðmælendur bentu á að skortur á fjármagni væri oft það sem stæði í veg fyrir að nýtt námsefni væri keypt. Þegar ég spyr kennara 1 út í námsefnið var svarið:

Það er sko eiginlega ekki einhver sérstök námsbók í lífsleikninni heldur erum við svolítið að spila þetta eftir eyranu og þú veist fara eftir því sem krakkarnir hafa áhuga á og já eða það sem okkur kennurunum sko finnst mikilvægt eða þannig...

Í þessum skóla er ekki námsefni í lífsleikninni og umræðuefnið er í höndum kennara og svo nemenda. Það er athyglisvert hvað þetta er ólíkt milli skóla og spurningar vakna hvort það sé fyrir bestu fyrir nemendur að kennari fái að mestu leiti að ráða umfjöllunarefnunum. Það hlýtur að vera ólíkt milli kennara hvað þeim finnst mikilvæg umræðuefni og erfitt að halda uppi kennslu heilan vetur með litlar leiðbeiningar og takmarkað kennsluefni.

4.5 Jafnréttismál

Í aðalnámskrá sem gefin var út árið 2013 var lögð mikil áhersla á jafnréttismál en þar er kafla sem fjallar um hvernig jafnrétti eigi að vera haft að leiðarljósi í allri kennslu. Markmið jafnréttismenntunarinnar eru:

...að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (Menntamálaráðaneytið, 2013:21-22)

Það kemur fram í kaflanum að landslög um jafna stöðu kynjanna í samfélaginu séu ein af ástæðunum fyrir mikilvægi jafnréttismenntunarinnar. Það er tekið fram að undir jafnréttismenntun sé nám sem snúi að kyni og kynhneigð einnig er tekið fram að nám eigi að fara fram um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. Einnig er lögð áhersla á félagslegan skilning í því hvað felst í fötlun og skóli án aðgreiningar skal vera að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Tekið er fram að jafnréttismenntun sé víðtæk menntun og bent er á að umræður um mismunandi réttindi eftir aldri og stétt séu mikilvægir punktar sem hægt sé að ræða jafnréttismál út frá. Jafnrétti er eitt af 6 grunnþáttum menntunnar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2013:21). Það er greinilegt að jafnréttismál skipa stóran sess í aðalnámskránni og með því að gera jafnréttismálin að svona stórum hluta af náminu er verið að svara kalli samfélagsins um mikilvægi þessa málaflokks.

Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason gerðu rannsókn sem snéri að jafnréttisvitund 10. bekkinga árið 2008. Þau gerðu rannsókn þar sem breytingar á skoðun 10. bekkinga til jafnréttis var skoðað en þau gátu borið saman viðhorfin frá 1992-2006. Í rannsókninni voru tvær veigamiklar rannsóknir bornar saman en það var rannsóknin *Ungt fólk '92* (Þóroddur Bjarnason og Þólólfur Þórlindarsson, 1993) en sú rannsókn var veigamikil og voru spurningarlistar lagðir fyrir alla 10. bekkinga í íslenskum grunnskólum vorið 1992. Árið 2006 var gerð sambærileg rannsókn *Heilsa og lífskjör skólanema* (Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006). Í báðum þessum rannsóknum voru 10 spurningar sem snéru að viðhorfum þeirra til

verkaskiptingu inni á heimilinu þar sem bæði eiginmaðurinn og eiginkona vinna fullan vinnudag utan heimilsins. Í báðum rannsóknunum var svarhlutfall mjög gott, en í rannsókninni *Ungt fólk '92* var svarhlutfallið 89,3% en í rannsókninni *Heilsa og lífskjör skólanema* var svarhlutfallið 92,4%. Rannsóknin sem þau Andrea og Þórólfur gerðu árið 2008 fólst í því að bera niðurstöður þessara rannsókna saman og niðurstöðurnar voru þær að viðhorf til jafnréttismála voru íhaldssamari árið 2006 heldur en 1992. Á þessu 14 ára tímabili dregur úr jafnréttisviðhorfum um 0,68 stig hjá stúlkum og um 0,48 stig hjá strákam af 10 punkta skala (Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2008: 75-79). Í umræðu kafla rannsóknarinnar kemur fram að það sé greinilegt að jafnréttissjónarmið styrkjast ekki með tímanum ef ekkert er aðgert. Hver kynslóð smitast af umhverfi sínu og byggir sínar skoðanir á því. Tekið er fram að jafnréttisumræðan sé að fá stærri sess í aðalnámskrá grunnskóla en enn sé langt í land í þeim efnum að mati rannsakenda (Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnasson, 2008: 80-82). Greinlegt er að íslensk stjórnvöld eru að reyna að styrkja þennan málaflokk í grunnskólum landsins með því að gera jafnréttismenntun að stórum hluta námsins.

Ég spurði viðmælendur mína út í fræðslu eða umræðu um jafnréttismál í lífsleiknitímum. Einhverjir viðmælenda fannst jafnréttismál mjög mikilvæg á meðan öðrum fannst þessi umræða ekki eins mikilvæg. Kennari 1 kom með góðan punkt þegar ég spurði hana um hvort það væri fjallað um jafnrétti í tímum hjá henni:

Já og nei eða sko við eigum að hafa jafnrétti kynjanna að leiðarljósi í gegnum alla kennslu hjá okkur hvort sem það er í íslensku eða í öðrum fögum en það er kannski auðveldara að segja það en að gera það... Mér finnst sko oft kannski á ég ekki að segja svona en sko oft er þetta voða fallett á blaði en ekki alveg skiljanlegt hvernig við eigum að framfylgja þessu sem sko aðalnámskrá grunnskóla segir til um sko, manni finnst stundum eins og fólkið sem er að skrifa hana fatti ekki að það er ekki alveg æ sko þegar þú ert komin í bekkinn og allir þessir mismunandi einstaklingar mættir þá er erfiðara að gera hlutina en kannski fólk áttar sig á sko, eins og með æ bara við eigum að vera rosa politically rétt eða bara hvað sem snertir krakka sem koma eða sko innflytjendur sko maður er hræddur við að nota sko orð æ þetta er sko flókið allavega...

Kennari 1 talar hérna um að það sé erfitt að fylgja aðalnámskrá grunnskóla og talar um að henni finnist að fólkið sem semur námskráanna geri sér ekki grein fyrir því hvernig hlutirnir virka inn í kennslustofunni. Það er líka merkilegt að engin fræðsla virðist vera um hvernig þessum markmiðum aðalnámsrárinnar skuli framfylgt. Ekkert kennsluefni eða upplýsingar um hvernig væri best að koma jafnréttisumræðunni að í kennslunni virðist hafa staðið til boða fyrir kennara 1. Eygló Árnadóttir (2009) kemst að í ritgerð sinni að lítill áhugi sé meðal kennara þegar kemur að jafnréttismálum og lítið sé fjallað um jafnréttislög eða nýja stefnu í jafnréttismálum meðal kennara.

Kennari 1 tekur dæmi um að orðið innflytjendur sé henni erfitt að nota en hana langi að fjalla um málin á réttan hátt en veit ekki hvernig hún ætti að koma því í kring. Af ummælum hennar að dæma finnst henni framkvæmdin flókin og ég fann greinilega fyrir því að henni fannst hún ekki vera að standa sig í þessum efnum. Kennari 1 hélt svo áfram:

Æ sko það er erfitt að segja, sko í lífsleikninni er þetta alveg eitthvað en sko erfitt að segja með hina kennsluna sko eða æ bara þetta getur verið flókið... En sko jú jú það er alveg rætt sko að æ kannski ekki eins og þú ert að meina sko það er kannski meira verið að ræða fyrirmyndir til dæmis sko og það er oft sko íþróttarfólk og eitthvað svoleiðis sem við tölum um sem eru sko fyrirmyndirnar en það eru líka sko bara tónlistafólk og bara allskonar en æ það er kannski ekki alveg rætt sko staðalímyndir svona sér eða þetta er kannski erfitt að fjalla um sko lítill tími og svona aðrar áherslur svona

Kennari 1 fjallar ekki um jafnrétti kynjanna en á ummælum hennar að dæma er farið yfir bæði karlkyns og kvenkyns fyrirmyndir í íþróttalífinu og í tónlistarheiminum. Ástæðan fyrir því að lítið er rætt um jafnrétti kynjanna er að mati kennara 1 tímaleysi og aðrar áherslur. Mér fannst kennari 1 vera óörugg þegar ég spurði um þessa hluti, eins og ég vildi hanka hana á því að þessi umræða færi ekki fram. Ábyrgðin virðist að miklum hluta vera lögð á kennarana þegar kemur að þessum málaflokki en samkvæmt svari frá kennaradeild Háskóla Íslands er fjallað um jafnrétti í nokkrum námskeiðum í deildinni. Nefndur var áfanginn nám og kennsla: Inngangur og tekið fram að í honum sé sérstaklega fjallað um kynjajafnrétti. Þegar ég spyr kennara 1 nánar út í jafnréttisumræðuna fæ ég þetta svar:

Æ bara það er alveg nógu erfitt að kenna þeim þessi kjarnafög og oft gleymir maður því að jafnrétti eigi að vera æ maður skilur ekki alltaf sjálfur hvað er verið að meina en æ samt auðvitað gerir maður það en það sko er bara meiri pressa á hærri einkunnir en eitthvað annað... eða við erum að bera okkur saman við aðra skóla og það er svolítið kappsmál að fylgja eða þú veist vera jöfn hinum skólunum í kjarnafögunum

Af þessum ummælum að dæma finnst mér eins og kennari 1 sé ekki með það á hreinu hvað sé verið að meina með að jafnrétti eigi að vera í öllu námi. Það hljómar heldur ekki eins og mikil áhersla sé lögð á þetta í hennar skóla og eru kjarnafögin það sem skólinn leggur aðaláherslu á. Af svörum rýnihópana um lífsleikni kennsluna að dæma er er greinilegt að oft eru kennd kjarnafög í lífsleikni ef tími hefur fallið niður í kjarnafagi eða ef próf eru á næsta leiti í kjarnafögunum. Þegar ég spurði kennara 4 út í jafnréttismál var svarið þetta:

Já einmitt sko hérna í þessum skóla erum við með jafnréttisverkefni þarna sem þar sem er verið að pæla svolítið í sem sagt þessu þú veist stráka-hlutvek stelpu-hlutverk og það byrjar markvisst í 4 bekk og það hérna og er svona mest í 4 bekk og hefur aðeins verið haldið áfram ...

Mér finnst athyglisvert að kennari 4 byrjar á að minnst á verkefni sem gert er í 4 bekk. Það er frábært að jafnréttisverkefni séu unnin en það að kennari taki dæmi um nokkra ára gamalt verkefni finnst mér gefa til kynna að ekki er lögð mikil áhersla á jafnréttismál í þessum skóla. Kennari 4 heldur áfram:

En svo náttúrulega núna þegar sko ný aðalnámskrá kemur út þarf eitthvað að hugsa upp á nýtt því þá þarf þetta að vera upp í 1 bekk og til 10 bekk og það verður örugglega tekið í gegn í haust hjá okkur.... En maður pælir oft í þessu sko eins og með krökkunum svona þú veist er þetta virkilega bara þú veist af því þetta er strákur á hann þá bara að hegða sér svona og sko stelpa á hún að vera bara svona og má hún ekki klæða sig svona af því strákur gæti verið nálægt æ bara fara í allskonar svona umræður

Kennari 4 gerir sér grein fyrir að ný aðalnámskrá leggur mikla áherslu á jafnréttismál og heldur því fram að tekið verði á málinu næsta haust. Hún talar um að jafnréttisumræða eigi sér stað í bekknum og er það jákvætt. Kennari 4 talar um að hún þæli oft í þessum málum með bekknum og tekur dæmi um umræðu sem á sér stað innan bekkjarins. Þegar ég spyr kennara 4 nánar út í hverjar ástæðurnar séu fyrir því að jafnréttis umræðan sé ekki markvissari svarar kennari 4:

Það er líka eins og bara ef ég hefði áhuga á þessu og það er þá ég alveg sem er með á þessu en svo kemur næsti kennari á eftir sem fylgir sínum árgangi upp, hann er kannski ekki eins mikið með þessar áherslur, þannig þú skilur þannig að þarf náttúrulega að vera einhverjar sko eitthvað sem maður fylgir. Þetta skal fjalla um á þennan hátt já... það er svona oft það sem vantar eða hvort að þetta sé kannski til og bara gleymist eins og er með lífsleikni efnið fyrir 6 bekk það liggur örugglega einhverstaðar og er til.

Þetta er mjög merkilegt svar. Kennarinn ræður mikið til sjálfur hvað umfjöllunarefnið er í lífsleikninni eins og áður hefur komið fram. Þess vegna getur einn kennari haft gríðarlegan áhuga á jafnréttismálum og lagt áherslu á þau í sinni kennslu en næsti kennari á eftir hefur ekki þann áhuga og sleppir þá jafnréttisumræðunni. Með þessu er verið að mismuna nemendum. Kennari 4 telur að það vanti ramma utan um kennsluna og með ummælum hennar er hægt að lesa út að hún myndi nýta sér það ef rammi væri til staðar. Það er líka merkilegt að kennari 4 telur líklegt að slíkur rammi sé til rétt eins og kennsluefni fyrir lífsleiknikennslu 6 bekkjar en hann er greinilega ekki mjög aðgengilegur né vel kynntur fyrir kennurum. Það er mjög slæmt ef þessir hlutir eru ekki kynntir almennilega fyrir kennurum og námsefni um jafnréttismál ekki aðgengileg. Stór verkefni um jafnréttismál í grunnskólum hafa verið gerð, eins og *Jafnrétti í skólum, það læra börnin sem fyrir þeim er haft*, verkefnið er samstarfsverkefni Félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar, Akureyrarbæjar, Mosfellsbæjar og Kópavogsbæjar. Verkefnið var gert til að auka og efla jafnréttissjónarmið í leikskólum og grunnskólum. Verkefnið byrjaði árið 2008 og árið 2010 skilaði hópur verkefnisins frá sér lokaskýrslu. Vefsíða verkefnisins er ennþá opin og mikið af upplýsingum er að finna á henni (Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, 2008). Í október 2013 var Jafnréttisskóli Reykjavíkur stofnaður en markmið hans eru að skapa vettfang fyrir heilsteyp t jafnréttisstarf í skólum í Reykjavík.

Jafnréttisskóla Reykjavíkur er ætlað að miðla þekkingu á jafnréttismálum til leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar í samræmi við áherslur aðalnámskrá. Þá verður veitt aðstoð og ráðgjöf við skipulagningu jafnréttismenntunar og byggt um netverk aðila sem sinna jafnréttisfræðslu (Reykjavíkurborg, 2013).

Greinilegt er að vilji er til staðar hjá stjórnvöldum og borgaryfirvöldum að halda utan um jafnréttis kennslu og koma til móts við kennara, en reynslan af verkefnum er ef til vill stutt og tíminn verður að leiða í ljós hvort þessi verkefni eigi eftir að skila sér í aukinni og skilvirkari fræðslu um jafnréttismál. Kennari 5 hafði þetta að segja þegar ég spurði út í jafnréttismál og hvernig hún sæi umræðuna fyrir sér:

Það þarf þá að halda því alveg ofboðslega uppi með umræðu nota öll tækifæri sem maður sér maður sér eitthvað í kennslubókum og námsefni eða einhverstaðar og svona og bara benda á það og þú veist það er hægt að nota fjölmiðla ofboðslega mikið til að benda á finnst mér ýmislegt hvað það varðar og eins og ég segi að kynna fyrir þeim að það sé jafnréttisstefna og þau sjá að það er til allar reglur og nær til allra þátta eins og kynna á skemmtunum eða ráð eða stjórnir þar sem er bara reglan að það sé allt sé jafnt og mér finnst það það skiptir máli og það þarf að og líka bara að fræða þau náttúrulega um söguna og hvað er verið að gera hér í skólanum og annarstaðar en það er samt sko þetta síast hægt inn og svo hafa þau lítinn áhuga líka.

Kennari 5 hefur mjög góða sýn á hvernig jafnréttisumræðan eigi að eiga sér stað og fer á flug þegar viðtalið fer að snúast um jafnréttismál sem sýnir áhuga hennar á viðfangsefninu. Að kynna fyrir nemendum jafnréttisstefnu skólans og mikilvægi hennar er gríðarlega mikilvægt og einmitt sýna fram á að þessi umræða á erindi inn í þeirra líf þar sem jafnrétti á að vera hluti af þeirra veruleika hvort sem það er í skólakerfinu eða í tómstundum. Það er samt greinilegt á ummælum kennara 5 að áhuginn er lítill hjá nemendum hvað svo sem veldur því. Kennari 3 var einnig mjög áhugasöm um jafnréttismál, þegar ég spurði hana út í jafnréttismál var svarið:

Já ég er sko femínisti og frá bara örofi alda og maður hefur mikinn áhuga á jafnréttisumræðunni og femínisma og ég hef oft tekið þannig umræður og verkefni og þá er ég með kynjavinkilinn og ég sat í jafnréttisnefnd hjá X til margar ára og svoleiðis og ég hef alltaf gert eitthvað og er rosalega meðvituð þegar við erum eins og að lesa einhverjar sögur og svona þú veist bara þá varpar maður upp svona hugsioð ykkur ef þessi aðili í sögunni væri stelpa eða strákur og svona reyna að opna augun og svona og þau eru rosalega upptekin af sko... Strákar eru ekkert betri en stelpur og stelpur ekkert betri en strákar þau eru mjög mikið að þæla í þannig á miðstiginu skilur þú og þau eru uppfull af réttlætiskennnd fyrir hönd sjálfs síns og annara og svona margir fyrir hönd sjálf sín en líka oft fyrir hönd annara þannig þeim finnst oft alveg finnst oft fátánlegt að ætla öðru kyninu að geta ekki eitthvað sem maður ætlar hinu kyninu og svona skilur þú? Maður spyr sig hvar byrjar þetta að konur séu ekki nógu góðar eða karlar séu betri því á þessum aldri þá þú veist þá er þetta svo fráleitt, af hverju fá ekki konur jafn mikil laun og maðurinn spyrja þau þau skilja þetta ekki og hvað er að ykkur fullorðna fólk og svona þú veist, hvaðan kemur þetta?

Það er augljóst að kennari 3 hefur mikinn áhuga á jafnréttismálum og reynir eftir bestu getu að koma þeirri umræðu að í kennslunni. Hún hefur líka tólin í það en hún er femínisti og er búin að kynna sér þessi mál vel í gegnum tíðina. Að hennar mati eru nemendur á miðstigi fullir af réttlætiskennnd og greinilegt er, af ummælum hennar að dæma, að nemendum hennar finnist bæði kynin búa yfir svipaðri getu og ættu að fá sömu tækifæri. Það er erfitt að greina hvort það hafi breytt viðhorfum nemendanna að hafa femínista sem umsjónarkennara en ef horft er til rannsóknar Andreu Hjálmsdóttur og Þórodds Bjarnarsonar kemur fram að nemendur í 10. bekk árið 2006 voru með íhaldssamari hugmyndir um kynjahlutverk en þau voru árið 1992 (2008). Umræðan barst einnig að því hve erfitt er að vera einn í baráttunni og kennari 3 tók dæmi um að þessi femínisku viðhorf hennar hefðu orðið henni til trafala í vinnunni:

æ þetta er bara þannig að sko eins og hjá mér þá vita sko samstarfsmenn hvar ég stend í mínum skoðunum með sko jafnréttið og bara ég það er alveg skotið á mig og svona allt í léttu en þetta verður þreytt og bara maður hættir að nenna þessu þannig séð eða ég er allavega ekkert sko að nenna því hér inn á vinnustaðnum mínum eins mikið og kannski ég gerði á þínum aldri...

Það er erfitt að heyra þessa upplifun kennara 3, en samt sem áður skil ég kennara 3 vel því góðleg stríðni getur fljótt orðið þreytandi og hefur einmitt þau áhrif að baráttufólk hættir að nenna baráttunni þegar það mætir litlum sem engum skilningi. Þetta er eitthvað sem femínistar eru vanir og verða oft fyrir í sínu daglega lífi. Mörg baráttumál femínista fá á sig þá gagnrýni að baráttan sé óþörf og umræðan sé leiðinleg. Knúz.is birti grein eftir Helgu Þórey Jónsdóttur sem bar heitið *Þetta skiptir ekki máli. Egill Helgason segir það* en greinin fjallar um að margir af valdamestu mönnum íslenskra fjölmiðla finnist ýmis mál sem snúa að jafnréttisbaráttunni ekki þess virði að fjalla um. Þeim finnist umræðan ekki mikilvæg og leiðinleg (2012). Sigríður Þorgeirsdóttir segir í grein sinni *Um meintan dauða feminismans* að það sé skoðun einhverra að femínismi sé leiðinlegur og í raun bara lífsafstaða nokkurra kvenna (2002). Það sem kennari 3 er að lýsa er því ekki einsdæmi og þekkja margir femínistar þetta góðlátlega grín og afstöðuna að málefnið sé leiðinlegt. Kennari 3 heldur áfram:

Mér finnst sko skólastjórnendur verða að vera hvað ætti ég að segja sko mér finnst ekki sko eins og skólayfirvöld séu eitthvað á móti þessu [Jafnréttis umræðunni] en þau verða eða mér finnst þau ekki vera að sýna mikinn skilning eða bara finnst þetta ekki vera mikilvægt eða merkilegt...

Það er alvarlegt að kennari 3 upplifi að skólastjórnendum finnist jafnréttisumræðan ekki mikilvæg eða merkileg en það viðhorf hlýtur að smita út frá sér. Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir (2009) sýnir fram á að viðhorf stjórnenda er mikilvægt þegar kemur að málum sem snúa að jafnrétti kynjanna í ritgerð sinni „Within the Aura of Gender Equality: Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility“ Af ummælum kennara 3 líður henni eins og hún sé ein í baráttunni en það verður fljótt þreytandi og einmanalegt.

Ég spurði rýnihópana út í jafnréttismál og hvort þau mál hefðu verið rædd í lífsleiknitímum hjá þeim og voru svörin flest á þá leið að ekki hefði verið rætt um þessi mál í tímum hjá þeim. Viðmælendur úr rýnihópunum minntust á að félagsmiðstöðin í hverfinu hefði verið með kynningu um jafnréttismál og höfðu einhverjir mætt á þann viðburð. Þegar ég spurði nemendur hvort þau vissu hvað orðið femínisti þýddi voru ekki allir klárir á því en Kalli svaraði: „Ég vissi bara að femínistar hötuðu karla, mér fannst það svolítið skrítið“. Þetta segir okkur að ekki hefur farið fram umræða um femínisma sem fjallað hefur um innihald

hugtaksins femínisti þegar Kalli hefur verið viðstaddur. Þetta rímar við niðurstöður Jakobínu Jónsdóttur (2012) úr rannsókninni „Og er það ekki líka svona öfga oft.“ Upplifun framhaldsskólanema á jafnrétti og femínisma en viðmælendur hennar svöruðu með svipuðum hætti og Kalli gerir þegar spurt var um orðið femínisti. Þegar ég spurði rýnihópana hvort þeim þætti ekki pirrandi að vita ekki hvað orð þýða sérstaklega orð sem eru mikið í samfélagsumræðunni þá játtu þau því og fannst skrítið að vita ekki hvað merking orðsins væri.

Umræðan um jafnréttismál var að mati nemenda ekki mikil. Einhverjir minntust á launamun kynjanna og greinilegt var að einhver umræða hefði farið fram um þau mál í tímum hjá einhverjum þeirra. Þegar ég spurði þau út í þeirra skoðun á jafnréttismálunum kom í ljós að nemendurnir voru flest með mikla réttlætiskennnd og fannst mjög ósanngjarnt að kynin fengju mismikið borgað fyrir sömu vinnu. Aðspurð sögðust þau vera til í að fá meiri fræðslu um þessi mál og að sú fræðsla ætti heima í lífsleiknitímum.

4.6 Samantekt

Það er greinilegt að lífsleiknikennslan er í höndum lífsleiknikennarana og að kennslan er mjög opin og kennararnir ráða að miklu leiti hvað er til umfjöllunar í tímum. Flestir kennararnir sem ég ræddi við um lífsleiknikennsluna töluðu um bekkjarfundir frekar en lífsleiknitíma. Bekkjarfundirnir hljómuðu frekar eins og stöðufundir þar sem ágreiningsmál innan bekkjarins voru rædd. Viðmælendurnir töluðu um að nemendurnir fengju oft á tíðum sjálfir að ráða umræðuefnunum og upplifun mín var sú að kennslan er ekki í föstum skorðum. Kennari 4 var eini viðmælandinn sem gerði greinarmun á bekkjarfundum og lífsleiknitímum en haldnir voru bekkjarfundir einu sinni í mánuði en lífsleiknitímar voru 3. Engin viðmælenda var með skýran ramma fyrir lífsleiknikennslu vetrarins eða minntist á ákveðin þemu eða verkefni sem bekkurinn hafði farið yfir. Náms efni fyrir lífsleiknitímana var af skornum skammti en kennararnir töluðu flestir um skort á náms efni og/eða lítið aðgengi að því. Nokkrir kennarar voru með náms efni fyrir 6 bekk en það var eitthvað sem lauslega var stuðst við. Meirihluti efnis sem fjallað var um í lífsleiknitímum kom frá kennurunum sjálfum og var þá litað af áhugasviði kennarans. Rýnihóparnir voru sammála um að lítil kennsla hefði átt sér stað í lífsleiknitímum þegar þau hefðu verið í 6. og 7. bekk. Einhverjir í rýnihópunum töluðu um að lífsleiknin hefði verið notuð fyrir kjarnafög og lítil lífsleiknikennsla hefði átt sér stað. Rýnihóparnir töluðu um að lífsleiknin hefði verið afslappaðir tímar þar sem föndur og slökun hafi einkennt tímana. Greinilegt var á rýnihópunum að þeim fannst lítill metnaður fyrir

lífsleikni kennslunni og fagið ekki jafn mikilvægt og önnur fög en þeim leið mörgum eins og þau hafi verið hlunnfarin í lífsleiknitímum.

Ekki var lögð mikil áhersla á jafnréttismál að mati kennarana, þrátt fyrir að aðalnámskrá grunnskóla 2011 leggi mikla áherslu á þennan málaflokk. Kennararnir áttu erfitt með að svara hvort einhver kennsla eða umræða færi fram um jafnréttismál en mismunandi var, eftir áhuga viðkomandi kennara, hvort þessi málaflokkur þætti mikilvægur. Umræðan um kennsluefni og hvernig jafnréttisumræðan gæti fléttast inn í kennsluna kom upp og greinilegt er að það vantar talsvert upp á áður en hægt verður að fara eftir aðalnámskránni. Rýnihóparnir könnuðust ekki við að einhver kennsla eða umræða um jafnréttismál hafi farið fram í lífsleiknitímum í þeirra skólum. Það er því greinilegt að lífsleikni í 6. og 7. bekk er mjög frjálst og það er kennarans að ákveða hvert umfjöllunarefnið er hverju sinni.

5 Kynfræðsla og kynþroskafræðsla.

Í aðalnámskrá grunnskóla 2013 er kafli sem heitir heilbrigði og velferð og er þar meðal annars fjallað um kynheilbrigði. Þar segir meðal annars:

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Mennta og menningarmálaráðaneyti, 2013).

Það er greinilegt að kynfræðsla er ekki dregin neitt sérstaklega fram í dagsljósið en engin sérstakur undirkafla snýr að kynfræðslunni og ber tilvitnunin hér að ofan merki þess að mörg mikilvæg málefni sem snúa að heilbrigði og velferð eru sett undir einn hatt og ekki fjallað um þau neitt sérstaklega. Það kemur fram seinna í sama kafla að kennarar skulu vinna náið með heilsugæslu, foreldrum og aðilum úr nærumhverfi til að ná settum markmiðum (Mennta og menningarmálaráðaneyti, 2013). Sú upplifun sem ég fékk í gegnum viðtölin var sú að skólahjúkrunarfræðingar sjái að mestu leiti um kynfræðsluna í 6. bekk. Viðmælendur mínir sem voru hjúkrunarfræðingar vildu meina að þær sæju um kynþroskafræðslu í 6. bekk en kæmu samt inn á kynfræðsluna. Hjúkrunarfræðingur 1 útskýrir að kynþroskafræðslan fjalli að mestu um breytingarnar sem fylgja kynþroskanum á meðan kynfræðslan fari meira út í samskipti kynjanna og umræður um kynlíf.

Ég tók því viðtöl við tvo skólahjúkrunarfræðinga eins og ég hef áður greint frá. Ég fann fyrir miklum mun á viðbrögðum hjúkrunarfræðingana annars vegar og svo kennaranna hins vegar. Viðmælendur urðu vandræðalegir þegar ég spurði um klám og kynferðislegt ofbeldi. Viðmælendurnir roðnuðu, hikuðu og fannst umræðan greinilega oft á tíðum vandræðaleg og óþægileg. Viðbrögð skólahjúkrunarfræðinganna voru önnur, en þeir höfðu betra vald á hugtökum eins og sjálfsfróun, kynlífi og kynferðislegu ofbeldi. Að mínu mati eiga hjúkrunarfræðingarnir auðveldara með að ræða þessa hluti við mig en kennararnir og gæti það stafað af ólíku námi.

5.1 Námsefni fyrir kynfræðslu og kynþroskafræðslu

Hér fjalla ég um námsefni fyrir kynfræðslu og kynþroskafræðslu. Ég leitaði á vef Námsgagnastofnunnar og fann þar þrjú dæmi um námsgögn tengdri kynfræðslu fyrir 6 og 7.bekk. Ég ætla að fjalla ítarlega um þetta efni en það tengist rannsókn minni beint en þetta er námsefni þar sem umfjöllunarefnið klám og kynferðislegt ofbeldi ættu rétt á sér.

Forfallakennarinn er fræðslumynd þar sem fjallað er um kynlíf og helstu atriðin í tengslum við kynþroska, kynlíf og kynheilbrigði. Höfundur er Ásdís Olsen. Myndbandið er í 6 hlutum sem eru flokkaðir eftir þemum og eru þau eftirfarandi:

Kynþroskinn

Stelpur verða konur

Strákar verða karlar

Sjálfsmyndin

Samskipti

Kynlíf

Í hverjum hluta er fjallað um þemað sem við á og er það gert með þeim hætti að leikkona er fengin til að leika forfallakennara sem kennir kynfræðslu. Hún talar við bekkinn og fær leiknar spurningar og athugasemdir frá bekknum. Fyrsta myndbandið byrjar á því að forfallakennarinn útskýrir að umsjónarkennarinn hafi ekki treyst sér í þessa umræðu og því sé hún komin til að kenna kynfræðsluna. Þessi ummæli gefa skýrt í ljós að umræðuefnið sé vandræðalegt og hlægilegt. Öll myndin er í hálfgerðum grín stíl en forfallakennarinn talar mjög opið en háðslega um kynfræðsluna, gerir mikið grín og styrkir frekar mýtur um efnið en að afbyggja þær. Hún kynnir kynfærin, bæði typpi og píku, með miklum fagnaðarlátum. Hún kallar nemendur sína elskurnar sínar, krúttin sín og verður kynferðislega örvuð þegar hún nuddar eyrnasneplana á sjálfri sér. Þó koma margir góðir punktar fram í myndunum eins og að typpi og píkur séu í mörgum stærðum og gerðum, að sjálfsmyndin sé mikilvæg og að sjálfsfróun sé mikilvægur partur af kynlífi bæði fyrir stelpur og stráka (Námsgagnastofnun 2008,a). Ekki er fjallað um klám eða nauðganir í myndinni. Þrátt fyrir að margir góðir punktar

komifram í myndinni er hún samt sem áður mjög athyglisvert efni og ég myndi tæplega flokka þessa mynd sem kennsluefni. Umræða um myndina kom upp í einum af rýnihópunum og var greinilegt á viðmælendum mínum að dæma að þeim fannst þessi mynd lélegt grín.

Kynfræðslutorg- Vefur fyrir kennara. Vefur sem geymir fræðsluefni sem er á rafrænu formi og er ætlað til kynfræðslukennslu. Á vefnum er að finna forfallakennarann en það er í raun eina efnið sem ætlað er fyrir miðstig (Námshagstofnun, 2008,b). Vefurinn hefur að geyma meira efni en það efni er ætlað eldri bekkjum grunnskóla eða framhaldsskóla og er því ekki fjallað um það hér.

Kynfræðsluvefurinn er fræðslu- og námsvefur þar sem fjallað er á skýran og myndrænan hátt um helstu atriði í tengslum við kynþroska, kynlíf og kynheilbrigði. Höfundur er Margrét Júlía Rafnsdóttir og var vefurinn opnaður árið 2008 (kynfræðsluvefurinn, 2008,c). Vefurinn skiptist í 7 kafla sem heita eftirfarandi: Kynþroski, líkaminn, barneignir, kynlíf, varnir, heilbrigði og svör. Allir kaflarnir hafa undirkafla sem útskýra betur innihald kaflans (kynfræðsluvefurinn, 2008,d). Á þremur stöðum eru hreyfimyndir í köflunum sem sýna á sjónrænan hátt breytingarnar sem eiga sér stað við kynþroskaskreiðið (kynfræðsluvefurinn, 2008,e) og hvað gerist frá getnaði til fæðingar ef þungun á sér stað (kynfræðsluvefurinn, 2008,f). Hægt er að hlusta á allt efni vefsins og kaflinn „Svör“ svarar 32 algengum spurningum sem snúa að kynþroskanum, kynlífi og öllu sem því tengist (Kynfræðsluvefurinn, 2008,g). Vefurinn er vandaður og mjög aðgengilegur fyrir nemendur að mínu mati. Auðvelt er að hlusta á fróðleikinn og einnig eru hreyfimyndirnar sniðugar. Klám er skilgreint í einu svaranna en það er eina umræðan um klám á vefnum. Ekki er minnst á kynferðislegt ofbeldi eða nauðgun, en sífjaspell er skilgreint.

Heilsuvefurinn 6H var ekki til umfjöllunar hjá námshagstofnun en hann er samt sem áður aðalnámshag skólahjúkrunarfræðinga samkvæmt viðtölunum. Á vefnum 6H.is er að finna mikinn fróðleik um heilsuna og byrjar síðan á að skipta fróðleiknum upp í 3 flokka, einn fyrir foreldra, annan fyrir unglínga og þriðja fyrir börn. Í foreldrakafnanum er fjallað um fjölbreyttan fróðleik um heilsu barna og unglínga sem ætlaður er foreldrum en þar má meðal annars finna fróðleik um tannvernd, bólusetningar og jákvætt uppeldi. Í kaflanum eru fjölmargir undirkaflar og einn af þeim fjallar um kynheilbrigði. Í þeim kafla er hægt að nálgast bæklinginn *Samskipti foreldra og barna um kynlíf* en bæklingurinn var gerður af þeim

Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, Guðbjörgu Eddu Hermansdóttur og Sigurlaugu Hauksdóttur. Bæklingurinn er ætlaður foreldrum og forráðamönnum þar sem meðal annars er fjallað um hversu mikilvægt það er að fræða börn og unglunga um kynlíf. Þar er fjallað um þroska barna á mismunandi aldurstigum og bent er á ýmsar leiðir hvernig foreldrar geta rætt um kynlíf við börn sín (Landlæknisembættið, 2006).

Einnig gáfu sömu höfundar út bæklinginn *Kynlíf- Unglingar* á sama tíma árið 2006 og komu sömu aðilar að þeirri útgáfu. Sá bæklingur fjallar um kynlíf unglunga og á að svara ýmsum spurningum sem gætu komið upp og tengjast kynlífsumræðunni. Farið er yfir bæði góðar og slæmar hliðar kynlífs og hvar megi afla sér frekari upplýsinga sem tengjast kynlífi unglunga (Landlæknisembættið, 2006). Bæklingurinn *Kynlíf- Unglingar* er ekki á síðu 6H.is og ekki er fjallað um klám í þeim bæklingi, en þó minnst á nauðganir.

Á vefsvæði 6H er unglingakafli en ekki er skilgreint fyrir hvaða aldur þetta efni hæfi en ég ætla engu að síður að fjalla um það hér. Í unglingakaflanum á vefsíðunni 6H.is er fjallað um kynheilbrigði og fær sú umræða heilan kafla en þar segir orðrétt:

Kynheilbrigði er það að lifa heilbrigðu kynlífi. Heilbriggt kynlíf er mikilvægt fyrir alla einstaklinga. Það felur meira í sér en það að nota getnaðarvarnir og vera laus við kynsjúkdóma. Það er líka kynheilbrigði að geta talað saman um kynlíf og ábyrgð í kynlífi. Kynheilbrigði er að vera andlega, líkamlega og tilfinningalega viss um að hvað þú vilt og þarfnast í kynlífi.

Á eftir koma svo 7 ráð til unglunga sem hafa skal í huga þegar unglingar byrja að huga að kynlífi eins og að leita sér heimilda um kynlíf og að þekkja sjáfan sig (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, a). Í kaflanum um kynheilbrigði eru 7 undirkaflar sem ég ætla að fjalla stuttlega um hér:

Kynþroskinn þar er fjallað um kynþroska stráka og stelpna. Farið er yfir hvað gerist og hvers vegna. Ýmsum spurningum um kynþroskann er svarað og fjallað er sérstaklega um blæðingar og hvað er satt og ósatt þegar kemur að þeim (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, b).

Kynhneigð: Í þessum kafla er fjallað um kynhneigðir; gagnkynhneigð, samkynhneigð og tvíkynhneigð. Í kaflanum er fjallað um hvernig er að koma úr skápnum og samtökin 78 kynnt (Heilsugæsla höfuðborgarins, 2009, c).

Sjálfssfróun: Í þessum kafla er fjallað um sjálfssfróun, ýmsum spurningum um sjálfssfróun svarað og þar er að finna sjálfspróf sem tekið er á netinu þar sem hægt er að athuga þekkingu á sjálfssfróun. Prófið gengur út á að eyða mýtum um sjálfssfróun en um leið og þú klikkar á vitlaust svar birtist rétt svar og smá umræða um það (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, d).

Sambönd: Í þessum kafla er fjallað um sambönd. Farið er yfir hvað sambönd merkja og farið er yfir ýmsar skilgreiningar á hugtökum eins og kossu, kynmökum og skírlífi (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, e).

Kynsjúkdómar: Í þessum kafla er fjallað um kynsjúkdóma; hvernig þeir smitast, hver einkennin eru, hvernig hægt er að koma í veg fyrir kynsjúkdóma og hvert á að leita ef grunur vaknar um smit á kynsjúkdómum (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, f).

Getnaðarvarnir: Í þessum kafla er fjallað um ýmsar getnaðarvarnir, hvernig þær virka og hverjar aukaverkanirnar eru. Einnig er farið yfir spurningar og svör sem fjalla um getnaðarvarnir (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, g).

Þungun: Í þessum kafla er fjallað um þungun. Farið er yfir einkenni og val stúlkna sem eru þungaðar og tengdum spurningum er svarað (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, h).

Heill kafla fjallar um ofbeldi á síðu 6H, en þar er fjallað um ofbeldi á mjög ígrundaðan hátt. Farið er yfir ýmis form ofbeldis og hvert skal leitað ef grunur leikur á ofbeldi eða ef lesandinn sjálfur hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, i). Tveir undirkaflar fylgja kaflanum um ofbeldi. Annar fjallar um kynferðisofbeldi en þar er fjallað um hvað kynferðisofbeldi sé og birtingar þess. Talað er um að kynferðisofbeldi sé aldrei leyndarmál og einnig er fjallað um hvert skuli leita ef grunur leikur á kynferðisofbeldi eða ef maður er sjálfur að glíma við ofbeldi. Einnig er fjallað um líðan þolanda (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, í). Hinn undirkaflinn fjallar um nauðgun og þar er farið yfir hvað nauðgun er, hvernig þolanda líður og hvar er hægt að leita sér hjálpar. Fjallað er um neyðarmóttökuna og farið er yfir hvað gerist þegar á neyðarmóttökuna er komið. Spurningum um nauðganir er svarað (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009, j).

Vefsíða 6H heilsunnar er einnig með svæði fyrir börn en ekki er fjallað sérstaklega um það svæði enda tengist það ritgerðinni ekki beint. Í kaflanum er meðal annars farið yfir sjálfsmynd og mikilvægi þess að hafa góða sjálfsmynd (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009,k). Einnig er rætt um ofbeldi bæði milli vina en einnig er farið út í umræðu um heimilisofbeldi (Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, 2009,l). Það mætti því segja að í barnakaflanum sé byrjað að ræða hluti sem auðveldlega er hægt að byggja frekar á þegar barnið fer inn á táningsárin.

Myndin *Fáðu Já* kom til tals sem kennslufni og þá sérstaklega hjá rýnihópunum, en flestir viðmælendur mínir höfðu séð myndina og minntust á hana þegar umræðan barst að kynfræðslufni. Myndin *Fáðu já* er hluti af verkefninu Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum sem ég fjalla um hér á eftir. Myndin var sýnd í flestöllum efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum landsins, hún er aðgengileg á vefnum og einnig voru gefnar út leiðbeiningar sem ætlaðar eru foreldrum og kennurum (Velferðarráðuneytið, 2013). Myndin er 20 mínútna löng og leggur áherslu á að skýr mörk eru á milli kynlífs og ofbeldis. Í myndinni er reynt að útskýra hvað klámvæðing er og hvernig áhrif hún getur haft á samfélagið og viðhorf okkar. Myndin reynir að eyða ýmsum mýtum og leggur áherslu á mikilvægi sjálfsvirðingar þegar kemur að samskiptum (Fáðu já, 2012).

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum er verkefni sem fór af stað árið 2012 þegar stjórnvöld skrifuðu undir samning Evrópuráðs um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misbeitingu barna en sá samningur var samþykktur árið 2007. Innanríkisráðuneytið, mennta og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið gerðu með sér samning í kjölfarið sem snéri að vitundarvakningunni. Árið 2013 var ákveðið að andlegt og líkamlegt ofbeldi yrði einnig hluti af verkefninu (Velferðarráðuneytið, 2013) Myndin *Fáðu já* var aðeins einn hluti verkefnisins en verkefninu lýkur í lok árs 2014 og þá verður hægt að skoða betur hvaða áhrif Vitundarvakningin hafði.

5.2 Fræðsla hjúkrunarfræðinganna

Mér varð það strax ljóst að kynfræðslan eða kynþroskafræðslan eins og einhverjir viðmælendur mínir kölluðu hana var í höndum margra ólíkra aðila. Aðaláherslan var engu að

síður á fræðsluna sem skólahjúkrunarfræðingarnir veittu en þeir koma með fræðslu í 6.bekk.. Þegar ég spyr hjúkrunarfræðing 2 hvað sé fjallað um í kynþroskafræðslunni segir hún:

Sko við förum bara yfir breytingarna, kynþroska breytingarnar á líkamanum, bara frá a til ö hvað gerist og af hverju og hvað þarf að passa og gæta sín og þá bara hreinlæti og herna og náttúrulega stelpurnar þú veist að útskýra fyrir þeim í sambandi við blæðingar og herna og þær breytingar allar á líkamanum og svo förum við aðeins í herna ekki mikil en það er samt við ræðum aðeins um sjálfsfróun og aðeins er imprað á kynferðisofbeldi það er aðeins verið að byggja á það sem eða fræðsluna sem þau fengu þegar þau voru lítil og verið að fara yfir það aðeins meira

Það er greinilega mikið sem þarf að fara yfir og hjúkrunarfræðingur 2 leggur áherslu á líkamlegar breytingarnar sem eiga sér stað en tekur fram að einnig sé rætt um sjálfsfróun og kynferðislegt ofbeldi í þessari fræðslu. Hjúkrunarfræðingur 1 svaraði með svipuðum hætti:

Já sko í 6 bekk erum við með kynþroskafræðslu svona meira og komum svona aðeins inn á kynfræðslu líka og þá erum við aðallega að ræða breytingar og svona á kynþroskaaldrinum og inn í því allar þessar tilfinningar og allt sem því fylgir og breytingarnar sem fylgja því og svo förum við alveg meira inna á hvernig þú byrjar að undirbúa þig fyrir kynlíf með sjálfsfróun og því og svo tölum við aðeins um kynferðislegt ofbeldi í tengslum við þetta svona hvernig þú átta að verja þinn líkama og svona og herna og og já ég skipti upp stelpum og stráku og læt þau vinna hefti með mér eða við gerum það svona saman þar sem við förum yfir þessa hluti.

Af ummælum hjúkrunarfræðings 1 að dæma er skýr rammi til staðar sem farið er eftir og margir ólíkir hlutir sem þarf að fara yfir. Það er greinilegt að hjúkrunarfræðingur 1 er með kennsluefni og aðspurð kom í ljós að heftið sem hún talar um kemur frá heilsugæslustöðinni sem hún starfar hjá. Farið er yfir breytingarnar bæði líkamlegar en einnig er fjallað um tilfinningarnar sem fylgja þessum breytingum. Hjúkrunarfræðingur 1 skiptir hópnum eftir kynjum og þegar ég spyr nánar út í það segir hún:

Já þetta bara við förum bara yfir þetta hefti og það sem sagt strákarnir hjá þeim snýr þetta meira að líkama þeirra en ég fer alveg yfir og segi frá líkama stelpnanna, þau eru bara ekki að vinna verkefni um líkama stelpnanna og blæðingarnar og það á meðan ég ræði mun meira og dýpra um blæðingar við stelpurnar

Af ummælunum að dæma er rætt um sambærilega hluti við bæði kynin þrátt fyrir að áherslan sé á líkamlegu breytingarnar sem eiga sér stað hjá hvoru kyninu fyrir sig. Hjúkrunarfræðingur 1 talaði sérstaklega um að sjálfsfróun væri rædd við báða hópa og að þau fengju svipaða fræðslu. Hjúkrunarfræðingur 2 var á sama máli og sagði að nemendum hennar væri skipt eftir kyni. Hún segir að oft taki hún litla hópa til sín og segir það gefa góða reynslu:

Já þetta er voða fin stemming og þau geta líka bara svolítið mikið spurt eða svona eru bara með fáum með sér sem eru hvað bekkjarbræður eða systur sem eru líka að spá í þessu sama, ekkert að spyrja fyrir framan allan bekkinn og gera sig kannski að fifli þó að mér finnist auðvitað engin spurning kjánaleg þá bara þetta er einhvernveginn öðruvísi í svona litlum hóp.

Af þessum ummælum að dæma er fræðslan áhrifaríkari í litlum hópum. Þar þora nemendur að spyrja spurninga og ákveðið traust myndast. Hjúkrunarfræðingarnir töldu að þetta fyrirkomulag; að skipta eftir kynjum og jafnvel skipta þeim í minni hópa, sé fyrirkomulag sem er notað í flest öllum skólum. Að mínu mati áttu þær mjög auðvelt með að segja mér frá því hver umfjöllunarefnið væru í fræðslunni og greinilegt þótti mér að þær væru með ramma utan um þessa fræðslu. Þegar ég spurði um kennsluefnið nefndu þær báðar efnið sem kallast 6H og hjúkrunarfræðingur 2 sagði:

Já þú veist við vinnum bara eftir kennsluefninu þarna 6h sem heilsugæslan er með og það er mjög þægilegt efni og allt sem þau eru með þetta er mjög auðvelt efni og bara auðvelt að fylgja því eftir og hvaða áherslur eru hverju sinni...

Það er greinilegt að hjúkrunarfræðingur 2 er ánægð með kennsluefnið og hjúkrunarfræðingur 1 tók í sama streng. Af ummælunum að dæma virðist efnið vera aðgengilegt bæði fyrir hjúkrunarfræðinginn og nemendur en ég fjallaði um kennsluvefinn í kaflanum um námsefni. Það gerir fræðsluna auðveldari og markvissari að hafa kennsluefni og lýsingu á því hvað skal

fjalla um. Hjúkrunarfræðingur 2 minntist á að mikið samstarf væri á milli skólahjúkrunarfræðinga í hverju hverfi fyrir sig. Þær hittist reglulega og beri saman bækur sínar og það sé góður stuðningur. Ég spyr hjúkrunarfræðingana um afskipti þeirra í 7. bekk og velti því upp hvort 7. bekkur væri kannski árgangur sem ætti að fá einhverja kynfræðslu og hjúkrunarfræðingur 1 segir:

Svo finnst mér að það mætti koma inn kynfræðsla í 7. bekk og 8. bekk en ég held að það sé lítið verið að spá í þessum eignum þannig séð.

Af þessum ummælum má draga þá ályktun að hjúkrunarfræðingur 1 finni ekki fyrir áhuga eða betrubótum í kynfræðslunni. Samt sem áður er ýmislegt sem er verið er að vinna að eins og vitundarvakningar verkefnið sem ég fjalla um hér að ofan, en það verkefni hefur greinilega ekki veirð kynnt fyrir viðmælenda mínum. Hjúkrunarfræðingur 1 telur að það mætti auka á fræðsluna og koma með hana í 7. og 8. bekk. Þegar ég spyr hjúkrunarfræðing 2 út í fræðslu fyrir 7. bekk segist hún sjá um ákveðna fræðslu fyrir þann árgang og þegar ég spyr nánar út í það segir hún:

Sko það er ekki eða ég er ekki með beina kynfræðslu í 7. bekk. Það sem ég er með í 7. bekk og var einmitt að koma úr 7. bekk er ég meira með svona ákvörðunartöku þá fer ég yfir svona hugrekki og ákvörðunartöku og að standa með sjálfum sér og kem inn á það er kannski meira verið að hugsa um vímuefni og tóbaksvarnir en ég kem alltaf inn á að þessir hlutir skipta líka máli þegar kemur að því að stunda kynlíf og á þessum aldri eru þau að byrja að mynda svona kærustu sambönd ekkert alvarlegt í lang flestum tilfellum kannski einhverjir að leiðast og kossar og eitthvað svona og þá fer ég meira í þessa umræðu um að standa með sjálfum sér, ekki bara segja já við einhvern stráka eða einhverja stelpu af því þú þorir ekki að segja nei þannig að ég ræði það í sambandi við þessi sambönd og í sambandi við kynlíf og svona en ég fer ekki beint í einhverja svona kynfræðslu. Þannig að þetta er svona það sem er farið yfir...

Þessi umræða sem hjúkrunarfræðingur 2 tekur með 7. bekkungum í sínum skóla hljómar mjög vel. Það má einmitt tengja þessa umræðu um að standa með sjálfum sér í svo margt eins og reykingar og vímuefni og einnig byggja upp umræðu um kynferðislegt ofbeldi og mikilvægi þess að standa með sjálfum sér þegar kemur að rómantískum samböndum. Það er greinilegt

að þessi umræða er að ryðja sér rúms og mikilvægi þess að standa með sjálfum sér og að bera virðingu fyrir sjálfum sér er áberandi þegar litið er yfir kennsluefni í kynfræðslu eins og 6H vefurinn býður upp á.

5.3 Samskipti skólahjúkrunarfræðinga við kennara

Ég komst að því fljótlega í viðtölunum að skólahjúkrunarfræðingar, líffræðikennarar og svo lífsleiknikennarar sjá öll um kynfræðslu fyrir 6. bekk. Skólahjúkrunarfræðingar koma ekki með kynfræðslu inn í 7. bekk. Ég tók engan líffræðikennara í viðtal en út frá umræðunni um kynfræðsluna sem kom fram í viðtölunum fjalla líffræðikennararnir um kynfræðsluna út frá líffræðinni. Þannig mætti segja að líffræðikennararnir fjalli um málin með því að útskýra líkamlega þætti en fjalla ekki um andlegu hliðina eins og tilfinningar og slíkt. Ég spurði hjúkrunarfræðingana út í samskipti þeirra við kennarana og hvort þau reyndu að samræma fræðsluna. Hjúkrunarfræðingur 1 sagði:

Sko ekkert varðandi efni eða eitthvað slíkt og mér finnst það allt í lagi því hérna eins og í 9. bekk þegar ég fer þangað inn þá tala ég alveg við kennarann hérna og við reynum að gera þetta á svipuðum tíma og þetta æ þetta er bara allt öðruvísi innlegg sem ég er með æ ég er með ég kenni þeim ekki í öðrum tímum og við ræðum og þau sko sitja miklu frjálslægri en venjulega og það verða umræður og auðvitað fræðast þau líka en hitt er miklu meira nám þannig að hérna já við gerum það samferða en við erum ekkert að þæla hvað hinn kennarinn er að gera ég veit það samt svona næstum því en ég er ekkert að fletta yfir hvað hinn er að kenna en það er bara kynsjúkdómar og getnaðavarnir og svona held það sé bara veit ekki hvort það er eitthvað gert í 6. bekk af umsjónarkennara held jafnvel ekki allavega ekki hjá okkur en ég veit ekki með aðra skóla...

Af þessum ummælum að dæma er greinilega ekki mikið samstarf á milli kennara og hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingur talar samt um að reynt sé að fylgjast að þegar kemur að fræðslunni í 9. bekk en annars séu samskiptin lítil. Hún tekur sérstaklega fram að ekki sé farið yfir kennsluefnið enda sé það ólíkt og kennsluaðferðirnar séu einnig. Síðasta setningin fannst mér skritin en þar segir hún að umsjónarkennari sjái jafnvel ekki um neina kynfræðslu en er samt greinilega ekki viss. Greinilegt er að samskipti við umsjónarkennara eru lítil sem engin þegar kemur að kynfræðslunni. Hjúkrunarfræðingur 2 hefur svipaða sýn þegar ég spyr

um samskipti við kennara og tekur fram að í eitt skipti hafi hún þurft á hjálp umsjónarkennara að halda því hópurninn var svo stór. Þegar ég útskýri betur að ég sé frekar að tala um hvort þau fylgist að í fræðslunni segir hjúkrunarfræðingur 2:

Ég sko ég kenni mitt og svo veit ég ekki alveg sko ég hef farið sko með líffræðikennararnum samferða í þetta en ég held að það sé bara líka sko svona líffræðilegt en ég kem alveg eitthvað inn á þessi mál en sko ég veit ekki hvernig kennarinn fylgir því eftir eða sko

Af þessum ummælum að dæma er augljóst að lítil samskipti eru á milli kennara og hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingur 2 segir meðal annars að hún haldi að líffræðikennarinn fjalli um málið út frá líffræðilegum áherslum en hefur ekki kynnt sér það. Hún segist ekki vita hvernig kennari fylgi eftir hennar umræðu sem er vissulega erfitt ef engin veit nákvæmlega hvaða umræða á sér stað hverju sinni. Ég spurði alla viðmælendur mína sem eru kennarar um fyrirkomulagið og hvort þeim þætti það gott eins og það er. Kennari 4 svaraði:

Já ég held að þau hafi líka bara gott af því svona það kemur fyrir að sko þetta kemur vel út, held þau þori frekar að spyrja hana [skólahjúkrunarfræðingurinn] og sko þetta er kynjaskipt stelpur sér og strákar sér og svo um daginn þá eða bara núna í síðustu viku þá voru 3 strákar ekki hjá mér og ég bara hvar eru þeir og þau öll bara þeir fóru í kynfræðslu til hjúkku og ég bara já ok engin feminin sko þetta voru einhverjir sem höfðu ekki verið þegar hún var með fræðslu og bara engum fannst þetta eitthvað mál bara búið þeir bara að læra um typpi og engum fannst það skrítið...

Kennara 4 finnst fyrirkomulagið gott eins og það er og telur að nemendur sínir vilji spyrja hjúkrunarfræðinginn út í kynfræðsluna frekar en sig. Kennari 4 á erfitt með að segja þessa síðustu setningu án þess að hlægja og henni finnst þessi umræða greinilega óþægileg. Það stingur mig svolítið að hún skuli segja að nemendur séu að fara að læra um typpi þegar jafnvel nemendur hennar sem eru í 6. bekk segja að samnemendur þeirra séu í kynfræðslu.

Það er jákvætt að þetta sé ekki feimnismál hjá krökkunum en kennara 4 finnst umræðan og setningin typpi spaugileg eða óþægileg og þess vegna hlær hún. Kennari 4 heldur áfram:

en ég held að það sé sko meira sko þeirra líkami og bara það er ekkert verið að tala um samskipti kynjanna eða eitthvað kynlíf eða eitthvað svoleiðis en ég veit það ekki alveg sko hvað er nákvæmlega gert hjá hjúkkunni en ég held þetta en ég er ekki alveg viss hvað hún er að ræða nákvæmlega en ég veit að eins og með stelpurnar þá er verið þú veist að tala um blæðingar og... brjóst og svona en já

Það er greinilegt að kennari 4 veit lítið um kynfræðsluna sem er í höndum hjúkrunarfræðingsins. Hún telur að fræðslan sé að mestu um líkama þeirra en það er samt sem áður ágiskun. Algengt var að hjúkrunarfræðingar sæju alfarið um kynfræðsluna en kennara 3 fannst þetta fyrirkomulag gagnrýnivernt:

Ég hef líka svona tilfinninguna eins og hjúkrunarfræðingarnir, þær eiga að taka eitthvað og það er náttúrulega líka þær eru sko alveg rosalega misfærar að miðla og gera hlutina og þarna það er líka svolítið slæmt þetta er svolítið bara sko já á ég að gera þetta í þessum árgangi okei þá bara drífum við í því og bara bibiribibi og þá er hægt að haka við það ég er búin að gera það og kannski bara skilur þetta ekkert eftir hjá börnunum

Það er greinilegt að kennara 3 finnst hjúkrunarfræðingarnir oft á tíðum fljótfærir og gera hlutina hratt og eru mis færar í að miðla fræðslunni. Það er slæmt ef rétt reynist en hafa ber í huga að hjúkrunarfræðingarnir fá ekki mikinn tíma í kynfræðsluna en viðmælendur mínir töluðu um að ein til tvær kennslustundir færu í kynfræðslu undir handleiðslu hjúkrunarfræðings fyrir hvern nemanda. Ég spyr kennara 3 hvort hún haldi umræðunni gangandi eftir að hjúkrunarfræðingurinn hefur lokið sinni fræðslu og hún svarar:

við einhvernveginn vitum sko við fáum ósköp litlar upplýsingar þannig að við vitum lítið og bara getum ekki eða eigum erfitt með við umsjónarkennararnir með að haldið boltanum rúllandi skilurðu mig eða sko haldið áfram með umræðuna sem er svo mikilvægt. Stundum höfum við einmitt verið að spá í hérna af hverju

við getum alveg eins gert þetta, hjúkkan getur þá bara tekið hitt kynið og farið út í fótbolta eða eitthvað ég segi svona á meðan við myndum taka eins og strákana í spjall þá er hún með stelpurnar í fótbolta á meðan æ þú skilur æ líka æ bara þetta hún æ þetta er kannski aðili sem þau þekkja kannski ekkert öll almennilega og þó þau elski það öll að fara til hjúkku... þær eru misgóðar í þessu ég veit það alveg og bara erfitt að vita hvað þær eru að kenna hvort þær eru bara að haka í að þetta verði að fjalla um eða hvort að þær eru að gera þetta af einhverri ástríðu, er hjúkkan femínisti og svona ég held að það skipti máli sko hvernig getur hún dýpkað málið ef hún er ekki á þessu máli æ þetta er sko ég er samt ekki á móti hjúkkunni en svona kennsla á ekki að geta bara tekið eina tvær kennslustundir sko.

Það er greinilegt á kennara 3 að henni finnst kynfræðslan mikilvæg og treystir sér í þá fræðslu. Hún dregur í efa hvað hjúkrunarfræðingarnir eru að kenna en það er skiljanlegt því hún veit í raun ekki um hvað og hvernig hjúkrunarfræðingurinn fjallar um málið. Það er erfitt að halda umræðunni gangandi og fjalla dýpra um málefnið ef samskipti milli hjúkrunarfræðingsins og kennarans eru engin. Kennari 3 kom með mikilvægan punkt þegar hún velti því upp hvort hjúkrunarfræðingurinn væri femínisti og gaf í skyn að ef svo væri gæti hjúkrunarfræðingurinn dýpkað umræðuna og fjallað um málefnið á annan hátt. Ég tel að það skipti miklu máli að allir aðilarnir sem sjá um þessa fræðslu, hvort sem það eru hjúkrunarfræðingar eða kennarar, séu vel að sér í umræðu um jafnrétti og þekki hugtök eins og kynjakerfið og kynjuð valdatengsl. Það að vera femínisti skemmir alls ekki fyrir þótt erfitt sé að setja þá kröfu á alla. Kennari 3 talar um að ein til tvær kennslustundir séu ekki nægur tími til að fara yfir kynfræðsluna en það er tíminn sem hjúkrunarfræðingarnir fá til umráða og ef enginn kennari fylgir umræðunni eftir þá er þetta vissulega lítill tími. Kennari 3 telur það vera kost að börnin þekki aðilann sem sér um þessa fræðslu vel og þori því frekar að spyrja. Það voru skiptar skoðanir á þessu og sumir kennararnir töldu að betra væri að aðilinn sem sæi um fræðsluna væri ekki tengdur börnunum eins og kennari 4:

Sko mér finnst þetta bara allt í lagi mér finnst þetta fínt að hjúkrunarfræðingurinn komi inn á þetta því börn kannski þekkja mig þannig að þau vilja ekkert endilega bera sín vandamál eða spurningar upp fyrir mig þú veist af hverju er ég að fá brjóst hvenær byrja ég á túr og allt þetta þau það eru kannski einstaka nemendur sem tala um við mig bara allt

Það er greinilegt að skiptar skoðanir á hvaða fyrirkomulag henti best. Í rannsókninni „*Viðhorf og þekking 16 ára unglinga á kynlífstengdu efni*“ sem Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir T. Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þ. Einarsson, Ragnar F. Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir gerðu árið 2008 kom fram að heppilegast væri að utanaðkomandi aðili sæi um kynfræðslu í skólum bæði þegar fjallað er um kynsjúkdóma og almenna kynfræðslu. Í rannsókninni, sem var meginleg, voru 16 ára nemendur spurðir út í allskyns hluti tengdum kynfræðslunni og þetta voru skoðanir þeirra (453-460).

5.4 Upplifun nemenda á kynfræðslunni

Nemendurnir í rýnihópunum gáfu ekki mikið út á kynfræðsluna en þeir lýstu henni mjög líkt og kennararnir og hjúkrunarfræðingarnir lýstu henni. Þeir fóru í kynjaskiptum hópum til hjúkrunarfræðings sem sá að mestu um fræðsluna. Þau sögðu að fræðslan hefði verið stutt og aðeins fjallað um líkamlegar breytingar sem voru að fara að eiga sér stað. Þegar ég spurði hvort fjallað hefði verið um breytingar sem ættu sér stað hjá hinu kyninu minnti þá svo. Í öðrum stelpurýnihópnum voru miklar umræður um kynfræðsluna:

Kolbrún: Og ég man Guðrún hún slepti kaflanum um sko hérna kynlíf

Sara: Þetta var í 6 bekk sko

Ég: Af hverju haldi þið að því hafi verið sleppt

Kolbrún: Kannski finnst henni óþægilegt að tala um þetta við okkur

Sara: Já

Kolbrún: Finnst við of ung eða eitthvað til að læra þetta

Harpa: Ég man að mér fannst þetta alveg fáránlegt alveg svolítið þetta var geggjáð vandræðalegir tímar þá og það þorði enginn að segja neitt sko eða hvað finnst ykkur en þetta var gott að fá að vita

Þarna hefur kennarinn ákveðið að sleppa kaflanum um kynlíf en bókin sem um ræðir heitir *Mannlíkaminn* og er kennslubók fyrir þennan aldur. Að mati stelpnanna hefur kennarinn sleppt þessum kafla vegna þess að hún taldi nemendur sína vera of unga eða að henni hafi

fundist umræðuefnið vandræðalegt. Það kemur fram í ummælum stelpnanna að þær fundu vel fyrir því að kennaranum fannst erfitt að ræða þessa hluti og tímarnir hafi verið vandræðalegir. Sviðuð ummæli komu frá hinum stelpurýnihópnum:

Rut: En annars var sleppt þú veist vorum með mannlíkama bók og sko seinasti kaflinn honum var skipað nema þeir sem vildu skiluru en hann var svona kynfræðsla eða eitthvað þannig

Elín: Maður fékk plús ef maður gerði það

Beta: Já þú veist það var sleppt þessum kafla

Lena: Eða þú gerðir hann heima

Rut: Já

Elín: Þannig að það var ekkert eitthvað mikið sko það var meira verið að segja að hjúkkan myndi tala um þetta við okkur þegar kennarinn vildi það ekki

Upplifun stelpnanna er sú að lítil sem engin áhersla eða hvatning hafi verið af hálfu kennarans að fjalla um þennan kafla. Það er greinilegt á stelpunum að þeim fannst þetta skrítið og ólíklegt að köflum yrði sleppt í öðrum greinum. Upplifun stelpnanna var að kaflinn hafi verið valfrjáls og þeir sem kusu að vinna hann gerðu það heima og fengu plús fyrir. Umræða um kaflann hefur því ekki átt sér stað ef kaflinn hefur verið unnin heima af nokkrum nemendum. Það vekur athygli að kennarar benda á hjúkrunarfræðingin og segja að hún muni sjá um þessa fræðslu, en með þessu er kennarinn að losa sig undan ábyrðinni á að ræða þessa hluti. Umræðan um vandræðalegan kennara var mikil þegar kom að því að ræða um kynfræðsluna en allir rýnihóparnir minntust á að kennarinn sem sá um fræðsluna hafi verið vandræðalegur og töluðu um að kannski hafi ástæðan verið sú að kennarinn sem sá um kennsluna var umsjónarkennari þeirra, sem hitti þau alla daga.

5.5 Samskipti við foreldra

Ég spurði hjúkrunarfræðingana hvort mikil samskipti væri við foreldra þegar kynfræðslan færi fram og hvernig þessi samskipti færu fram. Ég spurði einnig rýnihópana út í samskipti þeirra við foreldra sína í kringum kynfræðsluna. Hjúkrunarfræðingarnir sögðust senda bréf til

foreldra þar sem þeim var tilkynnt um að kynfræðslan hafi farið fram. Hjúkrunarfræðingur 2 sagði:

Já við erum náttúrulega alltaf í samskiptum við foreldra eða sko foreldrar fá alltaf að vita af þessari fræðslu og ég sendi út bréf þegar ég er búin að vera með hana þannig að þau geti haldið umræðunni áfram eins og kynþroskafræðslan þau fá með sér hefti frá okkur þannig að foreldrarnir viti hvað var farið í og fá líka upplýsingar um netsíður og 6H síðuna og þannig sko og einmitt skoða herna heftin og þannig og svo eru börnin líka eins og sko sérstaklega stelpurnar ég hvet þær til að ræða þetta heima við mömmu eða eldri systur eða ömmu eða einhvern slíkan einhvern tengdan þeim líka bara fá náttúrulega kynþroskinn er sko oft svo erðabundinn líka þú veist þegar maður byrjar á blæðingum og svona hvet þær til að tala við einhvern það sé allt í lagi því fullorðið fólk var líka einu sinni unglingar þó það hljómi skrítíð fyrir þau.

Hjúkrunarfræðingur 2 leggur áherslu á að samskipti við foreldra séu góð og að foreldrar geti sjálfir aflað sér upplýsinga um kynþroskaskeiðið á internetinu. Með því móti geta foreldra fylgst með umfjöllunarefnunum sem fara fram í fræðslunni og haldið umræðunni gangandi heima. Það er athyglisvert að hjúkrunarfræðingur 2 hvetur stelpurnar að tala við einhvern heima fyrir um blæðingar. Með þessu móti er ábyrðin sett á nemandann að byrja að ræða þessi mál heima fyrir. Það getur verið vandræðalegt að ræða þessi mál og kannski auðveldara að sleppa því eins og kom fram í rýnihópaviðtölunum:

Rut: Við áttum að spyrja foreldra okkar

Allar: Já

Lena: Já sko síðasta blaðsíðan í heftinu var eitthvað að spyrja mömmu sína hvenær hún byrjaði á blæðingum

Rut: Þetta var svona könnun sem við áttum að gera heima en það gerðu það ekki margir

Lena: Nei

Elín: Það var ekkert farið yfir það eða neitt

Rut: Það var líka sagt að það væri val sumum fannst það ógeðslega erfitt og bara erfitt að tala um þetta en öðrum ekki

Af þessum ummælum að dæma voru ekki margar stelpur sem gerðu þetta verkefni og töluðu við mömmu sína um þessi mál. Ábyrgðin var sett á þær að vinna þetta verkefni og það er greinilegt að það að þær mega ráða hvort þær geri þetta verkefni og einnig að það er ekki farið yfir verkefnið í skólanum hefur letjandi áhrif. Hjúkrunarfræðingur 1 sagðist alltaf senda tölvupóst til foreldra þegar kynþroskafræðslan færi fram:

Mér finnst þetta vera svona fræðsla sem á heima bæði í skólanum og heima og æ bara tengist umræðunni um hverjir eru að ala börnin upp, skólinn eða foreldrar, eða bæði æ já mér finnst skrytið að heyra ekkert sko [Fær ekki svar frá foreldrum] en ég spyr alltaf krakkana hvort þau hafi rætt þetta við foreldranna og jú jú kannski oftast í 6 bekk hafa stelpurnar rætt við mömmur sínar um blæðingar ég myndi segja að það sé svona helmingur sem gerir það sko þá stelpur í 6 bekk sem tala um blæðingar við einhvern heima fyrir bara svona ef ég ætti að grípa það en í 9 bekk ég held þau hafi aldrei rætt eða mjög fáar rætt kynfræðslu beina við foreldra sína. Varandi getnaðarvarnir eða þú veist sambönd við stráka eða öfugt, þannig að já... þannig að já ég fæ aldrei svör frá foreldrum eða eitthvað spurningar eða þannig varðandi þessa hluti sko já

Það er augljóst að hjúkrunarfræðingi 1 finnst erfitt að fá engin svör frá foreldrum. Þessi fræðsla er að hennar mati eitthvað sem gerist bæði í skólanum og einnig heima fyrir. Fáar stelpur í 6. bekk hafa rætt þessa hluti við foreldra sína og engin hefur rætt kynfræðsluna sem á sér stað í 9. bekk við foreldra sína. Þetta er sambærilegt við það sem nemendurnir í rýnihópnum töluðu um. Fáir höfðu rætt þessa hluti við foreldra sína og fannst það ekki vera í þeirra verkahring að byrja umræðuna. Sumar stelpurnar sögðu að þær hefðu rætt við foreldra sína þegar þær byrjuðu á blæðingum en sumar sögðust ekki hafa gert það. Þegar ég spurði hvernig þau öfluðu sér upplýsinga um þessar breytingar voru svörin misjöfn. Sum sögðust nýta sér netið, önnur töluðu um þessa hluti innan vinnuhópsins og sum þóttust vita allt sem þau þurfa að vita um þessi mál.

5.6 Lausnir og hvað mætti betur fara

Ég spurði viðmælendur hvað mætti betur mætti fara í sambandi við kynfræðsluna og hjúkrunarfræðingur 1 sagði:

ja ég veit ekki eiginlega bara að við erum að gera okkar besta og bara mér finnst að það sé mikilvægt að bara allir kennarar og bæði þeir og foreldrar og skóla hjúkrunarfræðingarnir taki sig saman og ræði þetta við þau og bara það er svo margt að breytast svo fljótt eins og netið og þannig en ég held að allir séu að gera sitt besta...

Hjúkrunarfræðingi 1 finnst mikilvægt að samskipti skólahjúkrunarfræðinga, foreldra og kennara séugóð og að allir þessir aðilar séu samstíga í fræðslunni. Það virðist samt sem áður að samskiptin milli þessara aðila séu lítil en það er þó auðvelt að laga. Hjúkrunarfræðingur 1 talar um að netið sé að verða stór hluti af lífi barna og margt sé að breytast og það sé rétt og verði að taka til athugunar þegar kemur að þessum málaflokki. Hjúkrunarfræðingur 2 kom með góðan punkt:

Ég hérna held að þetta skipti mjög miklu máli að fara inn á þessi mál og það er náttúrulega samt alltaf í sko algjörri tímaþröng sko það er alltaf þannig maður gæti talað um þetta endalaust sko en bara að impra svolítið á þessu sko opna þetta og svo vita þau og bara geta leitað sér meiri upplýsinga og bara eins og netið er stútfullt af upplýsingum sko alveg góðum upplýsingum og kenna þeim hvar þau geta leitað og sko eða þau vita eða segja þeim hvar þau eiga að leita af góðum upplýsingum eins og sko bæði hjá okkur á 6h.is og bara landlæknir og bara Ástráður [Ástráður er forvarnarstarf læknanema sem byggist á skólaheimsóknum í framhaldsskóla og einnig með vefsíðu sem inniheldur fróðleik sem flokkast undir kynfræðslu] og bara það er það er fullt af góðu efni sko þú veist áttavittinn.is er mjög sniðugt það er nýtt eða svona nýlegt og þú veist að sýna þeim að maður viti þetta sko þau eru alltaf þau eru alltaf alveg nettengd og bara netið er með allar þessar upplýsingar. Þau eru einu klikki frá kláminu en þau eru líka einu klikki frá góðum upplýsingum maður þarf bara svolítið að beina þeim þangað.... Þú veist þannig að það er þannig bara að þau viti hvert þau getað leitað...

Það er lítill tími sem fer í þessa fræðslu og kannski mætti auka tímann sem hjúkrunarfræðingarnir fá. Það sem hjúkrunarfræðingur 2 er samt að gera er að opna augu nemenda sinna fyrir síðum á netinu sem eru stútfullar af góðum upplýsingum að hennar mati. Með því móti geta nemendur leitað að svörum við spurningum sínum sjálf og margar af þessum síðum bjóða upp á að notandi sendi inn nafnlausu spurningu. Með þessu móti er hjúkrunarfræðingur 2 að sýna nemendum sínum hvernig nota megi internetið til þess að fræðast en hún bendir á að það þurfi aðeins að beina þeim í þá átt. Nemendurnir í rýnihópunum minntust einmitt á að þeir nýttu sér internetið til að fræðast um ýmislegt eins og hluti tengda kynfræðslunni. Hjúkrunarfræðingur 1 hélt áfram og bendir á að hún reyni eftir bestu getu að útskýra fyrir nemendum sínum að allir sem eru fullorðnir hafi sjálfir verið unglingar:

...lang flestir geta rætt svona mál heima svona já aðeins að segja þeim frá því líka og bara allir fullorðnir hafa einhverntímann verið unglingar þótt hérna þeim finnist það svolítið skrítið að þessar risaæðlur hafi einhverntímann verið unglingar

Hjúkrunarfræðingur 1 telur að flestir nemendur geti rætt hluti tengda kynfræðslunni heima fyrir en því miður getum við ekki ákveðið það og þar að auki værum við að útiloka þá sem geta það ekki. Það er að sjálfsgöðu satt að allir fullorðnir hafi áður verið unglingar en greinilegt er á ummælum í rýnihópunum að einhverjir fullorðnir verða vandræðalegir við það eitt að ræða þessa hluti. Foreldrar verða líka að vita hvernig ræða skuli þessa hluti við börn sín þannig að það skili sem bestum árangri.

5.7 Samantekt

Í þessum kafla fjallaði ég um kynfræðslu og kynþroskafræðslu sem er í höndum skólahjúkrunarfræðinga, náttúrufræðikennara og lífsleiknikennara. Það er greinilegt að skólahjúkrunarfræðingarnir eru með skýran kennslu ramma og námsefni á meðan lífsleiknikennararnir eru það ekki og treysta á að skólahjúkrunarfræðingarnir fjalli um málið. Lítil samskipti voru á milli kennara og skólahjúkrunarfræðinga þegar kom að kynfræðslunni en ekki var lögð áhersla á þau. Nemendurnir í rýnihópunum fannst lítil kynfræðsla hafa átt sér stað og fannst hún vandræðaleg þegar hún var í höndum kennarana. Nemendur í rýnihópunum nefndu að kynfræðslunni hefði verið sleppt í skólanum en þau hefðu átt kost á að fara yfir kaflann heima. Verkefni tengd breytingum á kynþroskaferlinu voru gefin stelpunum en það

var á þeirra ábyrgð að tala um þessa hluti heima fyrir. Hjúkrunarfræðingarnir sendu tölvupóst til foreldra og forráðamanna þar sem tilkynnt var að kynfræðslan hefði átt sér stað í skólanum en töluðu um að lítil sem engin viðbrögð kæmu frá foreldrum. Hjúkrunarfræðingarnir töluðu um að lítil tími væri gefinn fyrir kynfræðsluna og miklu efni þyrfti að koma á framfæri. Þá lögðu þær áherslu á fræðslu sem hægt er að nálgast á internetinu.

6 Klám

Klámveröldin hefur breyst mikið síðustu misseri, eins og Pamela Paul (2005) fjallar um í bók sinni *Pornified*. Klámið er ekki lengur bundið við blöð, vídeó spólur og dvd diska sem eigandi getur falið, heldur er það út um allt og sérstaklega á internetinu. Pamela Paul heldur því fram að börn og unglingar eigi ekki í neinum vandræðum með að nálgast klám og gefur lítið fyrir klámvarnir á tölvum en hún segir að börn í dag séu orðin mjög fær á tölvur og að venjulegar tölvuvarnir breyti litlu (*Pornified*, 2005; 174-175). Íslenska rannsóknin *Börn og sjónvarp* sem gerð var árið 2010 af þeim Sigurði Inga Árnasyni og Þorbirni Broddasyni sýndi meðal annars fram á að 67% íslenskra barna á aldrinum 11-16 ára höfðu fartölvu eða borðtölvu í herberginu sínu. Í rannsókninni kom einnig fram að helmingur þessara barna höfðu nettengingu í herbergjum sínum. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom meðal annars fram að rannsakendurnir töldu að það að hafa barn eða ungling með nettengda tölvu inni í herberginu sínu myndi auka á hættur tengdar netinu (Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason, 2010). Því er greinilegt að íslensk ungmenni hafa greiðan aðgang að internetinu en eins og Pamela Paul (2005) bendir á eiga ungmenni auðvelt með að nálgast klám í gegnum internetið þrátt fyrir varnir. Rannsóknin *The nordic youth research* (Margrét L. Guðmundsdóttir ofl, 2010) sýnir að 50% íslenskra drengja á aldrinum 16-19 ára horfa á klám einu sinni í viku eða oftár og 20% þeirra horfa á klám daglega. Það er því greinilegt að áhorf íslenskra drengja á klám er talsvert.

Í þessum kafla ætla ég að fjalla um hvort og þá hvernig klám er til umræðu í lífsleiknikennslu í 6. og 7. bekk í grunnskólum. Ég fjalla um viðhorf kennara og hjúkrunarfræðinga um hvort umræða um klám eigi rétt á sér á þessu skólastigi og ber það saman við viðhorf nemenda. Þegar umræðan berst að klámi og kennslu eða umræðu um klám fyrir þennan aldurshóp tek ég eftir ólíkum viðbrögðum hjá viðmælendum. Aðeins það að nota orðið klám fær einhverja viðmælendur mína til að verða vandræðalega og mér þykir greinilegt að flestum finnst erfitt að ræða um þessi mál án þess að roðna eða? hika. Sumir viðmælendur skildu ekki hvað ég átti við með umræðu eða fræðslu um klám sem segir mér að þetta sé málefni sem lítil áhersla er lögð á. Aðrir viðmælendur voru opnari fyrir umræðunni um klám en skortur á námsefni og það að kennsla í lífsleikni fari eins mikið eftir áhugasviði kennarans og raun ber vitni gerir það að verkum að fræðslan er ekki markviss. Viðbrögð hjúkrunarfræðinganna voru önnur, en þær virtust öruggari í að ræða um fræðslu mál sem tengdust klámi og urðu síður vandræðalegri en kennararnir.

Viðbrögð rýnihópana voru mjög afslöppuð þegar kom að því að ræða fræðslumál sem tengdust klámi og ég fann ekki fyrir því að þeim þætti umræðan óþægileg eða kjánaleg. Rýnihópanir voru mjög opnir þegar kom að því að ræða skoðanir, reynslu og hugmyndir um klám.

6.1 Eru nemendur byrjaðir að horfa á klám í 6. eða 7. bekk

Ég ákvað að byrja á að spyrja kennarana hvort þeir héldu að nemendur þeirra væru byrjaðir að horfa á klám, hvort sem það væri daglegt áhorf eða minna. Forsendur þess að hefja forvarnarstarf á ákveðnum aldri hlýtur að þurfa að vera í samræmi við áhorf og vitneskju nemenda a.m.k. að einhverju leiti. Guðbjörg Hildur Kolbeins tók þátt í norrænni rannsókn árið 2005 sem rannsakaði viðhorf og áhrif kláms á íslensk ungmenni. Úrtak rannsóknarinnar voru 323 unglingar á aldrinum 14-18 ára og niðurstöður hennar gefa okkur greinagóða mynd af viðhorfum íslenskra ungmenna til kláms. Þegar spurt var um hvenær ungmennin sáu klám fyrst sýndu niðurstöðurnar að meðalaldur þeirra hafi verið tæplega 12 ár (Guðbjörg H Kolbeins, 2006:126). Þessi niðurstaða rímar við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið (Dines, 2010, Paul, 2005). Þegar ég spyr viðmælendur mína hvort þeir haldi að nemendur þeirra sem eru í 6. eða 7. bekk séu byrjuð að horfa á klám eru svörin að einhverju leiti ólík en eins og kennari 2 segir: „*ekki að mér aðvitandi,*“ og heldur áfram:

Þetta kemur ekki upp hér en ég auðvitað spyr þá ekki, þau eru bara ekki komin á þann stað í þroska held ég eða mér finnst það ekki svona ég vil ekki ætla þeim það því þá finnst mér ég vera að ýta undir það.

Þetta er athyglisverð afstaða hjá kennara 2 og að einhverju leiti er hún að loka augunum fyrir notkun barna á klámi því eins og rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins sýndi er þetta einmitt aldurinn þar sem ungmenni eru að byrja að fikta við að horfa á klám (2006:126). Það að umræðan sé ekki tekin að neinu leiti mætti túlkast sem ákveðinn flótti frá umræðuefninu því hvort sem okkur líkar betur eða verr er heimurinn eins og hann er í dag: Með mikið af tilvísunum í klám eins og hefur verið fjallað um hér að ofan. Kennari 6 er á öðru máli en kennari 2 og segir:

Já það held ég, ég held sko að það sé verið að pæla og [börnin] komin miklu lengra en við nokkur tíman, ég meira að segja hef velt því fyrir mér sko að við værum, þyrftum að byrja fyrr.

Kennari 6 er eins og áður segir lífsleiknikennari í efstu bekkjum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og þessi ummæli hennar eru því á þá leið að henni finnst að forvarnarkennsla um klám ætti heima á neðri stigum grunnskólans eða í 6. og 7. bekk. Kennari 5 hefur svipaða upplifun:

Ég held að það hafi einhverjir þarna verið byrjaðir alveg í 6 bekk þannig að og með talsmátann og annað það gefur manni merki um hvað er verið að horfa á

Þessi ummæli kennarans segja okkur að hún gefur sér að einhverjir nemendur séu byrjaðir að horfa á klám og talsmáti nemenda notaður því til stuðnings. Kennari 5 heldur áfram:

En þetta er erfitt því á mótum sko eru það eru af 20 krökkum segjum að það séu fjórir sem eru eitthvað í þessu og þá getur maður á mótum verið með fjórar stelpur sem leika sér með barbie þannig að það er sko breiddin er alveg ofboðslega mikil og maður svona vill heldur ekki vera að opna hugarheim einhvers sem veit ekkert um hvað málið snýst en þetta er oft svolítið erfitt að finna einhvern milliveg sem og örugglega einhverjir foreldrar sem yrðu ekki ánægðir með svona umræðu

Þessi kennari er með svipað viðhorf hvað varðar kennsluna eins og kennari 2, það að opna ekki hugarheim þeirra sem ekki vita hvað klám er af ótta við að menga hugarheim þeirra. Hins vegar fer forvarnarstarf fram á þessum aldri en það kemur meðal annars fram í áfangamarkmiðum aðalnámskrá grunnskóla: lífsleikni að eftir 7. bekk á nemandi „að *vita af áhættum samfara, neyslu tóbaks og vímuefna*“ (Menntamálaráðuneytið, 2007:15). Þessi áfangamarkmiðslýsing segir okkur að það þyki mikilvægt að halda úti forvarnarstarfi um tóbak, áfengi, vímuefni og áhættur samfara og ekki er talið að það forvarnarstarf hafi neikvæð áhrif. Kennari 5 segist ekki vilja ræða þessa hluti „yfir allan bekkinn“ því ekki séu allir í bekknum komnir á sama stað í þroska en það eigi samt sem ekki við um annað námsefni eins og stærðfræði eða samfélagsfræði, þá er allur hópurinn að fara yfir sama námsefni þrátt fyrir

mismunandi þroskastig. Hjúkrunarfræðingur 1 hefur svipaða tilfinningu fyrir áhorfi nemenda á klám en hún segir:

Ég myndi frekar sko þetta er ekki byggt á neinum vísindalegum grunni en ég myndi segja að strákarnir væru þeir sem hef ekki tilfinninguna fyrir því að stelpurnar séu mikið að skoða klám heldur eru þetta meira strákarnir...

Þetta er athyglisvert svar að því leiti að auðvelt er hægt að kynna sér rannsóknir sem snúa að þessum hlutum, bæði íslenskar og erlendar. Mér finnst svar hjúkrunarfræðingsins sýna hvað þessum málum er sýndur lítill áhugi en skólahjúkrunarfræðingar sjá að einhverju leiti um kynfræðslu í grunnskólum ásamt lífsleiknikennurum og náttúrufræðikennurum og því ættu rannsóknir sem snúa að þessum málum að vera kunnugar skólahjúkrunarfræðingum og þeim aðilum sem sjá um þessi mál. Ef horft er til rannsóknar Guðbjargar H Kolbeins kemur í ljós að strákar horfa mun oftar og reglulegar á klám en stelpur. Einn af hverjum 5 strákum í rannsókn Guðbjargar H Kolbeins horfðu á klám daglega en einungis 2% stelpna horfðu á klám það oft. Þetta rímar við rannsóknina The Nordic Youth Research (Margrét L. Guðmundsdóttir ofl, 2010) sem sýnir fram á að stelpur horfa mun sjaldnar á klám, en 92,6% 16-19 ára stúlkna sögðust aldrei eða nánast aldrei horfa á klám. Í rannsókn Guðbjargar H Kolbeins kemur fram að 60% svarenda höfðu séð klám gegn þeirra eigin vilja og var það í „popup“ gluggum á netinu, í tölvupósti og á internetinu almennt (2006). Þetta sýnir að þó svo að nemendur séu ekki neytendur kláma eru þeir engu að síður berskjaldaðir fyrir klámi og því er fræðsla og umræða um klám mikilvæg til þess að gefa nemendum tækifæri til að vinna úr upplifuninni við að sjá klám.

Þegar ég spurði nemendurna í rýnihópunum hvort þeir horfðu á klám voru svörin flest á þá leið að strákar á þessum aldri horfðu á klám eða eins og Bjarki svarar: „*Já það eru allir að horfa á þetta.*“ Stelpurnar voru ekki sammála þessari staðhæfingu, en þær töluðu um að einhverjar þeirra hefðu alveg séð einhver klám atriði. Þegar ég spyr Söru að sömu spurningu og Bjarka svarar hún: „*Ég vissi ekki um neinar stelpur en hef heyrt eftir á sögur um stráka.*“ Þetta rímar við niðurstöður rannsókna en þar kemur í ljós að strákar horfa mun oftar og reglulegar á klám en stelpur (Guðbjörg H Kolbeins, 2006; Margrét L. Guðmundsdóttir ofl., 2010).

Þegar ég spyr hvort fræðsla og umræða um klám eigi heima í 6. og 7. bekk voru svörin flest á þá leið að kennurunum þætti þau of ung á þessum aldri en kennararnir voru samt sem áður ekki mjög vissir og bentu margir á að þroski nemenda væri mismunandi milli bekkja eins og kennari 2 bendir á: „já 6. og 7. bekkur er svolítið ungt og sko en ég veit ekki bara það er mismunandi milli hópa.“ Kennari 5 tók í sama streng:

...getur örugglega verið mismunandi milli ára líka en ef ég horfi bara eins og það er hérna núna og er að hugsa um árganginn núna og í fyrra ég allavega hefði held ég ekki farið að tala um klám við þau þar...

Það er merkilegt að forvarnarstarf eins og þetta sé að mestu leiti á ábyrgð kennarans eins og ég hef fjallað um hér að ofan. Kennararnir ráða mikið til hvort og hvernig umræður fara fram og eru ekki með kennsluefni til að styðjast við. Svar kennara 5 finnst mér sýna að hún ræður sjálf hvort og þá hvenær fræðsla um klám á sér stað og það er í hennar verkahring að ákveða hvort þau hafi þroska til að fræðast um klám og skaðsemi þess. Kennari 3 hefur svipaða sýn á þessi mál og segir:

Já og nei ég bara er ekki viss en maður vill ekkert byrja of snemma en maður veit samt sem áður af því að krakkarnir og þá mest auðvitað strákarnir eru byrjaðir að kíkja á þetta og þá er þetta ekkert of snemma en maður horfir samt á þau og þetta eru bara börn með blá augu og bara maður veit ekki alveg

Það viðhorf að þetta séu bara börn var viðhorf sem kom fram í mörgum viðtölunum og er það skiljanlegt í sjálfu sér. Samt sem áður er þægilegra að horfa á nemendur á þessum aldri sem börn frekar en að sjá þau sem unglínga á fyrstu skrefum kynþroskans. Enn og aftur kemur orðræðan um að vilja ekki byrja of snemma á þessari fræðslu en kennari 3 viðurkennir samt sem áður að hún viti af því að einhverjir nemendur séu byrjaðir að horfa á klám. Kennari 4 hafði annað viðhorf þegar kom að spurningunni hvort krakkar í 6. og 7. bekk væru of ung fyrir fræðslu um klám:

hmmm... nei sko ég held ekki svona miðað við eins og þetta er núna sko það þarf að vera fræðsla áður en að þetta er komið alveg sko þannig að þau viti eitthvað um hvað þetta er og svona þannig að þau geti myndað sér afstöðu og tekið afstöðu og

ég meina í 8. bekk sko þá herna þá eru þau komin vel á veg með að skoða allt en í 7. bekk væri kannski svona seinasti séns á að koma með forvarnir eða einhverja fræðslu myndi ég halda en 5. bekkur er allt of ungur, þau eru algjör börn en í 6. bekk þetta er bara svo mikil breidd ég er alveg með unglunga herna en sko líka alveg með börn...

Þetta rímar og er í takt við aðra viðmælendur mína. Breiddin er mikil á þessum aldri og börnin ólík í þroska. Það er greinilegt á ummælum kennara 4 að hún er hlynnt því að vera með forvarnarstarf sem snýr að klámi en veit samt sem áður ekki hvar það ætti að koma inn. Það er greinilegt að kennari 4 telur að 6. og 7. bekkur séu góður aldur til að byrja svona fræðslu en hún telur að í 8. bekk sé fræðslan að koma of seint. Hjúkrunarfræðingur 1 hafði svipað viðhorf þegar ég spurði hana um þessa hluti og segir:

Já eða sko 7. bekkur væri kannski spurning um að ræða þetta við þau en 6. bekkur að tekur sko alveg á þau sko þessi kynþroskafræðsla og þegar ég fer að tala um eins og sjálfsfróun þá fara þau alveg undir borð þannig að ég myndi ekki eða ég held að þau séu of ung í 6. bekk allavega en 7. bekkur ég svo sem þetta eru ekki vísindaleg svör hjá mér en herna umm sko strákarnir væru kannski það væri tilefni til að ræða við strákana í 7. bekk um þessi mál ég efast um að stelpurnar þau eru samt svo misþroskuð eftir árgöngum sko

Ummæli hjúkrunarfræðings 1 eru á þá leið að fræðslan sem nú þegar er kennd í 6. bekk taki nægilega mikið á þann árgang en hún telur að fræðsla og umræða um klám eigi ef til vill heima í 7. bekk fyrir stráka. Samt sem áður er hjúkrunarfræðingur með varann á og telur að árgangar og einstaklingar geti verið mjög ólíkir og því sé erfitt að ákveða hvenær svona fræðsla eigi að byrja. Þó er mikilvægt að hugsa um fræðslu og umræðu um klám út frá klámvæðingunni. Klámvæðing er hluti af samfélagi nemenda og það væri hægt að fjalla um klám út frá umræðu um klámvæðingu og þá benda á hvar klámvæðingin hefur áhrif eins og í tísku og í tónlistarmyndböndum. Með þessu móti væri hægt að fræða nemendur um skaðsemi klámvæðingarinnar og skaðsemi kláms án þess að fara yfir línuna sem viðmælendur mínir minntust reglulega á.

6.2 Hjóta nemendur fræðslu um klám í 6. og 7.bekk?

Ég spyr svo viðmælendur mína hvort einhver umræða eða fræðsla fari fram um klám í lífsleiknikennslu þeirra eða í tímum tengdum kynfræðslu í 6. og 7. bekk og voru svörin ólík eftir kennurunum og skólum. Kennari 2 sagði: „Ég bara eins og ég segi þá hefur þetta ekkert verið markvisst á dagskrá hjá okkur“ og túlka ég það þannig að það sé ekki hluti af kennsluáætlun og sé því ekki á dagskrá að ræða þessa hluti. Kennari 3 tók í sama streng:

Nei ekki markvisst og ekki við þessi litlu en bara er að hugsa og það er ekki eitthvað í námsskránni okkar fyrir þessi litlu, þau fá auðvitað kynfræðslu þessi litlu hérna í náttúrufræði...

Þetta viðhorf hjá kennara 3 að síendurtaka að þetta séu þessi litlu gefur sterklega til kynna að hún lítur á þessa nemendur sem lítil börn sem ættu líklegast að hennar mati ekki að þurfa á fræðslu um klám að halda. Kennari 3 tekur sérstaklega fram að ekkert sé minnst á þessa hluti í námskránni hjá þeim sem gefur til kynna að ekki sé lögð áhersla á málaflokkinn. Kennari 3 tekur fram að nemendur hennar hafi fengið kynfræðslu í náttúrufræði en sú fræðsla tekur á breytingunum sem eiga sér stað á kynþroskaskeiðinu út frá náttúrufræði en eru ekki tengd félagsfræðilegum hlutum eins og klámi.

Kennari 5 hélt því fram að hún hefði fjallað um klám í sinni kennslu en benti á að það væri mjög mismunandi eftir skólum. Hjúkrunarfræðingarnir voru einnig með ólík svör en hjúkrunarfræðingur 1 sagði: „Það er ekki í þessum tveim bekkjum nei“ þegar ég spurði hana út í umræðu eða fræðslu um klám fyrir 6. og 7. bekk á meðan hjúkrunarfræðingur 2 hélt því fram að það væri aðeins minnst á þetta í þessum bekkjum og sagði:

Já þú veist en svona samt sérstaklega í 9. bekk þá er farið yfir þetta eða svona ræddur munurinn á klámi og kynlífi og já ég man samt ekki hvort þetta er hluti af námsefninu, líklega bara eitthvað sem kemur frá okkur.

Það er athyglisvert að mínu mati að umræðuna um klám er ekki að finna í kennsluáætlunum eða sem hluti af námsefninu heldur er þessi fræðsla, eins og áður hefur komið fram, á ábyrgð kennara og hjúkrunarfræðinga að ræða ef þeim þykir það mikilvægt. Sumir kennararnir héldu því fram að einhver umræða hefði farið fram um klám en það hefði oft á tíðum tengst

sértilfellum og þá málum sem komu upp í bekknum sem tengdust klámi eins og kom fram í viðtali við kennara 3:

Og ef eitthvað kemur upp sko strákarnir eru stundum bara jújú bara það er verið að tala um typpi og bara þau sjá eitthvað í sjónvarpinu og á netinu og þá tekur maður þessa umræðu en það er ekkert markvisst heldur bara þannig ef það er eitthvað en ég held það sé meira farið í þetta markvisst á unglíngastiginu...

Af ummælum kennara 3 að dæma þá er ekki markvisst farið í umræðuna um klám en umræðan er tekin upp ef eitthvað kemur upp á. Kennari 3 talar líka um að þessi umræða sé tekin upp í eldri bekkjum skólans en rýnihóparnir voru ósammála því. Það kom víða fram í viðtölunum að kennarar væru nokkuð vissir um að umræða og fræðsla um klám ætti sér stað á unglíngastiginu án þess að vera alveg viss um það. Kennari 4 hafði svipaða sögu að segja um sértilfelli þar sem fjallað var um klám:

Já það var sko þegar eitthvað kom upp þar sem þeir voru að fara inn á klámsíður strákarnir og voru að láta eða segja einni stelpu að fara inn á þessa síðu og hún gerði það og það var bara rosa vandamál... þannig að já já ég hef alveg talað aðeins um það bara svona rétt komið inn á það sko

Þetta er merkilegt, að klám sé rætt ef það kemst upp um áhorf eða áhuga eða einhverja hegðun sem nemendur sýna sem þykir ekki vera við hæfi. Kennari 4 tekur dæmi þar sem strákar í bekknum voru að sýna stelpu klám sem hún vildi alls ekki sjá. Í rannsókn Guðbjargar H Kolbeins kemur fram að 60% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni sáu klám án þess að vilja það og sáu þeir klámið á netinu í svokölluðum „popup“ gluggum eða í tölvupósti (2006;127). Greinilegt er að þetta er ekkert einsdæmi og mjög alvarlegt að unglíngar séu að sjá klám án þeirra samþykkis, en þessi umræða kom fram í rýnihópnum. Kennari 3 tók dæmi um nemanda hjá sér þegar hún sagði „*hafa farið svolítið fram úr sér*“ þegar ég spurði hvað hún ætti við með því og hver lausnin hefði verið svaraði hún:

bara sko hann fór fram úr sér og var að sýna þessu meiri áhuga en hann átti að gera og sko var að skoða myndir og myndbönd ég var bara búin að steingleyma þessu og sko við tókum bara á því eða mamma hans kom bara og bara hvað eigum við að gera og við tókum bara á því og bara ræddum það og hvað hún gerði og svona vorum samstíga...

Viðbrögð og orðalag kennarans er athyglisverð en kennaranum virðist finnast óþægilegt að ræða þessa hluti og gefur mér ekki beint svar um hvernig tekið var á málinu. Hún nefnir að nemandi hafi farið fram úr sér og nefnir sem dæmi að hann hafi verið að skoða myndir og myndbönd sem ætla má að hafi verið klám miðað við umræðuefnið en samt sem áður segir kennari 3 það ekki orðrétt. Hún nefnir að þetta mál hafi verið rætt við mömmu hans og þær verið samstíga hvernig bregðast átti við. Ekkert var rætt við aðra nemendur um þessi mál.

Þegar ég spurði nemendurna í rýnihópaviðtölunum út í fræðslu eða umræðu um klám í 6. og 7. bekk voru svörin flest öll á þá leið að ekki hefði verið fræðsla um klám á þessum tíma. Svörin voru flest einróma nei en Kolbrún bætti við: „Ég held samt að við vissum öll hvað þetta var, það var bara aldrei útskýrt fyrir okkur þú veist að þetta væri rangt“.

Þetta er mikilvægur punktur. Að mati Kolbrúnar vissu allir nemendurnir af því að klám væri til en enginn útskýrði fyrir þeim hvað klám er og hvers vegna það þykir skaðlegt fyrir áhorfandann og aðra. Mér finnst Kolbrún ekki ennþá vera með það á hreinu hvernig klám getur verið skaðlegt, enda hefur enginn rætt við hana um skaðsemi kláms af einhverri alvöru. Svörin frá rýnihópunum voru öll á þá leið að ekki hefði verið nein umræða eða fræðsla um klám í 6. og 7. bekk en einhver fræðsla hefði átt sér stað á eldri stigum grunnskólans. Þegar ég spurði út í þá fræðslu voru svörin merkileg, en margir nemendur minntust á fræðslumyndina *Fáðu já* sem aðal eða eina kennsluefnið um klám. Harpa segir:

En við horfðum náttúrulega á myndina fáðu já og við tókum umræðuna sko út frá því og svo vorum við bara að tala um eitthvað svona

Friðrik tekur í svipaðan strang og segir: „Jú þarna einn tími út af þarna myndinni fáðu já þá var einn tími með hjúkrunarfræðingnum.“ Fleiri svör voru á þá leið að myndin *Fáðu já* hefði brotið ísinn og út frá henni hefði verið rætt um klám við þau. Það er mjög jákvætt að myndin *Fáðu já* sé að opna á umræðuna um klám en að sama skapi er óvíst hvort þessi fræðsla sé að koma inn of seint. Þegar ég spyr nemendurna hvernig fjallað hafi verið um þessi mál svaraði

Elín: „Það var bara alltaf verið að segja okkur að þetta væri leikið og þetta væri ekki svona í alvörunni mér fannst það.“ Í einum rýnihópnum var minnst á að kennarinn hefði tengt umræðuna um klám við tónlistarmyndbönd og að mörg myndbönd væru klámfengin og óviðeigandi. Þessi umræða hefur átt sér stað í kringum myndina *Fáðu já* og hefur kennarinn tengt myndina við tónlistarmyndbönd og hvernig þau eru í dag. Það að tengja myndina við daglegt líf og það sem ungmennin eru að horfa á og nota það í kennslu hljómar vel. Aðrir rýnihópar könnuðust ekki við neina umræðu um klám, hvorki í 6. og 7. bekk né á eldri stigum grunnskólans en það er í samræmi við svör kennaranna að þetta sé mismunandi milli skóla. Mér fannst Rós koma með athyglisverðan punkt um fræðsluna en hún sagði:

Bara talað um að það sé mikil klámvæðing og bara þú veist og öllum finnst það hneykslanlegt en það er ekkert verið að fræða okkur um af hverju.

Tilfinning mín um þessi fræðslumál eru einmitt sú að umræðan snúist frekar um að þetta sé slæmt en lítið sé farið í það að hvaða leiti klám er slæmt og hvaða áhrif það getur haft, hvort sem er á persónulegt líf nemenda, líf þeirra sem vinna í klámbransanum eða hvaða áhrif þetta hefur á kynjuð valdatengsl.

6.3 Ábyrgð foreldra

Þegar ég ræddi við kennarana og hjúkrunarfræðingana um ábyrgð foreldra á að fræða börn sín um klám og skaðsemi kláms voru svörin margvísleg en kennari 4 hafði þessa skoðun á málinu:

...ég sko held að foreldrar treysti sér ekkert í þessa umræðu það er svona það sem maður hefur svona skynjað en þetta er meira svona allt lagt á skólann. Skólinn getur náttúrulega ekki staðið einn í þessu þannig að það er bara vonandi að eftir því sem þetta byrjar fyrir og verður í umræðunni þá hérna þá geti fólk bara tekið höndum saman og bara foreldrar og skóli

Ég skil afstöðu kennara 4 að skólinn geti ekki einn staðið í þessari fræðslu en því miður verðum við að hafa í huga að ekki allir nemendur eiga foreldra sem taka virkan þátt í skólustarfi og þeirri kennslu og fræðslu sem fer þar fram og því er mikilvægt að fræðsla eins og þessi eiga sér stað í skólakerfinu. Hugmynd kennara 4 um að skólinn og heimilin geti tekið

höndum saman í þessari fræðslu hljómar vel og ætti að vera lagt upp úr því að efla tengslin á milli skóla og heimilis þegar kemur að fræðslumálum. Hjúkrunarfræðingur 1 var með góðan punkt sem tengdist foreldrum en hún sagði:

hafa kannski fræðslu fyrir foreldrana segja svona fylgist með hvað krakkarnir eru að skoða hvað krakkarnir eru að gera á netinu og láta loka síðunum frekar en að segja að klám sé bannað þá myndu þeir einmitt fara beint heim í tölvu og skoða það held ég

Hugmyndin um fræðslu fyrir foreldra hljómar vel en að mati margra viðmælenda eru nemendur margir hverjir komnir mun lengra í netnotkun en fullorðna fólkið og því væri ekki vitlaust að opna augu foreldra og kennara fyrir veruleikanum sem nemendur búa við á internetninu. Umræðan um að loka síðum finnst mér skiljanleg en ég sé það hins vegar ekki sem varnalega lausn enda er erfitt að loka öllum síðum sem geyma klám en eins og Pamela Paul (2005:174-175) bendir á eiga ungmenni auðvelt með að komast í gegnum varnir á internetinu. Kennari 4 talar einnig um netnotkun og ábyrgð foreldra:

Sko það æ svo iii finnst manni sko foreldrar þurfa svolítið að taka ábyrgð það er sko sumir foreldrar tala bara ekki um netið eða netnotkun barnanna sinna þannig að það eru þeir nemendur sem eru að fara út um allt og fara á hinar og þessar síður og kenna svo hinum þannig að vissu leiti ætti sko foreldrar eða þetta ætti að einhverju leiti að vera í skólanum en líka ábyrgðin á að fara að einhverjum hluta heim

Ég skil skoðun kennara 4 á þessum málum en mér finnst þessi punktur undirstrika tilfinningu mína á því að ekki eru allir foreldrar sem tala við börnin sín um netnotkun og þau börn sem ekki fá fræðslu heima geta eins og kennari 4 bendir á sýnt öðrum nemendum síður sem innihalda klám eða eitthvað annað sem varhugavert er fyrir börn að skoða. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að fræðslan fari fram í skólanum.

Þegar ég spyr nemendurna í rýnihópunum að því hvort foreldrar þeirra ræði við þau um klám eru svörin flest öll neikvæð en enginn viðmælenda minna hafði rætt um klám við foreldra sína. Þegar ég spurði hvort þau héldu að foreldrarnir vissu af klámnotkun ungmenna

voru nokkrir sem héldu að foreldrarnir vissu af þessu en samt sem áður hafði þetta ekki verið rætt. Strákahópurinn sem allir viðurkenndu að horfa á klám reglulega voru allir vissir um að foreldrar þeirra hefðu ekki hugmynd um það.

Jói bendir á: ... „sko eins og með foreldrana, þeir hugsa líka kannski að hann sé of ungur að gera þetta.“ Þetta er sami hugsunarhátturinn og kennararnir hafa sem maður skilur í sjálfu sér enda eins og ég hef bent á er erfitt að sjá börn fyrir sér sem unglinga á þessum aldri. Rós líkir þessu við umræðuna um áfengi og segir:

Ég held að það sé sama og alveg eins með drykkju sko eins og með fyrsta barn að það byrji ekkert í þessu og svona og eins með klám en sko krakkinn er alveg að pæla í þessu samt eða þannig

Ég held að Rós hafi rétt fyrir sér, foreldrar hugsa að þetta komi ekki fyrir barnið sitt og hugsa þar að leiðandi ekki meira um þetta en ég held líka að fólk átti sig ekki á skaðsemi kláms og hvaða áhrif klámnotkun getur haft sérstaklega þegar notkun byrjar snemma. Eins og Dines (2010) bendir á geta drengir sem byrja snemma að horfa á klám orðið tilfinningalega dofdir og átt í erfiðleikum með að mynda sambönd byggð á tilfinningum. Hún bendir einnig á að sýn þeirra á kynlíf og konur sé ekki byggt á raunveruleikanum og því gætu ýmis vandamál og vonbrigði komið upp þegar þessir drengir byrja að stunda kynlíf með öðrum. Rós bendir einnig á að krakkar séu að pæla í þessum hlutum sem rímar við niðurstöður annarra rannsókna. Kalli kemur með svipaðan punkt og Rós og segir:

En sko þarna með foreldrana þú veist það er kannski mjög margir sem hugsa svona sko strákurinn minn hann gerir ekkert svona en þannig að ég held að það þyrfti að laga líka

Kalli heldur því fram að margir foreldrar hugsi að barnið þeirra sé ekki að fikta við að horfa á klám. Það er upplifun Kalla og það er líklegt að hann hafi rétt fyrir sér en greinilegt er á umræðunni sem átti sér stað í rýnihópunum að fáir foreldrar ræða um klám og klámnotkun við börn sín.

6.4 Skaðsemi kláms

Ég ræddi lítið um að hvaða leiti klám væri skaðlegt þegar kom að kennurum og hjúkrunarfræðingunum en mér fannst ég ekki vera í aðstöðu til að geta beðið þær um að útskýra fyrir mér skaðsemi kláms án þess að það myndi virka eins og yfirheyrsla. Mín tilfinning var sú að kennararnir og hjúkrunarfræðingarnir voru ekki með það alveg á hreinu að hvaða leiti klám er skaðlegt en við ræddum það samt sem áður á þeim forsendum að við vissum báðar um hvað málið snérist. Það er að mínu mati erfitt að koma inn í skólana sem rannsakandi og ýja að því við kennarana að kennsluhættir þeirra séu ekki nógu góðir. Í kafla 5 fjalla ég um námsefni sem tengist þessari umræðu og þar kemur fram skortur á námsefni sem fjallar um klám og skaðsemi þess og finnst mér það svara því að einhverju leiti hvort kennarar og hjúkrunarfræðingarnir geri sér grein fyrir skaðseminni og mikilvægi þessa forvarnarstarfs.

Þegar ég spyr nemendurna í rýnihópnum um það hvort þau haldi að klám hafi áhrif þá játa þau því flest og stelpurnar halda því staðfastlega fram að klám hafi áhrif. Þegar ég spyr að hvaða leiti eru svörin margvísleg og Maggi svarar: „*Ranghugmyndir um fólk og líkama*“ og félagar hans í rýnihópnum kinka kolli því til samþykkis. Kolbrún segir: „*Mér finnst þetta alltaf vera svo mikil niðurlæging í garð kvenna*“ og vinkonur hennar í rýnihópnum taka í sama streng og umræðan fer að snúast um klámvæðingu í tónlistarmyndböndum. Mér finnst greinilegt að krakkarnir gera sér að einhverju leiti grein fyrir skaðsemi kláms

Þegar ég spyr stelpurnar hvort klám hafi áhrif á þeirra persónulega líf fæ ég bæði jákvæð og neikvæð svör. Sumar segjast ekkert finna fyrir því á meðan aðrar segja já með þunga. Þegar ég spyr að hvaða leiti svara þær að þær finni fyrir því að kærastar þeirra horfi á klám og þegar ég spyr nánar út í það svarar Sara:

bara hann horfir alveg reglulega á þetta og mér finnst það sko alveg mjög böggandi og hann hefur farið inn á þetta meðan ég er með honum og það fer í taugarnar á mér ég hef alveg sagt honum það hann veit það alveg. Hann er sko til dæmis ég sé það alveg að þetta er alveg búíð að heilapvo hann og honum finnst að kynlíf eigi að vera alveg svona svakalega hvað segi ég rosalega villt skilurðu, þannig að

Þetta eru einmitt áhrifin sem mikilvægt er að ræða við krakkana um bæði stelpur og sérstaklega stráka. Klámið gefur ranga mynd af kynlífi á margan hátt eins og t.d. að það eigi að vera villt og ganga á flest öll mannleg mörk. Þegar ég spyr stelpurnar í einum rýnihópnum að því hvort þær haldi að kynlíf þeirra eigi eftir að litast eða sé litað af klámi eru þær allar sammála um að klámið hafi áhrif. Arna segir: „*Já algjörlega meira en það var þú veist bara fyrir nokkrum árum*“ og hinar taka í sama streng og benda á að endaparmsmök séu eitthvað alveg nýtt og vilja kenna kláminu um. Sara segir í sambandi við endaparmsmök: „*Þú veist það er alveg búið að biðja mig um það oft en ég bara harðneita sko.*“ Þær tala um hversu pirrandi þeim finnist að þetta sé orðið eðlilegur hluti af kynlífi. Í blandaða rýnihópnum komu upp svipaðar umræður en þar eru krakkarnir sammála um að það sé orðið slæmt ef maður er byrjaður að apa upp kynlífsathafnir eftir kláminu eða eins og Sjöfn segir: „*Já fara að nota þú veist það sem þú sérð*“ og hin eru sammála.

6.5 Samantekt

Í þessum kafla byrja ég á að spyrja kennarana og hjúkrunarfræðingana hvort þær haldi að nemendur þeirra í 6. og 7. bekk séu byrjaðir að horfa eða fíkta við að horfa á klám og svörin eru bæði jákvæð og neikvæð. Einhverjir vildu loka augunum fyrir þessu vandamáli á meðan aðrir grunuðu ákveðna nemendur um klámnotkun. Þegar ég ber þessi svör saman við svör rýnihópna kemur í ljós að krakkarnir héldu því flest öll fram að þau hefðu verið byrjuð að horfa á klám eða vissu allavega hvað klám var. Mér finnst mikilvægt að hugsa um að klám er víða og fyrirfinnst í kvikmyndum, tónlistarmyndböndum og á internetinu og það er barnaleg skoðun að vilja ekki menga huga nemenda með því að byrja umræðuna. Það er löngu búið að menga hugarheim barna hér á landi ef miðað er við rannsóknir (Guðbjörg H Kolbeins, 2006; Dines, 2010; Paul, 2005).

Ég ræddi svo hvort forvarnarstarf á þessu skólastigi eigi rétt á sér og skoðanirnar voru aftur skiptar en aftur var bent á að þroski nemenda væri ólíkur á þessu tímabili. Mér fannst merkilegt hvað þessi fræðsla er mikið til í höndum kennara og ekki er mikil áhersla lögð á þetta málefni en það kemur glögggt fram í kennsluskrá og námsáætlunum. Ekki var mikið um fræðslu eða umræðu um klám á þessu skólastigi hvort sem umræðan beindist að klámi eða klámvæðingu. Ef upp komst um klámnotkun einstaka nemenda var tekið á því án þess að fræðsla færi fram í öllum bekknum. Það var ekki minnst á námsefni sem fjallaði um klám og því var þetta eitthvað sem kennarar eða hjúkrunarfræðingar þurftu að finna upp á hjá sjálfum sér að fjalla um. Nemendurnir sem ég ræddi við könnuðust ekki við fræðslu eða umræðu um

klám á þessu stigi. Ég ræddi ábyrgð foreldra og svörin voru á þá leið að gott væri ef samstarf væri milli skóla og heimila um þessi mál en ég held að samt sem áður verði fræðslan að vera öflug í skólunum því við getum ekki ætlað okkur að allir eigi foreldra treysti sér í þessa umræðu. Nemendurnir sem ég ræddi við höfðu ekki rætt þessi mál við foreldra sína. Skaðsemi kláms finnst mér vera greinileg og nemendurnir, sérstaklega stelpurnar, sem ég ræddi við könnuðust við það úr sínu persónulega lífi.

7 Fræðsla um kynferðislegt ofbeldi

Árið 2007 varð Ísland aðili að samningi Evrópuráðs um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misbeitingu barna (Velferðarráðuneyti, 2014). Samningurinn er veigamikill og markmið hans eru að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegri misnotkun á börnum, en einnig að vernda börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og efla baráttuna bæði innanlands og utan þess (Evrópuráðssamningur, 2007:4). Í 6. grein samningsins segir frá fræðslumálum og þar kemur fram:

Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að börn fái upplýsingar, sem miðast við þroska þeirra, í grunn- og framhaldsskóla um hættu á kynferðislegri misbeytingu? og kynferðislegri misnotkun og jafnframt um hvernig þau eigi að verja sig. Þessar upplýsingar, sem eru veittar í samstarfi við foreldra, eftir því sem við á, skulu veittar á vettvangi almennrar kynfræðslu og skal lögð sérstök áhersla á áhættuáðstæður, einkum þær sem felast í notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni (Evrópuráðssamningur, 2007:6).

Þarna eru skýr fyrirmæli um hvernig forvarnarstarf eigi að eiga sér stað en það á að gerast á grunn- og á framhaldsskólástigi. Tekið er fram að þessi fræðsla eigi að eiga heima í almennri kynfræðslu og þar eigi sérstaklega að huga að nýrri upplýsinga- og fjarskiptatækni og hættunum sem þeim fylgja og tengjast kynferðislegu ofbeldi. Í 5. grein kemur fram að hver samningsaðili skuli gera ráðstafanir hvort sem þær verða bundnar í lög eða ekki, sem vekja fólk sem vinnur náið með börnum og unglíngum til vitundar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Það er því ljóst að Ísland hefur skuldbundið sig til að efla fræðslu um kynferðislegt ofbeldi og er vinna sem fylgir því í fullum gangi eins og ég hef tekið fram en verkefnið Vitundarvakning gegn kynferðisofbeldi gegn börnum er hluti af því (Velferðarráðuneyti, 2014).

7.1 Er einhver umræða um kynferðislegt ofbeldi á miðstigi grunnskólanna?

Ég spurði alla kennarana sem ég tók viðtal við hvort einhver umræða væri í lífsleiknitímunum þeirra sem snéri að kynferðislegu ofbeldi. Með spurningunni var ég að athuga hvort einhver umræða væri um nauðganir, kynferðislegt ofbeldi og afleiðingar þess á þessu stigi í lífsleiknikennslunni. Ég útskýrði spurninguna fyrir viðmælendum mínum og við spjölluðum

talsvert oft um hvað hugtakið nauðgunarmenning stendur fyrir. Umfjöllun um nauðganir og kynferðisafbrot er mikil í fjölmiðlum og myndi ég telja að orðið nauðgun sé hugtak sem börn á þessum aldri hafa heyrt eða lesið um í blöðum. Ég spurði út í umræðu um nauðganir og kynferðislegt ofbeldi til að kanna hvort einhver umræða væri um þessi mál á þessu skólastigi. Hvort að kennurum og hjúkrunarfræðingum fyndist þessi umræða eiga heima í skólum og hvernig ætti að ræða þessi mál við nemendur. Ég vildi fá að vita hvort áhersla væri á að ræða þessi mál og hvort að áherslan kæmi frá kennurunum sjálfum eða skólafyrvöldum. Flestum kennurunum fannst ekki þægilegt að ræða þessi mál við mig, kennarar roðnuðu oft, hikuðu og vissu oft á tíðum ekki alveg hvernig ætti að ræða um þessi mál við mig. Íðulega var bent á að nemendur á þessum aldri væru of ungir fyrir þessa umræðu. Þrátt fyrir að kennurum hafi mörgum hverjum ekki þótt þægilegt að ræða þessa hluti við mig svöruðu allir spurningum mínum sem oftast en ekki þróuðust út í umræður um málefnið. Kennari 2 svaraði spurningu minni um málefnið svona:

já en það er meira í svona þú ræður yfir þér og svona virðing fyrir þínum líkama þannig að ef einhver vill gera eitthvað við þig eða gera eitthvað með þér þá ert þú í þeirri stöðu að segja nei og þú hefur stjórn og getur sagt nei og átt að segja frá ef eitthvað gerist, þannig að þetta er meira á því plani en það hefur alveg gerst að einhver hefur haft sögur að segja frá einhverju sem hefur gerst fyrir einhvern og þá er það alveg eitthvað rætt þegar það kemur upp þetta er líka sko bara þau eru ung.

Þarna leggur kennari 2 mikla áherslu á það við nemendur að þeir ráði yfir sínum líkama og eigi að bera virðingu fyrir honum. Sú umræða er mjög góð og einnig áherslan á að segja frá ef eitthvað kemur upp á en sá punktur er mjög mikilvægur. Kennari 2 leggur áherslu á að nemendur segi nei ef þeir lenda í aðstæðum sem þeir kæra sig ekki um. Það er athyglisvert að kennari 2 leggi áherslu á nei-ið því sú umræða sem snýr að nei-inu er að mestu farin úr þessari umræðu. Umræðan um samþykki er orðin háværar og eins umræðan um að fá já og samþykki áður en kynlíf byrjar. Verkefnið *Fáðu Já* sem ég fjalla um í kaflanum um námsefni leggur ríka áherslu á að fá já þegar kemur að kynlífi ungmenna og er það eins og nafnið gefur til kynna útgangspunkturinn í umræðunni. Í leiðarvísi sem fylgdi með myndinni *Fáðu já* og er ætlaður kennurum, foreldrum og forráðamönnum kemur fram að með umræðunni nei þýðir

nei sé verið að koma ábyrgðinni á þolendur (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Brynhildur Björnsdóttir, 2012). Rannsóknir sýna fram á að allt að fjórðungur þolenda bregst við ofbeldinu með því að stirðna og koma ekki upp úr sér orði (Atli Gíslason og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, 2006). Það er því ekki í takt við nýjustu umræður og rannsóknir að fjalla um nauðganir út frá nei þýðir nei umræðunni.

Kennari 2 er ekki viljandi að fara með rangt mál með því að minnast á mikilvægi þess að segja nei og það er ekki gert með slæmum ásetningi. Kennari 2 er þarna að leggja áherslu á að nemendur þekki sín mörk og geti sagt nei þegar farið er yfir þessi mörk. Umræðan um að þekkja sín eigin mörk er mjög mikilvæg inn í umræðuna um kynferðislegt ofbeldi og það er greinilegt að kennari 2 vill fræða nemendur sína og það er mikilvægt. Það væri auðveldara fyrir kennara 2 að fjalla ekkert um þessi mál en hvernig hún orðar hlutina finnst mér bera merki þess að það skorti á frekari fræðslu fyrir kennara um þessi mál. Kennari 2 tekur fram að ef umræður um þessi mál koma reglulega upp innan hópsins þá sé rætt um þessi mál. Það er jákvætt að þessir hlutir séu ræddir en það er samt greinilegt að það er aðeins gert þegar og ef þessi mál koma ítrekað upp í umræðu nemenda. Kennari 2 minnst einnig á að henni finnst nemendur á þessum aldri of ung sem gefur til kynna að henni finnst ekki tímabært að ræða þessa hluti við þennan aldur. Þegar ég spyr kennara 2 nánar út í þessi mál svarar hún:

Nei þetta er ekkert sérstaklega tekið upp ekki hjá þessum hóp allavega eða sko ekki hjá mér finnst það nefnilega skipta miklu máli hvernig hópurinn er ef maður veit af því að þetta er eitthvað í umræðunni hjá þeim á neikvæðan hátt þá er tekið á þessu eða talað um þetta en eins og ég segi þá er það ekki gert nema eitthvað komi upp á og það hefur ekki verið mikið um það hjá þessum hóp. Og svo er þetta auðvitað mjög þunn lína eins og við ræddum áðan þannig að kannski er þetta of seint þegar það er rætt við þau en ég þori ekki að gera það samt of snemma og svo eru kannski krakkarnir ólíkir innan hópsins og mér finnst ekki að einhverjir sem eru ekki byrjaðir að hugsa um svona mál þurfi að gera það áður en þeir þurfa.

Kennari 2 ítrekar að þessi umræða sé ekki tekin sérstaklega innan hópsins, að minnsta kosti ekki að henni vitandi. Það er merkilegt að kennari 2 telur það skipta grundvallarmáli hvernig hópurinn sé og það eigi að ákvarða hvenær og hvort þau fá fræðslu um þessi mál. Það er

merkilegt að kennari beri svona mikla ábyrgð á fræðslustarfinu og það kemur alltaf betur og betur í ljós hvað þetta er mikið í höndum einstaka kennara sem fylgja sinni sannfæringu frekar en föstum stöðlum og aðalnámskrá. Því miður er kynferðislegt ofbeldi algengt en eins og fram kemur í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2013 en það ár komu inn 323 ný mál. Í skýrslunni kemur einnig fram að tæplega 36% þeirra sem leituðu sér aðstoðar vegna kynferðislegs ofbeldis voru á aldrinum 11-17 ára þegar ofbeldið átti sér stað og var þetta stærsti hópurinn (Stígamót, 2014:36). Þessar tölur sýna það greinilega að unglingsárin eru stærsti áhættuhópurinn þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi en hópurinn sem kemst næst þessari tölu er aldurinn 5-10 ára en 33% þeirra sem leituðu sér hjálpar hjá Stígamótum árið 2013 voru á þeim aldri þegar ofbeldið átti sér stað (Stígamót, 2014:36). Íslensk rannsókn frá árinu 2010 sýnir að 13,6% stúlkna og 2,8% drengja höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur (Berglind Rós Magnúsdóttir ofl, 2010). Í skýrslu Innanríkisráðuneytisins um einkenni og meðferð nauðgunarmála á tímabilinu 2008-2009 kemur fram að 189 tilkynningar bárust lögreglu vegna kynferðisafbrotá á þessu tímabili, og 40% þolenda voru stúlkur undir 18 ára aldri (Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 2013). Það er því greinilegt að þrátt fyrir að nemendur á þessum aldri þyki of ungir fyrir þessa umræðu þá eru þeir það í raun ekki og miðað við þessar tölur er mikilvægt að ræða þessa hluti við nemendur á þessum aldri.

Kennari 2 talar um að hún vilji ekki byrja þessa umræðu þar sem einhverjir innan hópsins séu ekki byrjaðir að hugsa um svona mál, hún vill ekki að nemendur þurfi að hugsa um þessa hluti áður en þeir þurfa. Auðvelt er að skilja þessa hugsun kennara 2 en því miður er veruleikinn sá að unglingar á þessum aldri eru orðnir áhættuhópur þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi og mikilvægt að ræða þessa hluti við þá. Umræðan um þunnu línuna var áberandi í viðtölunum og greinilegt að kennarar vilja passa sig að vera réttu megin við þessa þunnu línu sem endar með því að viðkvæmir hlutir eru ekki ræddir. Þegar ég spurði kennara 5 um fræðslu og umræðu um kynferðislegt ofbeldi var hún viss um að umræðan um nauðganir færi fram í unglingadeildinni og sagði:

Það er gert hér í herna í unglingadeildinni ég veit það en það er herna það er líka af því það hefur verið svona búið að vera að innleiða jafnréttisstefnu og mér finnst það alveg rosalega jákvætt að ræða svoleiðis hugtök samhliða en ég veit að það hefur verið í sem sagt lífsleiknikennslu þar og einhverju leiti inn í náttúrufæðinni

Það er jákvætt að þessi umræða sé tekin að einhverju leiti í unglingsdeildinni en spurningin er hvort það mætti byrja þessa umræðu fyrr og byggja svo á þeirri fræðslu í eldri bekkjum grunnskólans. Það er jákvætt að jafnréttisstefna sé innan skólans og greinilegt að kennari 5 er ánægður með stefnuna og finnst það grundvöllur að ræða hugtök sem tengjast kynferðislegu ofbeldi í tengslum við það. Ég spurði kennara 5 hvort einhver umræða væri hjá nemendum um þessi mál og kennari 5 svaraði:

Og hvernig þau eru að nota þessi orð sem blótsyrði hættu að nota eins og hommi og eitthvað svoleiðis sem eru náttúrulega ekki blótsyrði og skiptu út í barnaperrinn þinn og þessi og þessi og þessi og það var bara það þurfti bara að fara í að merkja þessi orð og hvað þau þýða og svona hvernig getur mönnum liðið í kringum ykkur þegar þau heyra ykkur kalla þessum nöfnum og svona það hefur ekki verið mikið með kannski svona klám eða nauðganir það hefur ekki verið eins í umræðunni ekki náð kannski eins til þeirra eða ná ekki að tengja það við sig.

Kennari 5 er að mínu mati að vinna gott starf með því að útskýra hugtök eins og barnaperri og ræða hvernig svona orð geta haft áhrif á aðra sem heyra. Það er mikilvægt að útskýra hugtök en ekki bara að banna notkun þeirra. Hugtök eins og nauðgun og klám hafa ekki verið í umræðunni hjá nemendum að mati kennara 5 og því hefur ekki verið rætt sérstaklega um þessi mál við þau. Ég spurði kennara 4 hvaða ástæður hún telji vera fyrir því að þessi mál séu ekki til umræðu á þessu skólastigi, hún svaraði:

sko fyrir mér held ég að mér hefur fundist 6. bekkur of ungur fyrir það, mér finnst það kannski svolítið meira eiga heima upp í unglingsstiginu og það hefur verið meira þannig að sko að forvarnafræðslan eigi meira heima þarna og erum reyndar byrjuð að koma með í 6. bekk svona eitthvað sjálfstraust og eitthvað þannig og síðan er þetta hérna Blátt áfram kemur alltaf á unglingsstigið það er ekkert hérna á miðstiginu hefur ekkert verið svo þarna maður verður bara svo samdauna og bara þá fer maður í það form þetta er það sem ég geri og bara hinir sjá um hitt...

Kennari 4 heldur fram eins og fleiri kennarar að nemendur á miðstigi séu of ung fyrir forvarnarstarf eins og þetta. Hún talar um að lítið forvarnarstarf sé á þessu stigi en minnst á að Blátt áfram samtökin mæti á unglingsstigið með fræðslu. Ummæli kennara 4 um að hún sé

orðin samdauna mætti túlka sem svo að kennari 4 telji sig vera orðinn hluta af ríkjandi hefðum og venjum sem gilda í skólanum. Það er auðvelt að detta í þá gryfju, fara bara að gera hlutina eins og allir hinir eru að gera, og hætta að hugsa um hvort einhver þróun hafi orðið á málaflokknum. Ég spyr kennara 4 nánar út í þessi mál og hún svarar:

en eins og ég segi maður tekur bara á málunum þegar þau koma og bara 6 bekkur þau eru bara svo mikil kríli eitthvað þau reyndar fullorðnast alltof fljótt eins og núna en þú veist það hefur bara ekkert gefist svona...

Kennari 4 endurtekur að nemendur hennar séu ungir en tekur samt fram að þeir vaxi hratt úr grasi. Það er ef til vill erfitt fyrir kennara að ákveða hvenær nemendur eru komnir á þann stað í þroska að þeir séu tilbúnir fyrir fræðslu eins og þessa en greinilegt er á ummælum kennara 4 að henni finnst nemendur sínir vera börn. Ég spyr kennara 4 hvort henni finnist nemendur í 7. bekk vera of ungir fyrir fræðslu um kynferðislegt ofbeldi og hún svarar:

Kannski á mörkunum þar fyrri hluti 6. bekkjar eru þau sko algjör börn og svo núna á vorönn þá þá eru þau að svona að þroskast mis hratt sumir eins og sko sumir gætu alveg verið í 8. bekk miðað við hvernig þau hegða sér

Umræðan um að nemendur séu á ólíkum stað í þroska þrátt fyrir að vera á sama aldri kom upp víða í viðtölunum. Það var greinilegt að aldurinn þegar nemendur eru í 6. og 7. bekk er aldurinn þar sem þeir eru hve ólíkastir í þroska að mati kennara.

Ég spurði skólahjúkrunarfræðingana einnig út í umræður um kynferðislegt ofbeldi og nauðganir og það var allt öðruvísi að ræða þessi mál við þær heldur en kennara. Þeir voru ekki vandræðalegir og gátu rætt þessa hluti á opinn og fræðilegan hátt en það kom best í ljós hvernig þeir orðuðu hlutina og í hugtakanotkun þeirra. Ég tel að nám þeirra í hjúkrunarfræðinni geri það að verkum að þeim finnist ekki vandræðalegt að ræða þessa hluti. Ég spurði hjúkrunarfræðing 1 hvort einhver umræða um kynferðislegt ofbeldi og nauðganir færi fram í kynfræðslunni í 6. bekk:

Ekki sko ekki þannig eða í 6. bekk ræði ég kynferðislega misnotkun og hérna þegar það er verið að þröngva einhvern til samfara en ekki beint nauðgun en hérna ég geri það alveg í 8. og 9. bekk þá fer ég alveg yfir þá umræðu

Samkvæmt hjúkrunarfræðingi 1 er byrjað að ræða þessa hluti að einhverju leiti í kynfræðslunni í 6 bekk, þar er rætt um kynferðislega misnotkun og svo er byggt á þessari fræðslu þegar komið er í 8. og 9. bekk og þá er umræðunni haldið áfram. Ég spurði hvort henni fyndist nemendur í 6. og 7. bekk vera of ungir fyrir fræðslu um nauðganir og hún svaraði:

Ég veit það ekki ég bara... ég bara veit það ekki þau eru sko ekkert of ung fyrir þessa umræðu í 7. bekk og ég ræði við þetta að einhverju leiti í 6. bekk þessa misnotkun og ég segi ég man ekki hvort ég nota eða sko tali alveg um nauðgun en ég tala um þegar það er verið að þvinga einhvern til kynlífs sem er náttúrulega nauðgun en ég held ég nota það orð

Að hennar mati eru nemendur í 7. bekk ekki of ungir fyrir fræðslu sem snýr að kynferðislegu ofbeldi. Enginn fræðsla fer fram í 7. bekk sem er í höndum hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingur 1 ræðir við nemendur sína sem eru í 6. bekk um kynferðislegt ofbeldi og þó að orðið nauðgun sé ekki notað þá er umræðan engu að síður mjög góð og þörf. Það er auðvelt að byggja á umræðunni sem á sér stað í 6. bekk á eldri stigum skólans. Hjúkrunarfræðingur 1 tekur fram að bæði kynin fái sömu fræðslu um þessi mál og önnur og er greinilegt að það er hjúkrunarfræðingi 1 mikilvægt. Þegar ég spyr hvernig nemendur hennar taki í þessa umræðu svarar hún:

Það er nú alveg misjafnt sko fyrst verða þínu hissa en svo yfirleitt koma þau með spurningar og bara mér finnst skilning að einhverju leiti... en þetta helst líka í hendur við bara samfélagsumræðuna þau heyra þetta allt sko fréttir og bara 12 ára börn horfa alveg á kastljós líka en mér finnst það bara vera gott og mér finnst eða ég upplifi það þannig að ef ég tala um þetta líka þá er það þannig að þau geti talað um þetta við mig ef eitthvað kemur upp á og bara að þau viti bara af því hvar ég stend og að þau geti leitað til mín og þá myndi ég ekki koma að fjöllum eða þú skilur það eru börn að lenda í kynferðislegri misnotkun og bara mér finnst mikilvægt að þau hafi marga aðila í lífinu sínu sem þau gætu leitað til og mér finnst mikilvægt að bara tala um þetta við þau en mér finnst líka bara þó ég sé

kannski ekki að fara djúpt í hlutina þá er þetta alls ekkert tabú ég held að það skipti miklu máli

Það er greinilegt á hjúkrunarfræðingi 1 að henni er mikið í mun að nemendur hennar viti hvert þeir geta leitað ef eitthvað kemur upp á. Það er augljóst að hjúkrunarfræðingur 1 hefur hugsað mikið út í þessa hluti og hún er að mínu mati með mjög skýra og góða sýn þegar kemur að þessum hlutum. Hún tekur það sérstaklega fram að hún vilji að nemendur hennar finni að þetta umræðuefni er ekki tabú fyrir henni. Það er ekki auðvelt fyrir nemendur að vita hvert þeir eiga að leita eins og kemur fram hér að neðan í ummælum rýnihópanna. Hjúkrunarfræðingur 2 minnst einnig á að nemendur á þessum aldri heyri um kynferðislegt ofbeldi í fjölmiðlum og gefur í skyn að þau viti svona upp og ofan um hvað umræðan snúist. Ég spyr hjúkrunarfræðing 2 út í hvaða kennsluefni hún noti um þessi mál:

sko já við hérna bara ræðum þetta en við erum ekkert með förum ekkert djúpt í þetta bara svona aðeins þarna og svo bara skapast svona umræður um það sem er svolítið sko þá getur maður tekið eftir þeirra spurningum ég hef allavega ekki lent í því að þau tjái sig ekki neitt sko og þau eru að pæla í þessu og spyrja líka oft um eitthvað sem þau hafa heyrt út undan sér í sjónavarpinu og svona í fréttum.

Það er greinilegt að hjúkrunarfræðingur 2 fer ekki eftir neinu sérstöku kennsluefni þegar kemur að umræðunni um kynferðislegt ofbeldi. Það getur hentað henni að byggja fræðsluna á umræðum og tengja þær samfélagsumræðunni en það geta kannski ekki allir. Eins og áður segir þá er hjúkrunarfræðingur 2 áhugasamur um þessi málefni en það er ekki sjálfgefið að allir hjúkrunarfræðingar hugsi eins um málefnið.

Hvorki kennararnir eða hjúkrunarfræðingarnir voru með námsefni eða ákveðinn ramma eða leiðbeiningar um það hvernig fjalla eigi um þessi mál á þessu stigi heldur var umfjöllunin bundin við umræður. Það virðist því eins og þetta sé eins og svo margt annað sem tengist lífsleikninni og kynfræðslunni en það er að fræðslan er að mestum hluta í höndum kennarans og hjúkrunarfræðingsins. Það er þeirra að ákveða hvort, hvenær og hvernig fjalla á um kynferðislegt ofbeldi og auðvelt er að áætla að það sé aðeins gert á eldri stigum skólans. Það er einnig mikið lagt á kennarana að ræða hluti með ekkert kennsluefni til hliðsjónar og

enga þekkingu á því hvernig ræða eigi hlutina. Það má heldur ekki gleymast að lífsleiknikennarar eru oft á tíðum umsjónarkennarar og kenna því nemendum sínum önnur fög. Það getur verið erfitt fyrir suma að ræða viðkvæm mál við nemendur sína sem þeir hitta daglega en sú umræða kom upp í viðtölum við kennara og rýnihópa.

Í viðtali við talskonu Blátt áfram kom fram að Blátt áfram kemur í einhverja skóla á eldri stigum og fjallar um kynferðislegt ofbeldi. Blátt áfram er með námsefni sem þau gera sjálf og er það notað í þessari fræðslu. Þegar ég spyr hvernig fræðslan fari fram svarar talskonan:

Sko við förum yfir 7 skrefin okkar þann bækling og þá göngum við í gegnum hann stig frá stigi en ítrekum alltaf hversu mikilvægt það er að leita sér hjálpar og við komum alltaf með dæmisögur og þegar ég fer sjálf þá tala ég út frá minni eigin reynslu og hversu erfitt það var að vera unglingur með leyndarmál og veit ekki hvert ég átti að leita og sú umræða er mikið tekin og einmitt hvert þau geta leitað

Í umfjölluninni er stuðst við dæmisögur og talskonan fjallar um eigin reynslu af kynferðisofbeldi. Umræða um persónulega nálgun kom upp í rýnihópunum og voru einhverjir nemendur á þeirri skoðun að persónuleg nálgun væri áhrifarík. Talskonan tekur það oft fram í viðtalinu að það sé mikilvægt að nemendur viti hvert þeir eigi að leita og að hún bendi þeim á ýmsa staði og netsíður. Blátt áfram leggur mikla áherslu á að börn og unglingar viti mörk sín og umræðunni um mörk er haldið hátt á lofti. Blátt áfram kemur ekki í alla skóla en þetta er aðkeypt fræðsla fyrir 7.-10. bekk (Blátt áfram, 2014). Ég fékk ekki tölfræði yfir það hversu margir skólar fá Blátt áfram til að halda fræðslu fyrir eldri bekki en aðspurð sagði talskona samtakana að mun meiri eftirspurn væri eftir því að fá samtökin í fræðslu á yngri stiginum grunnskólans.

Blátt áfram hefur fengið mikla gagnrýni á sig síðastliðin ár, Hildur Lilliendahl Viggósdóttir skrifaði pistilinn „Ég vil ekki að barnið mitt hljóti fræðslu frá Blátt áfram“ og var hann birtur á vefþinginu Knúz.is. Þar talar Hildur um hræðsluáróður sem Blátt áfram sé að bera út. Hún telur einnig að börnum séu kenndar ákveðnar leiðir til að bregðast rétt við kynferðisofbeldi og það telur Hildur að séu rangar leiðir en með því sé verið að koma ábyrgðinni yfir á börnin. Þarna eru börnin gerð ábyrg fyrir því að segja frá ofbeldinu og bregðast rétt við því en ábyrgðin eigi ekki að vera í höndum barna. Hildur er ekki sú eina sem hefur gagnrýnt samtökin en í blaðaviðtali við Fréttatímann kemur fram að samtökin taki gagnrýninni og reyni eftir framsta megni að koma til móts við hana (Erla Hlynsdóttir, 2013).

7.2 Fengu nemendur einhverja fræðslu um kynferðislegt ofbeldi?

Ég spurði alla rýnihópana um það hvort einhver umræða hefði átt sér stað sem snéri að kynferðislegu ofbeldi eða nauðgunum í 6. eða 7. bekk. Svörin voru öll á þá leið að engin umræða hefði átt sér stað um þessi mál. Umræðan fór oft á tíðum út í umræðu um kynferðislegt ofbeldi og hvort þau hefðu fengið einhverja fræðslu um þau mál seinna á skólagöngunni. Nemendurnir voru mjög opnir fyrir þessari umræðu og kom í ljós að þeir höfðu miklar skoðanir og vitneskju um þessi mál.

Annar stelpuhópurinn sagðist ekki hafa fengið neina fræðslu um kynferðislegt ofbeldi í 6. eða 7. bekk og aðspurðar gáfu þær lítið út á fræðsluna sem þær fengu um þessi mál í eldri bekkjum skólans:

Harpa: Það var varla

Kolbrún: Nei, það hefur ekkert verið frætt okkur mikið um nauðgun

Arna: Alls ekki

Harpa: Bara, verður að segja frá það er svona það eina sem verið er að segja við okkur

Solla: Bara að þetta sé ekki feimnismál

Harpa: Og bara ekki þér að kenna, það er eitthvað mjög mikið í því

Af þessum ummælum stelpnanna að dæma fannst þeim þær ekki fá mikla fræðslu um nauðganir. Samt sem áður er greinilegt að mikilvægir punktar hvað varðar nauðganir hafa skilað sér til stelpnanna. Það að nauðgun sé ekki þólandanum að kenna er mjög mikilvægur punktur og einnig er mikilvægt að segja frá og það hefur greinilega komist til skila. Það að nauðgun sé ekki feimnismál er eitthvað sem Solla virðist vita og vinkonur hennar virðast einnig vera með þann punkt á hreinu. Helsta fræðslan um þessi mál kom að þeirra mati frá myndinni *Fáðu Já*. Stelpurnar sögðust aðspurðar vera til í meiri fræðslu um þessi mál og sögðust ræða kynferðislegt ofbeldi innbyrðis sérstaklega í tengslum við fréttir af nauðgunum.

Umræðan fór um víðan völl og við ræddummikilvægi þess að segja frá nauðgun þegar Kolbrún sagði:

Mér finnst líka sko ef maður vill ekki leita til einhvers sem maður þekkir, þú veist, maður var ekkert kennt hvert við ættum að leita ef manni er nauðgað.

Þessi ummæli Kolbrúnar koma á óvart og það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að allir viti hvert þeir eiga að leita ef kynferðislegt ofbeldi á sér stað. Ég spurði stelpurnar hvort þær vissu hvað Stígamót væru eða Neyðarmóttaka nauðgana og svöruðu þær allar neitandi nema Sara. Sara er vel að sér í þessari umræðu en það kom fram í viðtalinu að móðir Söru hefur unnið í velferðarmálum sem tengjast kynferðislegu ofbeldi. Þegar ég spurði hvert þær ættu að leita svaraði Harpa:

Harpa: Það var sagt okkur að eða fer maður ekki á húð og kyn? [Húð og kynsjúkdómadeild landspítalans]

Þessi ummæli segja okkur að Kolbrún og vinkonur hennar vita ekki hvert þær eiga að leita ef þær verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það finnst mér alvarlegt og stelpunum fannst það líka mjög alvarlegt og skrítið að hafa ekki fengið neinar upplýsingar um þessi mál. Stelpurnar voru allar að klára 10. bekkinn þegar viðtalið var tekið og er greinilegt að upplýsingar um þessi mál eru ekki að ná til nemenda. Sú umræða að það sé mikilvægt að segja frá fellur um sjálfa sig ef ekki er tekið fram hvert er hægt að leita ef kynferðislegt ofbeldi eða nauðgun á sér stað. Nauðgun er alvarlegur glæpur og það er mikilvægt að unglingar geri sér grein fyrir því að þetta er glæpur sem varðar við lög og því ætti að tilkynna slíka glæpi til lögreglunnar. Það að Harpa telji að Húð og kyn sé rétti staðurinn til að leita til ef nauðgun á sér stað segir okkur að mun meiri áhersla er lögð á kynsjúkdóma heldur en kynferðisglæpi. Húð og kyn er stendur fyrir húð og kynsjúkdómadeild Landspítala Íslands og þangað leitar fólk til þess að fara í kynsjúkdómapróf (Embætti landlæknis, 2014). Allir rýnihóparnir töluðu um að mikil áhersla hafi verið á kynsjúkdóma en þau höfðu góða þekkingu á helstu kynsjúkdómunum eins og klamydíu, kynfæravörtum, lekanda og HIV.

Annar stelpuhópurinn sagðist ekki hafa fengið fræðslu um kynferðislegt ofbeldi í skólanum en minntust á að þær hefðu fengið mikla og góða fræðslu um þessi mál í félagsmiðstöðinni þeirra. Þar hefði verið kvöld þar sem hjúkrunarfræðingar komu og ræddu meðal annars um

kynferðislegt ofbeldi. Stelpurnar voru einróma um að sú fræðsla hefði verið góð. Það er greinilegt að félagsmiðstöð þessara stúlkna hafi haft áhuga á þessum málaflokki og er það jákvætt. Það hlýtur samt sem áður að vera best að hafa fræðsluna góða í skólunum því sú fræðsla ætti að ná til allra nemenda. Fræðslukvöld sem er í höndum félagsmiðstöðva eða íþróttafélaga ná ekki til allra nemenda.

Strákahópurinn kannaðist ekki við neina umræðu um kynferðislegt ofbeldi í 6. eða 7. bekk en aðspurðir sögðu þeir að einhver umræða hefði skapast um þessi mál í kringum myndina *Fáðu já*:

Bjarki: Já já þú veist eftir þarna fáðu mynd þarna þá var þú veist eftir myndina þá var talað alveg um það en ég held að krakkarnir ef þeir hefðu fengið aðeins meiri kennslu sko fyrir þá hefði verið hægt að tala aðeins meira sko um þetta þeir vissu ekkert hvað þeir voru að tala um eða vissu alveg eitthvað en maður kannski ekki spurt sko mjög náið í það sem.

Bjarki kemur með góðan punkt. Að hans mati hefði verið betra að nemendurnir hefðu verið búnir að fá einhverja fræðslu um þessi mál áður en að myndin var sýnd. Að Bjarka mati voru nemendur ekki að spyrja náið út í umræðuefnið og það hefði að hans mati verið hægt að tala um þetta meira en gert var. Ég spurði strákana hvort þeim fyndist þessi málaflokkur vera feimnismál og þeir svöruðu því játandi og Bjarki hélt áfram:

Bjarki: Af hálfu kennara fannst mér þetta feimnismál og þeir voru alltaf að reyna að forðast þetta

Ég: Þannig að þið finnið alveg fyrir því

Bjarki: Já

Maggi: Vilja helst ekki tala um þetta svona eitthvað svona klám og það er svona einn og einn kennari sem er til í að tala um þetta eins og Hildur hún myndi aldrei fara að tala um við okkur eitthvað klám og nauðganir og kynlíf og eitthvað.

Það er greinilegt að strákarnir finna fyrir óöryggi kennarana þegar kemur að þessu umræðuefni. Bjarki tekur fram að kennarar reyni að forðast þessa umræðu og tekur dæmi um kennara sem myndi aldrei tala um svona hluti. Það er líka erfitt fyrir kennara að ræða um málefni sem engin eða lítil áhersla var lögð á í þeirra námi. Eins og ég hef tekið fram áður þá er engin sérstakur áfangi sem fjallar um þennan málaflokk sem kenndur er í kennaradeild Háskóla Íslands en jafnréttismál eru hluti af einhverjum áföngum og jafnrétti á að vera eitt af stöðum kennaranámsins en þessar upplýsingar fékk ég frá kennaradeild Háskóla Íslands þegar ég falaðist eftir upplýsingum um áherslur deildarinnar í jafnréttismálum.

Blandaði hópurinn var sammála um að engin umræða eða fræðsla um kynferðislegt ofbeldi hefði átt sér stað í 6. eða 7. bekk en sögðust hafa fengið mikla fræðslu í efri bekkjum grunnskólans. Þegar ég spurði hvað hefði verið rætt stóð ekki á svörum:

Sara: En við fengum eins og við vorum svona tilraunar árgangur og vorum með svona bækur og þar var fullt af sögum svona er þetta rétt og er það ekki og það var já talað um sambönd og eitthvað svona

Kalli: Já

Rós: Já einmitt það var talað um held ég í 8 bekk hvað væri rétt og rangt í samböndum og svona réttindi hvers og eins

Sara: Já um ofbeldi og svona afbrýðisemi og allt það

Kalli: Já og þá var sem sagt sögur þar sem var strákur að segja frá hvað honum fyndist óþolandi við kærustuna sína og síðan var kærastan að segja frá þú veist einhverju svona að lýsa sambandinu og svo áttum við að svara hvað okkur fannst var þetta rétt eða rangt eða hvað okkur fannst um þessar sögur

Það er að mínu mati greinilegt á því hvernig þau ræddu um þessi mál að það hafði áhrif á þau að hafa verið þátttakendur í þessu tilraunarverkefni. Því miður var ekki hægt að komast að því hvaða tilraunaverkefni þetta hafði verið því nemendurnir vissu ekki hver sá um það eða hver bjó það til. Þau töluðu um að nauðgun væri ekki eitthvað sem ætti að skammast sín fyrir og endurtóku að nauðgarar væru ekki ókunnugir menn úti á götu heldur einhver sem þolandinn kannast við. Það að setja sig í spor annarra eins og þau voru látin gera í þessu tilraunarverkefni held ég að fái nemendur til þess að hugsa og taka afstöðu en það er mjög

mikilvægt þegar kemur að þessum málaflokki. Ég spurði blandaða hópinn hvort einhver umræða hefði skapast um líðan þolanda eftir nauðgun:

Allir: Nei

Kalli: Við vitum það

Eva: það er bara talað um að skammast sín

Rós: Og þora ekki að segja frá

Það er rétt hjá þeim Evu og Rós að þolendur skammast sín oft og þora ekki að segja frá. Það eru hins vegar ekki einu tilfinningarnar sem spretta upp. Kalli segir að þau viti hvernig þolendum líði en það er erfitt að vita eitthvað ef engin umræða eða fræðsla hefur farið fram um málefnið. Í MA ritgerð Önnu Bentínu Hermansen „*Mér var stolið“ Af kynverund kvenna eftir kynferðislegt ofbeldi. Afleiðingar og áhrifavaldar*“ kom fram að þolendur kynferðisafbrotu upplifa skömm, lélega sjálfsmynd, sektarkennd og sjálfsásakanir. Anna talar um að allir þessir hlutir vinni saman og ekki sé hægt að slíta þá í sundur en í sameiningu hafi þeir þau áhrif að þolendur trúir því að kynferðisofbeldið hafi verið þeim að kenna (Anna Bentína, 2010). Í ársskýrslu Stígamóta koma svipaðar niðurstöður fram en kvíði var sú tilfinning sem 87,3% kvenna og 87,7% karla fann fyrir sem leitaði sér aðstoðar hjá Stígamótum árið 2013. Aðrar afleiðingar voru skömm, depurð, léleg sjálfsmynd, sektarkennd, svipmyndir, erfið tengsl við maka/vini, reiði, ótti, erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum, tilfinningarlegur doði, einangrun, kynlíf varð erfitt, einbeiting varð erfið, sjálfsvíghugleiðingar, líkamlegir verkir, sjálfsskömm, hegðunarerfiðleikar, sjálfssköðun og fleira (Stígamót, 2013:44-45). Það er greinilegt að kynferðislegt ofbeldi hefur mikil áhrif á þolanda og líf hans löngu eftir að ofbeldið var framið. Það er mikilvægt að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi og afleiðingar þess séu til umræðu í grunnskólum því málefnið er mikilvægt og upplýsingarnar snerta alla og gætu breytt miklu fyrir líf þolanda.

7.3 Karlinn sem tælir börn í bílinn sinn

Þegar ég spurði kennarana út í umfjöllun þeirra um kynferðislegt ofbeldi var algengt að umræðan bærst að körlum í bílum sem reyndu að tæla börn inn í bílana sína með eitthvað illt í hyggju. Upplifun mín í einhverjum viðtölum var sú að umræðunni um kynferðislegt ofbeldi

væri fullnægt með því að tala um karla í bílum sem tæla til sín börn. Ógnin í þeirra augum er ókunnugur karl en samkvæmt tölum Stígamóta kemur í ljós að gerendur kynferðisafbrotu eru að stærstum hluta tengdir þólandanum (Stígamót, 2014). Í rannsókn þeirra Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013:10) sem fjallar um kynferðisafbrotamál á árunum 2008-2009 voru gerendur í tæplega 40% tilfella einhver sem þólandi þekkti, svokallaður vinur eða kunningi þólanda.

Þegar ég spurði kennara 3 hvort einhver umræða væri um kynferðislegt ofbeldi eða nauðganir í tímum hjá henni svaraði hún:

Ég veit ekkert hvað hefur verið rætt í tímum hjá hinum kennurunum en það hefur alveg verið talað um það hér, eins og karla sem eru þú veist karlar sem eru að taka börn

Það vekur athygli að það virðist ekki vera mikið samráð á milli kennara um hvað sé rætt hjá hverjum og einum og var það einkennandi fyrir umræðu sem snéri að kynfræðslu, klámi og kynferðislegu ofbeldi. Umræðan um karlana sem koma á bílum og taka börn hefur verið áberandi í fjölmiðlum hér á landi (Samúel Karl Ólafsson, 2014) og (Erla Hlynisdóttir, 2014) og er skiljanlegt að kennarar og skólastjórnendur leggi áherslu á þessi mál við nemendur sína þegar það á við. Hins vegar virðist sem kennari 3 telji að umræðunni um kynferðislegt ofbeldi og nauðganir sé fullnægt með því að minnast á karlana í bílunum. Kennari 2 sagði þetta þegar umræðan barst að körlunum í bílunum:

Já algjörlega sko nei þau vita að kunna að segja stopp og kunna að segja frá og svona og það er með sko reglulegu millibili og eins og Sigríður [Skólastjórinn] hefur hún sendir öðruhvorum ef það er ástæða til tölvupóst ef það er eitthvað í gangi í hverfinu og svona og minnir á og það eru ákveðnar leiðbeiningar sem við eigum að segja við krakkana og hvernig við eigum að ræða við krakkana og sko það gengur út á það að þau viti hvað má og hvað má ekki og að þau viti að segja frá og segja stopp eða þau eru hvött til þess...

Það er greinilegt að áhersla er lögð á að nemendur kunni að segja stopp og að þeir segi frá, það fylgir því miður ekki sögunni hvert nemendur geta leitað. Það er greinilegt á ummælum kennara 2 að hún telur að nemendur sínir séu með þessi mál á hreinu. Erfitt er að fullyrða að nemendur kunni að segja stopp og kunni að segja frá en það gerir kennari 2 engu að síður. Þarna er verið að setja ábyrgðina í hendur nemenda. Það er þeirra að meðtaka leiðbeiningar hvernig bregðast á við körlunum í bílunum og þau eiga að vita hvað má og hvað má ekki. Þetta er það sem Hildur L Viggósdóttir (2013) gagnrýnir samtökin Blátt áfram fyrir að gera. Það er greinilegt að þessi gagnrýni á einnig heima hérna en það er ekki barnanna að bera ábyrð á að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað í þessum aðstæðum. Það er greinilegt að hlutirnir fara í ákveðin farveg þegar eitthvað gerist í hverfinu sem gefur vísbendingar um að óprúttir aðilar séu á sveimi. Það er jákvætt að hlutirnir fari í ákveðinn farveg þegar svona mál koma upp og greinilegt er að foreldrar eru settir inn í málin. En það að ábyrðin sé sett á börnin og þau eigi að vita hvað má og hvað má ekki í svona aðstæðum tel ég vera ranga aðferð. Kennari 5 hafði aðeins aðra sýn á málið en aðrir kennarar:

við tókum alveg nokkra fundi þar sem við vorum að tala um það út frá öllu því það byrjaði alveg svona histería ef einhver horfði á þau eða þau sáu bíla þá byrjaði svona múgæsing og maður þurfti bara aðeins að ræða það eins og það kom fyrir fyrir nokkrum árum síðan að það er barn á leiðinni heim og maður sem kallar á hana í bíl og hún alveg verður viti sínu fjær og hleypur í burtu og þá var það sko afi sem var að ná í barnabarnið sitt í skólann og hann tók bara feil þú veist fannst þetta vera barnið hans og kallaði á hana mér finnst sko svona bara maður verður að benda þeim á að það eru ekki allir en þetta er svo fin lína sko að hvernig maður á þú veist auðvitað gerði hún rétt og allt slíkt en sko maður hvernig maður þarf að þau hafa rætt þetta rosalega mikið.

Kennari 5 segir að á tímabili hafi hálfgerð histería gripið um sig innan nemendahóps hennar og mikil hræðsla við ókunnuga menn í bílum gert vart við sig. Það er merkilegt að kennari 5 hafi reynt að sporna við þessari histeríu með því að segja þeim dæmisöguna um afann. Kennari 5 er hérna að reyna að upphefja ekki mýtuna um að ókunnugir karlmenn séu þeir sem

eru helstu gerendur kynferðisafbrotu. Það er jákvætt en eins og ég bendi á hér að ofan eru helstu gerendur kynferðisafbrotu kunnugir þolandanum. Það að halda og gefa í skyn við nemendur að allir sem eru að keyra í hverfum og í kringum skóla séu vondir gefur ekki rétta mynd af samfélaginu og getur skapað hræðslu meðal nemenda. Kennari 5 vill greinilega fá nemendur sína til að hugsa aðeins um þessi mál. Hún minnst einnig á að línan sé þunn og er þá að meina að hún vilji ekki gera lítið úr hættunni og ég tel það vera rétt. Umræður um málin tel ég vera bestu leiðina til að fjalla um þessi mál en án þess að ræða þessi mál fá mýtur eins og þessi að lifa góðu lífi en það skyggir á raunverulega samfélagsmynd.

Umræðan um karlinn í bílnum kom einnig upp í öllum rýnihópaviðtölunum nema í stráka hópnum sem gefur okkur vísbendingu um að stelpur eru þær sem hræðast hvað mest karlana í bílunum. Þessi umræða fór fram í blandaða hópnum sem hafði samt tekið það fram fyrir í viðtalinu að algengast væri að kynferðislegt ofbeldi væri framið af einhverjum sem þolandinn þekkir. Það sýnir að mýtan um ókunnuga manninn í bílnum er mjög sterk en þrátt fyrir að hópurninn hafi talað um að gerendur í nauðgunarmálum væru einhver sem þolandinn þekkir persónulega var þetta umræðan sem skapaðist þegar ég spurði hvort einhver hræðsla væri innan hópsins þegar kæmi að nauðgunum:

Eva: Já þegar ég labba heim á kvöldin er ég alltaf með símann í hendinni og bara lykla líka á milli puttanna

Sara: Já

Rós: Já ég hleyp alltaf síðasta spölin heim

Eva: Og ef ég heyrir í einhverjum þá er ég að fylgjast með

Sara: Og mér finnst þetta eiginlega allt í lagi nema þegar bíll keyrir svona geðsveikt hægt þá er ég bara okei shitt en ég er ekkert mikið hrædd en samt

Eva: Líka það er alltaf sagt að maður verði að passa sig á leiðinni heim og maður er alltaf að heyra sögur af því þegar einhver er að reyna að fá mann upp í bíl og svona

Stelpurnar eru samkvæmt þessum ummælum hræddar þegar þær labba einar heim á kvöldin og sérstaklega við bíla sem keyra hægt framhjá þeim. Eva tekur fram að hún sé alltaf með símann í hendinni og lykla milli puttanna. Sú aðferð að hafa lyklna milli puttanna er þekkt og á að búa til vopn úr lyklunum en það má deila um hversu árangursrík sú aðferð er. Það er því greinilegt að Eva vill geta varið sig fyrir óþekktri hættu. Rós segist alltaf hlaupa síðasta spölinn heim og allar eru þær sammála um að þær séu hræddar. Þetta rímar við niðurstöður rannsóknar Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2014) en þar eru viðbrögð kvenn-viðmælenda hennar þau sömu. Þær fundu fyrir hræðslu við það labba einar heim og gerðu svipaðar ráðstafanir og stelpurnar í rýnihópaviðtölum mínum þ.e.a.s. að vera með símann á lofti og lykla milli putta. Ummæli Evu um að hún sé alltaf að heyra sögur um börn sem eru lokkuð upp í bíl vöktu athygli mína. Sviðuð umræða átti sér stað í öðrum stelpuhópnum:

Elín: Það er alveg sagt við okkur skiluru eins og þegar það eru menn sem eru að keyra hérna á götunum og eru að lokka stelpur inn í bíla þá vita allir af því og þora sumar ekki að labba í skólann,

Af ummælum Elínar að dæma þá á sér stað umræða í skólanum um menn sem eru a lokka stúlkur upp í bíla. Það hefur svo þau áhrif að stelpurnar verða hræddar og sumar þora ekki að labba í skólann sem þá skerðir ferðamöguleika þeirra. Umræðan fór að snúast um raunverulegt dæmi þar sem barn var lokkað upp í bíl og það svo beitt kynferðislegu ofbeldi. Í augum stelpnanna í rýnihópnum er greinilegt að þeim finnst algengt að svona mál komi upp. Þær finna fyrir hræðslu sem hefur áhrif á þær. Hinn stelpu-rýnihópurinn ræddi einnig um hræðsluna við karlana í bílunum:

Arna: það hefur verið talað um svona við mann frá því maður er lítill og ég er sko alveg hrædd þegar ég er að labba heim sko og einhver bíll er að keyra hægt fyrir aftan mann

Harpa: já ég er sko rosalega paranoid með svona get varla verið ein í strætó og þarf að vera að tala í símann

Sara: ég líka þykjast vera að tala í símann

Kolbrún: já

Sara: með lyklana á milli puttana

Harpa: já ég líka

Arna: já algjörlega manni finnst þetta ógeð og óþægilegt

Harpa: mér finnst sko verið búið að hræða okkur ógeðslega mikið

Af þessum ummælum að dæma eru stelpurnar hræddar við að labba einar heim. Svipuð orðræða á sér stað hér og í blandaða rýnihópnum en stelpurnar segjast þykjast tala í símann á leiðinni heim og eru með lyklana á milli puttanna. Þær lýsa hræðslu og segjast varla geta verið einar í strætó og segjast vera vænissjúkar eða tortryggjar gagnvart í umhverfi sínu. Það er mjög sorglegt að þessum stelpum líði svona og sýnir okkur að ójafnréttið liggur víða því strákarnir í rýnihópnum könnuðust ekki við þessa hræðslu. Þetta sýnir hvernig kerfið virkar með mismunandi hætti á kynin. Stelpurnar finna fyrir hræðslu á meðan drengirnir gera það ekki en þetta er skýrt dæmi um kynjakerfið og áhrif þess á kynin. Bæði Arna og Harpa láta ummæli falla sem snúa að því að fullorðnir hafi lagt áherslu á að þær ættu að hræðast menn í bílum. Arna segir að það sé búið að tala um þetta við hana síðan hún var lítil og Harpa bendir á að það sé búið að hræða þær mikið. Ég spyr meira út í þessa hluti og þær svara:

Arna: það er búið að hræða okkur mikið en ekki búið að tala æ ég veit ekki alveg nóg um nauðganir

Kolbrún: Það er bara verið að tala um við mann um menn sem taka mann upp í bíl og svona

Af þessum ummælum stelpnanna má draga þá ályktun að þeim finnist ekki vera talað nægilega mikið um nauðganir. Heldur sé áherslan meiri á menn í bílum og að þær þurfi að passa sig á þeim. Það er mjög slæmt ef aðaláherslan þegar kemur að umræðu um kynferðislegt ofbeldi skuli snúast um ókunnuga menn í bílum sem eru að lokka börn til sín því þá gleymist að ræða um vina og kunningjanauðganir en rannsóknir sýna að flest kynferðisafbrot eru framin af einhverjum sem þolandinn þekkir eða kannast við. Ársskýrsla Stígamóta 2013 sýnir að 17,3% ofbeldismanna árið 2013 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldi (Stígamót, 2013:50). Í niðurstöðum þeirra Hildar Fjólu Antonsdóttur og Þorbjargar

Sigríðar Gunnlaugsdóttur (2013:10) kom fram að 15% gerenda í kynferðisofbeldismálum árin 2008-2009 voru þolandanum ókunnugir.

Við höldum áfram að ræða þessi mál og töluðu sumar stelpurnar meðal annars um að gerendur í kynferðisafbrotum væru oft á tíðum einhver sem þolandinn þekkti og treysti. Umræðan fór samt sem áður aftur að snúast um ókunnuga manninn:

Solla: Ég held samt æ maður veit alveg hvernig týpurnar eru sko á bílnum og svona ef það er jeppi eða eitthvað en ef þetta er sko flottur bíll þá er maður ekki hræddur

Sara: Já

Arna: Sendiferðabíll eða pallbíll eitthvað þannig þá yrði ég hrædd

Sara: Já

Solla: En sko ef þetta er flottur venjulegur bíll þá væri ég alveg róleg ef þetta er svona flottur fjölskyldubíll

Arna: Já en sko týpan sem ég er hrædd við æ ég veit það ekki

Kolbrún: Yfirvaraskegg

Harpa: Já

Þarna eru stelpurnar með ákveðna týpu í huga, mann sem keyrir um á sjúskuðum pallbíl eða jeppa og er með yfirvaraskegg. Það er athyglisvert að sjá hvað stelpurnar eru fljótar að koma með lýsingu á geranda og eru allar sammála henni. Þessi mynd og þessi hræðsla er líklegast tilkomin vegna fjölmiðlaumfjallana, hvernig foreldrar og kennarar ræða þessi mál og svo hvernig sjónvarpsþættir og bíómyndir sýna gerendur. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeirri staðreynd að ókunnugir karlar beita börn kynferðislegu ofbeldi og það verður að taka á því. Hins vegar má ekki einblína á þá hættu heldur ræða málin út frá staðreyndum en eins og ég hef bent á þá eru gerendur oftast einhver sem þolandi þekkir (Stígamót, 2013). Það er mikilvægt að opna umræðuna um þessi mál og auka á fræðslu sem byggir á staðreyndum.

7.4 Samantekt

Í þessum kafla spurði ég viðmælendur út í umræðu og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Mismunandi var hvort einhver umræða hafði átt sér stað um þessi mál samkvæmt viðtölunum við kennarana. Einhverjir kennarar ræddu málin út frá því að nemendur réðu yfir líkama sínum sjálfir og ættu að bera virðingu fyrir líkama sínum. Á meðan voru aðrir kennarar vissir um að þessi umræða væri tekin á eldri stigum grunnskólans. Einhverjum viðmælendum fannst nemendur sínir of ungir á þessum aldri á meðan aðrir tóku umræðuna frekar á það stig að ræða orðanotkun og útskýra ákveðin hugtök.

Hjúkrunarfræðingarnir ræddu þessi mál við nemendur og lögðu áherslu á að leiðbeina þeim á fræðisíður á internetinu til að afla sér frekari upplýsinga. Blátt áfram samtökin mæta í suma skóla með umræðu um kynferðislegt ofbeldi en koma ekki í alla skóla og engin viðmælenda minna kannaðist við að þau hefðu komið í sína? árganga. Nemendur í rýnihópunum sögðust ekki hafa fengið mikla fræðslu um kynferðislegt ofbeldi en sú fræðsla sem þau fengu kom á eldri stigum grunnskóla og var myndin *Fáðu já* aðal námsgagnið um þetta málefni. Umræðan um manninn í bílnum sem tælir til sín börn var áberandi en stúlkurnar í rýnihópunum hræddust þá og hræddust að ganga einar heim á kvöldin og gerðu ráðstafanir til að verjast óþekktri ógn. Kennararnir minntust margir á manninn í bílnum en skiptar skoðanir voru á því hvernig ætti að taka á þessum málum. Einhverjum kennarana fannst eins og umræðan um manninn í bílnum væri næg umræða um kynferðisofbeldi á meðan öðrum fannst umræðan vera á villigötum.

8 Samantekt, umræður og tillögur að úrbótum

Markmið ritgerðarinnar var athuga hvort einhver umræða eða kennsla færi fram um jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi á miðstigi grunnskóla. Einnig var markmiðið að athuga hvort grundvöllur sé fyrir umræðu eða kennslu um þessi mál og athuga viðhorf kennara, hjúkrunarfræðinga og nemenda til þessara mála. Hér hef ég fjallað um hvernig lífsleiknikennsla fyrir þennan aldur fer fram og skoðað bæði upplifanir kennara og nemenda. Ég hef farið yfir hvernig kynfræðslan fyrir þennan aldur gengur fyrir sig og heyrt skoðanir og upplifanir kennara, hjúkrunarfræðinga og nemenda. Ég hef fjallað um hvort klám sé til umræðu eða umfjöllunar í kynfræðslu eða í lífsleikni og ég hef skoðað hvort kynferðislegt ofbeldi er til umræðu eða umfjöllunar. Ég lagði upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu:

-Hverjar eru forsendur fyrir kennslu og umræðu um jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi á miðstigi grunnskólans?

Í gegnum ritgerðina hef ég svo verið að svara þessari spurningu. Hér ætla ég að svara rannsóknarspurningunni með því að nota fræðilegu sjónarhornin sem kynnt voru í byrjun. Hér fyrir neðan skipti ég spurningunni í þrjá liði og svara hverjum lið fyrir sig:

8.1 Jafnréttið

Í rannsókninni leitast ég við að svara því hvort forsendur séu fyrir umræðu eða kennslu um jafnrétti. Jafnrétti er ein af stöðum aðalnámskrár grunnskóla (Menntamálaráðuneytið, 2013). Samt sem áður var lítil áhersla á jafnréttismál í kennslunni samkvæmt viðmælendum mínum. Áhugi kennarans á jafnréttismálum virðist skipta miklu máli en ekki virðist vera mikið af kennsluefni sem leggur upp úr jafnréttisfræðslu. Samkvæmt kenningum Bourdieu (1990) um menntamál telur hann að sjónarhorn þeirra valdameiri sé ávallt það sjónarhorn sem fjallað er um í námi og kennslu. Það að jafnréttismál fái ekki eins mikla athygli og raun ber vitni hefur í för með sér útilokun ákveðinna minnihlutahópa frá umræðunni og með því sé verið að viðhalda félaslegri mismunun. Það að umræða og kennsla um jafnrétti sé ekki mikil á miðstigi grunnskóla hér á landi og að það fari eftir áhuga kennara á umræðuefninu er verið að útiloka umræðuna og með því viðhalda ríkjandi kerfi. Nemendurnir í rýnihópunum könnuðust ekki við kennslu eða umræðu um jafnréttismál á miðstigi grunnskóla og greinilegt var að hugtök tengd jafnréttisumræðunni voru þeim ekki töm. Walby (1990) telur að tvíhyggjan finnist víða

í samfélagi okkar og snertir okkur allt frá því við erum ungabörn. Hún telur að þessi tvíhyggja ýti undir kynjakerfið og styrki það, en með því á hún við að samfélagið ýtir kynjunum í ákveðnar áttir. Ef umræðu um jafnrétti kynjanna er ekki sinnt lifa mýtur um femínista og staðalímyndir kynjanna góðu lífi. Í viðtölunum kom fram viðhorf um að femínistar væru konur sem hötuðu karla en ég tel að þarna hafi fræðslu um jafnrétti kynjanna ekki verið sinnt sem skildi.

Mig langar einnig að benda á mikilvægi þess að kynfræðsla sé kennd markvisst en samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar var mismunandi hversu mikil áhersla var lögð á kynfræðslu eftir skóla og áhuga kennarans á málefnum. Það kom í ljós að lítil samskipti voru á milli umsjónarkennarana og hjúkrunarfræðingana sem snéru að kynfræðslunni en það bitnaði á kennslunni. Nemendurnir í rýnihópunum töluðu um að kaflanum sem snéri að kynfræðslu hefði verið sleppt og nefndu að kennararnir hefðu kennt tímaleysi um. Það er í höndum menntakerfisins að sjá til þess að fjallað sé um kynfræðsluna en það að gera það ekki eða gera það illa getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér enda er fræðslan mikilvæg. Lítil tími var nefndur þegar ég spurði viðmælendur mína út í ástæður þess að grunnt var farið í efnið og einnig kom upp umræða í viðtölunum við kennara um að einhver annar sæi um þessa fræðslu hvort sem það var kennari á efri stigum skólans eða hjúkrunarfræðingur. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er kynfræðslunni gefið lítið vægi innan skólakerfisins og kennarar líta ekki á sig sem ábyrga fyrir kennslunni. Ef við setjum þetta í samhengi við kenningar Bourdieu (1990) þá er kynfræðslan ekki mikilvæg í augum menntakerfisins og afsakanir eins og lítil tími og að einhver annar sjái um þessa fræðslu lifa góðu lífi. Fræðslan fær ekki það vægi sem hún ætti að fá og það bitnar á nemendum.

8.2 Klám

Í rannsókninni leitast ég við að svara því hvort forsenda sé fyrir kennslu og umræðu um klám á miðstigi í grunnskólum hér á landi. Af ummælum viðmælanda minna að dæma var greinilega lítil áhersla lögð á umræðu eða kennslu um klám fyrir þennan aldurshóp. Nemendur í 6. og 7. bekk hljóta ekki fræðslu um klám nema að eitthvað komi upp á eða ef kennarinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafi mikinn áhuga á fræðslu og umræðu um klám. Samt sem áður voru viðmælendur mínir flestir á þeirri skoðun að einhverjir drengir á þessum aldri væru byrjaðir að horfa á klám. Viðmælendur í rýnihópunum studdu við aðrar rannsóknir sem sýna fram á að drengir eru byrjaðir að horfa á klám í kringum 12 ára aldur (Guðbjörg H Kolbeins, 2006:126). Walby (1990) talar um að kynjakerfið byggist upp á undirokun kvenna og klámið sýnir okkur kynbundin valdatengsl í grófri mynd. Hefðbundið klám byggir á

ofbeldi og lítillækkun kvenna. Karlinn er alsráðandi á meðan konan er hlutgerð (Dines, 2010). Með því að ræða ekki um klám við nemendur er ekki verið að útskýra að hegðunin í klámi sé ekki byggð á raunverulegu kynlífi og ákveðin þöggun á sér stað. Þetta er hluti af kynjakerfinu (1990) en með því að fræða ekki ungmenni um klám, skaðsemi kláms og áhrif þess er kerfið byggt upp á yfirráðum karla á kostnað kvenna. Kynverundin er ekki sköpuð af einstaklingnum sjálfum heldur hefur samfélagið mótað það með t.d. klámi. Kynverundin er að mati Walby (1990) tengd félagsmótun samfélagsins og nefnir hún kenningar Foucault um menningarlegt taumhald sem dæmi. Kynlíf er sýnt út frá sjónarhorni karlmannsins í klámi og konur endurspegla sig svo í því sjónarhorni eins og Berger (1972) bendir á. Það var greinilegt á ummælum viðmælanda minna í rýnihópnum að klám hafði áhrif á þau og þá sérstaklega stelpurnar. Þær upplifðu meiri þrýsting frá kærustum sínum í kynlífi sem þær tengdu við klámneyslu kærastana. Kynlífið átti að vera villt og spennandi. Klám er hluti af veröld nemendanna í rýnihópnum og íslensk börn finna fyrir áhrifum klámvæðingarinnar sem ríkir í samfélagi okkar. Það eru ekki aðeins nemendurnir sem neyta kláms eða þeir nemendur sem sjá klám óvart í gegnum tölvuforrit heldur er klámvæðingin hluti af samfélagi nemenda. Klámvæðingin hefur áhrif á sjónvarpsþætti, tónlistarmyndbönd, tísku og talsmáta. Klámvæðingin hefur áhrif á samfélag okkar og ýtir undir kynjakefið. Í kláminu er ofbeldi á konum upphafið og þær hlutgerðar. Þetta hefur áhrif á samfélagið og það er erfitt að ná jafnrétti kynjanna án þess að fræðsla og umræða fari fram um klám og áhrif þess í grunnskólum landsins.

8.3 Kynferðislegt ofbeldi

Í rannsókninni leitaðist ég við að svara því hvort einhver kennsla eða umræða sé til staðar um kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk. Í svörunum kom fram að lítið væri fjallað um kynferðislegt ofbeldi á þessu stigi grunnskólans. Walby (1990) bendir í kenningum sínum um kynjakerfið á að kynbundið ofbeldi sé að einhverju leiti á ábyrgð ríkisvaldsins en með aðgerðarleysi ríkisvaldsins sé verið að viðhalda kynbundnu ofbeldi. Fræðslumál um kynbundið ofbeldi eru á ábyrgð ríkisvaldsins og með því að fjalla ekki um kynbundið ofbeldi viðhelt ríkjandi kerfi og ofbeldið sömuleiðis. Menntamálaráðuneytið er í þessu tilfalli ríkisvaldið og það er á ábyrgð þess að fræða nemendur um kynferðislegt ofbeldi og þá þarf að fjalla um málin út frá raunveruleikanum til þess að árangur náist. Ef ekki er verið að búa til mýtur en þær geta lifað góðu lífi í samfélaginu og geta auðveldlega skekkt rauhæfa mynd af samfélaginu. Í viðtölunum við rýnihópna kom í ljós að viðmælendur mínir voru ekki vissir

hvert skyldi leita ef kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað og var greinilegt á svörum þeirra að áherslan á kynsjúkdóma væri mikil en einn viðmælandinn nefndi að Húð- og kynsjúkdómadeild landspítalans væri rétti staðurinn til að leita ef kynferðislegt ofbeldi ætti sér stað. Menntakerfið virðist því ekki vera að standa sig í fræðslumálum um kynferðislegt ofbeldi en lítil áhersla er lögð á þessa fræðslu samkvæmt rannsókn minni. Walby (1990) bendir á ábyrgð ríkisvaldsins, en ríkisvaldið er ekki að fræða ungmenni um kynferðislegt ofbeldi á réttum forsendum. Það leggur litla áherslu á fræðslu um þessi mál hvort sem fræðslan sé um hvert skal leita ef kynferðislegt ofbeldi á sér stað eða hverjir séu líklegustu gerendurnir.

Í viðtölunum var ein mýta sem var hve greinilegust í umræðunni um kynferðislegt ofbeldi mýtan um karlinn í bílnum sem vill lokka börn upp í bíl og gera þeim illt. Þessi mýta lifir góðu lífi og hefur hún mikil áhrif á líf stúlkanna í rýnihópunum, en ekki drengjanna. Það kom fram að þær voru hræddar við karla í bílum og tóku margar hverjar dæmi um það en dæmin voru öll á þá leið að hræðsla grípi um sig ef þær eru einar á gangi og bíll með karlmanni keyri fram hjá. Með því að fjalla um kynferðislegt ofbeldi út frá því að hættan sé hvað mest tengd ókunnugum mönnum í bílum er verið að skekkja raunverulega mynd af gerendum kynferðisofbeldis. Samkvæmt rannsóknnum er gerandi kynferðisofbeldis oftast einhver í nærumhverfi þolandans, skyldmenni, maki, vinur eða kunningi (Stígamót, 2014:52). Með því að fræða nemendur ekki um hættuna sem er í þeirra nærumhverfi er ríkisvaldið að bregðast og samkvæmt Walby (1990) að viðhalda kynjakerfinu. Það voru stelpurnar í rýnihópunum sem voru hræddar. Þær voru hræddar að labba einar heim á kvöldin og þær voru viðbúnar hættum með ýmsum hætti. Walby (1990) bendir á að kynjakerfið jaðarsetji konur og reynslu þeirra og því er lítið rætt um þessa yfirvovandi hræðslu margra kvenna. Þetta er kerfi sem byggir á yfirráðum karlmannna og það hefur í för með sér að konur finna til hræðslu við það eitt að labba einar heim til sín á kvöldin. Körlum eru afhent völdin og þarna er samfélagið búið að ala með konum ótta sem greinilega birtist snemma og óttinn er bæði byggður á mýtum um ókunnuga manninn sem stekkur á mann en einnig er raunveruleg hættan á því að karlmaður gæti komið og gert manni illt því hann er með völdin enda búum við í kynjakefi.

8.4 Gildi rannsóknarinnar, lausnir og frekari rannsóknir

Markmið rannsóknarinnar var að kanna forsendur fyrir kennslu og umræðu um jafnrétti, kynfræðslu, klám og kynferðislegt ofbeldi. Ég tel að ég hafi náð þessu markmiði að einhverju leiti. Ég hef sýnt fram á að lífsleikni-kennslan er að einhverju leiti í lausum skorðum og tímarnir virka frekar eins og starfsmanna fundir heldur en kennslustund. Ég hef komist að því að jafnréttismál eru ekki áberandi í kennslunni þrátt fyrir mikla áherslu á þau í aðalnámskrá grunnskóla. Það kom í ljós að kynfræðslan er í höndum margra aðila sem ræða málin lítið sín á milli. Það kom einnig í ljós að lítil áhersla er lögð á fræðslu eða umræðu um klám og kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7. bekk. Þessi rannsókn er ekki fullkomin en hún gefur samt sem áður ákveðnar vísbendingar um hvað betur megji fara.

Tillögur til úrbóta

Ég tel að niðurstöður þessarar rannsóknar sýni að það má gera mun betur í þessum málaflokki. Ég tel að hægt sé að bæta kennsluna með því að bæta samskipti hjúkrunarfræðinga og lífsleikni kennara þegar kemur að kynfræðslunni í 6 bekk en samkvæmt rannsókn minni voru samskiptin engin á milli þessara aðila þegar það kom að kennslunni. Með því að auka á samskiptin er hægt að fara markvissara í hlutina og halda umræðunni áfram. Það kom fram í viðtölunum að sumir viðmælenda minna skiptu krökkunum upp í litla hópa og fór kynfræðslan fram í þeim. Hægt væri að ræða um klám og skaðsemi kláms færi fram í litlum hópum en með því er auðveldara að fjalla um efnið út frá þroska einstaklingsins. Ég tel einnig að hægt sé að bæta mikið með því að gera skýrari ramma fyrir lífsleiknikennsluna en það kom í ljós að kennslan er mjög opin og ómarkviss. Ég tel að námsgögn sem fjalla um jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi sé ábótarvant og ég tel að það sé mikilvægt að umræða um þessa hluti eigi sér stað og verkefnavinna unnin sem snýr að þessum málefnum. Í niðurstöðunum kom í ljós að kennarar og hjúkrunarfræðingar töldu að 7. bekkur væri bekkur sem umræða um klám gæti hafist og tek ég undir það. Forvarnarstarf verður að byrja áður en neysla er hafin og forvarnir gegn klámi og kynferðislegu ofbeldi hlúta þeim lögmálum.

Ég tel einnig að kynjafræði eigi að vera kennd í meiri mæli í kennaradeild Háskóla Íslands en það að kennarar hafi þekkingu sem snýr að kynjafræði tel ég vera grundvöll þess að fræðsla og umræða um þessa hluti geti átt sér stað.

Takmarkanir rannsóknarinnar og frekari rannsóknir

Rannsóknin mín hafði sína vankanta en lítið úrtak viðmælenda og það að rannsóknin einskorðaðist við höfuðborgarsvæðið eru helstu vankantarnir. Einnig tel ég að reynsla úr menntakerfinu hefði hjálpað mikið en ég tel að þá reynsla sé ekki hægt að fá með því að sitja áfanga innan kennaradeildar Háskóla Íslands heldur þarf að vinna innan kerfisins til að ná skilningi á því. Ég tel að þessi rannsókn geti samt gefið ákveðnar vísbendingar um hvað betur mætti fara í sambandi við umræðu og fræðslu um jafnrétti, kynfræðslu, klám og kynferðislegt ofbeldi. Þessi rannsókn var einungis lítið skref í áttina að því að kortleggja umræðuna en ég tel engu að síður að þetta sé þarft skref.

Ég tel að mikil þörf sé á frekari rannsóknum sem mættu vera bæði eigindlegar og megingdlegar. Ég skoðaði aðeins eitt af þremur stigum grunnskólans og tel að mikilvægt sé að skoða önnur. Ég tel að það þurfi reglulega að gera rannsóknir sem snúa að þessum málaflokki til að hægt sé að sjá hver framvinda mála er. Að mínu mati er mikilvægt að gera rannsókn þar sem viðhorf og upplifanir fagaðila koma fram en einnig fannst mér mikilvægt í þessari rannsókn að nemendurnir fengu að segja frá sinni skoðun og upplifun. Ég tel að viðhorf þessara hópa verði að skoða því eins og kom í ljós í þessari rannsókn eru viðhorfin ekki þau sömu.

8.5 Hvernig næst jafnrétti?

Í þessari ritgerð hef ég reynt að svara því hverjar forsendurnar séu fyrir umræðu og fræðslu um klám, jafnrétti, kynfræðslu og kynferðislegt ofbeldi. Ég hef komist að ýmsu í rannsóknarferlinu og að mínu mati eigum við langt í land með að fræða ungmenni þessa lands um ofantalin atriði. Jafnrétti kemur ekki að sjálfu sér og því er fræðsla og umræða um jafnrétti og mikilvægi þess eitthvað sem verður að leggja mikla áherslu á. Við getum ekki breytt hlutunum nema með fræðslu og komandi kynslóðir eiga það inni hjá okkur að vel sé séð um jafnréttismál innan veggja skólanna en þar næst til allra.

Samfélag okkar litast mjög af klámi en það birtist í klámvæðingunni eins og ég hef fjallað um í ritgerðinni. Það er mikilvægt að fræða ungmenni landsins um skaðsemi kláms, áhrifin sem klám hefur á samfélagið og einnig að opna augu ungmenna fyrir því að klám gefur ekki raunverulega mynd að kynlífi. Klámið sem er í boði á internetinu í dag er ofbeldi og það gefur ranga sýn á kynlíf en einnig sýnir það kynin í röngu ljósi. Mörkin í klámi eru nær engin, karlmaðurinn gerður dýrslegur á meðan konan er hlutgerð (Dines, 2010). Það verður að vera

grundvöllur innan skólakerfisins fyrir umræðu sem snýr að þessum hlutum því annars breytast hlutirnir ekki.

Kynferðislegt ofbeldi er einnig mikilvægt umræðuefni sem ég tel að þurfi að ræða í skólum landsins á öllum stigum. Þessi umræða þarf að vera skýr og þarf alltaf að koma upp aftur og aftur. Það er mikilvægt að uppræta mýtturnar um hugsanlega gerendur eins og ég hef bent á með karlinn í bílunum. Ef engin fræðsla eða umræða á sér stað sem upprætir þessar mýtur lifa þær góðu lífi og skekkja þannig sýn okkar á veruleikann. Það verður einnig að vera skýrt hvert skal leitað ef kynferðisofbeldi kemur upp. Það er mikilvægt að það komi fram hverjar afleiðingar kynferðisofbeldis eru fyrir þolandann og að skömmin sé aldrei þeirra. Það er nefnilega margt sem þarf að fjalla um og allt þarf þetta að vera skýrt. Byggt á niðurstöðum rannsóknar minnar tel ég að mörgu sé ábótavant þegar að kemur að þessum málum og myndi ég telja að yfirvöld og skólakerfið þurfi að bæta málin töluvert.

Ég er samt sem áður bjartsýn en sú bjartsýni lét fyrst finna fyrir sér þegar ég tók rýnihópaviðtölin við nemendur. Nemendurnir voru réttsýnir og hugsi yfir umræðunum. Þeim fannst heimurinn ósanngjarn þegar við ræddum um fólkið sem leikur í klámmyndunum og aðstæður þeirra. Þessum krökkum fannst skrítíð að hugsa til þess að það yrði áþreifanlegur launamunur milli kynjanna þegar þau færu út á vinnumarkaðinn og svona gæti ég haldið áfram. Ég held að kynjakerfið sé ekki orðið eins fastmótað kerfi í þeirra tilveru eins og það er í okkar fullorðnu. Það er oft sagt að æskan mun erfa landið og það er sannleikur. Fræðslumál verða að vera betri til þess að við gefum æsku landsins tækifæri til að breyta ríkjandi kerfi. Ég nefndi vanrækslu ríkisins hér fyrir ofan og hef bent á hana í niðurstöðunum ítrekað. Það er kominn tími til að byrja að rækta þennan málaflokk en það mun hafa marga og góða kosti í för með sér, ekki aðeins fyrir konur heldur einnig karla.

9 Heimildaskrá

- Aldís Yngvadóttir. (2009). „Lífsleikni í grunnskólum –staða og horfur- Rannsókn á kennslu og viðhorfum vorið 2008“. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Andersen, Margaret L (2009) *Thinking About Women: Sociological Perspectives on Sex and Gender* (8. útgáfa). Boston: Pearson, Allyn & Bacon.
- Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2008). *Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil?: Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992-2006*. Uppeldi og menntun. 17(2). 75-85.
- Atli Gíslason og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir. (2006). Réttarvernd kynfrelsis. *Guðrúnarbók-Afmælisrit til heiðurs Guðrúnar Erlendsdóttur 3 maí 2006*. Hið Íslenska bókmenntafélag, Reykjavík: bls 21-49.
- Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining. (2006). *Grunniðurstöður rannsókna: Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- Berg, B.L. (2009). *Qualitative research methods for the social sciences*. (7. útg.). Boston: Allyn & Bacon.
- Berger, J. (1972). *Ways of seeing, based on the BBC television whith John Berger*. England: British Brodcassting Corporation and Penguin Books Ltd.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgreisdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók*. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið.
- Blátt áfram. (2014). Lífsleikni. Sótt þann 17. Sótt þann apríl 2014 af: <http://www.blattafram.is/default.asp?Page=248>
- Bourdieu, P. (1997). *The forms of capital*. Í Halsey, A.H, Lauder, H., Brown, P. og Wells, A.S. (ritstjórar), *Education: Culture, economy, society* (bls. 46-57). Oxford: University Press
- Bourdieu, P & Passeron Jean-Claude. (1990). *Reproduction in Education, Society and Culture*. London:Sage Publications.
- Charmaz, Kathy. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage Publications.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry & research design: Choosing among five approaches*. (2.útg.). Thousand Oaks: Sage Publications.

- Dines, Gail. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon.
- Embætti landlæknis. (2014). *Hvert fer ég í kynsjúkdómapróf?* Sótt þann 12. apríl 2014 af: http://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item15357/Hvert_fer_eg_i_kynsjukdomaprof_nytt
- Erla Hlynsdóttir. (2013, 22. nóvember). *Blátt áfram bregst við gagnrýni*. Fréttatíminn. Sótt þann 4 mars 2014 af: http://www.frettatiminn.is/frettir/blatt_affram_bregst_vid_gagnryni/
- Erla Hlynsdóttir. (2014, 16. janúar). Reyndi að tæla dreng með sælgæti. Sótt þann 22. apríl 2014 af: http://www.frettatiminn.is/frettir/reyndi_ad_taela_dreng_med_saelgaeti/
- Esteberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social reserch*. Boston: McGraw Hill.
- Evrópuráðssamningur (2007, 25. október). Evrópuráðssamningur um varnir gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegri misnotkun á börnum. [rafræn útgáfa]. Sótt þann 17. Apríl 2014 af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/vitundarvakning/Evropuradssamningur_um_varnir_gegn_brotum_a_bornum.pdf
- Eygló Árnadóttir (2009). Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu ígrunnskólum. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, stjórn málafræðideild.
- Félags- og tryggingarmálaráðuneytið. (2008). *Jafnrétti í skólum*. [rafræn útgáfa]. Sótt þann 20. Apríl 2014 af: http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/_FILES/Kynningarb%C3%A6klingur%2017.%20septemb.PDF
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir. (2014). „Þær segja svo margar að það megi bara nauðga“ Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, stjórn málafræðideild.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2007). *Pornography and sex among adolescents in Iceland* [rafræn útgáfa]. Unge, køn og pornografi i Norden, 111-150. Sótt 20. apríl 2014 af: http://www.norden.org/is/utgafa/utgefing-efni/2006-546/at_download/publicationfile
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the aura of gender equality. Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility*. A holistic approach. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Harding, Sandra. (1996). Rethinking standpoint epistemology: What is strong objectivity? Í E. V. Keller og H. E. Longino (ritstj.), *Feminism and science*. New York: Oxford University Press.

- Helga þórey Jónsdóttir. (2012). *Þetta skiptir ekki máli Egill Helgason segir það*. Vef tímaritið Knúz. Sótt þann 12. apríl. 2014 af: <http://knuz.is/2012/08/29/egill-helgason-sagdi-thad/>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009a). 6H heilsunnar. *Kynheilbrigði*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=78&Itemid=101>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009b). 6H heilsunnar. *Kynþroski*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=168&Itemid=191>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009c). 6H heilsunnar. *Kynhneigð*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=192&Itemid=215>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009d). 6H heilsunnar. *Sjálfsfróun*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=191&Itemid=214>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009e). 6H heilsunnar. *Sambönd*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=195&Itemid=218>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009f). 6H heilsunnar. *Kynsjúkdómar*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=200&Itemid=223>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009g). 6H heilsunnar. *Getnaðavarnir*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=211&Itemid=234>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009h). 6H heilsunnar. *Þungun*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=330&Itemid=354>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009i). 6H heilsunnar. *Ofbeldi*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=80&Itemid=103>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009i). 6H heilsunnar. *Kynferðisofbeldi*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=346&Itemid=371>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009j). 6H heilsunnar. *Nauðgun*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=345&Itemid=370>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009k). 6H heilsunnar. *Hamingja*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=4&Itemid=27>
- Heilsugæsla höfuborgarsvæðisins. (2009l). 6H heilsunnar. *Ofbeldi*. Sótt þann 12 apríl 2014 af: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=367&Itemid=393>

Hildur Fjöla Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir. (2013). *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. (2013 19. september). *Ég vil ekki að barnið mitt hljóti fræðslu frá Blátt áfram*. Veftímaritið Knúz. Sótt þann 4 mars 2014 af: <http://knuz.is/2013/09/19/blattafram/>

Jakobína Jónsdóttir. (2012). „Og er það ekki líka svona öfga oft.“ *Upplifun framhaldsskólanema á jafnrétti og fémínisma*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, stjórnmálafræðideild.

Katrín Anna Guðmundsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Að dansa á línunni“: Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Í: Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII – Stjórnmálafræðideild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 84-91). Sótt þann 12 apríl 2014 af: http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindum_XII_Stjornmalafra%C3%A6dideild.pdf.

Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir T. Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þ. Einarsson, Ragnar F. Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). *Viðhorf og þekking 16 ára unglinga á kynlífstengdu efni*. Læknablaðið, 94, 453-460.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti-Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Kristján Kristjánsson. (2001). Lífsléikni í skólum: Saga, forsendur, flokkun, vörn. *Uppeldi og menntun*, 10, 81-104.

Krug, Etienne, G, Linda L. Dahlberg, James A. Mercy, Anthony B. Zwi og Rafael Lozano. (e.d). (2002). *World report on violence and health*. [rafræn útgáfa]. Sótt þann 12 apríl 2014 af: http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/42495/1/9241545615_eng.pdf?ua=1

Landlæknisembættið. (2006, 13. febrúar). *Tölum saman samskipti foreldra og barna um kynlíf*. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item17260/Tolum-saman---samskipti-foreldra-og-barna-um-kynlif>

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 með áorðnum breytingum 82/1998, 162/2010, 126/2011.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2009. *The nordic youth research 2010*. Rannsóknir & greining. Sótt 16. desember 2010 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Nordic-Youth-Research-Descriptive-Report.pdf>

- Mennta- og menningarmálaráðaneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2011. Heilbrigði og velferð*. (23). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Námshagstofnun. (2008a). Kynfræðslutorgið. *Vefur fyrir kennara. Forfallakennarinn*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: http://www1.nams.is/kyn_torg/video.php
- Námshagstofnun. (2008b). Kynfræðslutorgið. *Vefur fyrir kennara*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: http://www1.nams.is/kyn_torg/
- Námshagstofnun. (2008c) Kynfræðsluvefurinn. *Um vefinn*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: <http://www1.nams.is/kyn/um.php>
- Námshagstofnun (2008d) Kynfræðsluvefurinn. *Forsíða*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: <http://www1.nams.is/kyn/index.php>
- Námshagstofnun. (2008e). Kynfræðsluvefurinn. *Likaminn. Strákur eða stelpa*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: http://www1.nams.is/kyn/likaminn_upphaf.php
- Námshagstofnun. (2008f). Kynfræðsluvefurinn. *Barneignir. Barn verður til*. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: <http://www1.nams.is/kyn/barneignir.php?id=400>
- Námshagstofnun. (2008g). Kynfræðsluvefurinn. *Spurt og svarað*. Yfirlit. Sótt þann 2 apríl. 2014 af: <http://www1.nams.is/kyn/svor.php?id=800>
- Ortner, S, B. (2006). *Anthropology and social theory*. Durham and London: Duke university press.
- Paul, P. (e.d.). *From pornography to porno to porn: How porn became the norm*. Sótt þann 12. apríl 2014 af: http://www.socialcostsofpornography.com/Paul_How_Porn_Became_the_Norm.pdf
- Paul, P. (2005). *Pornified, How pornography is damaging our lives, our relationships, and our families*. New York: An Owl Book.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). *Femínískar rannsóknir*. Í: Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.). *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Reykjavíkurborg. (2013). Jafnréttisskóli Reykjavíkur. Sótt þann 20. mars 2014 af: <http://reykjavik.is/jafnrettisskoli-reykjavikur>
- Russell, D. (Ritsstj.). (1993). Making violence sexy: Feminist views on pornography. New York: Teachers College Press.
- Samfés. (2012). *Varðandi samfés*. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://samfes.is/index.php/frettir/140-vareandi-samfes>
- Samúel Karl Ólafsson. (2014a). *Reynt að tæla barn í bíl í fjórða sinn*. Sótt af: <http://www.visir.is/reynt-ad-taela-barn-i-bil-i-fjorda-sinn/article/2014140219316>
- Síðareglur Háskóla Íslands. (2003). Sótt þann 14. mars 2013 af: <http://www.hi.is/adalvefur/sidareglur>.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2002). Um meintan dauða femínismans. *Ritið, tímarit hugvísindastofnunnar*. Háskóli Íslands. 77-103.
- Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason (2010). Þjóðarspejillinn 2010-Netnotkun íslenskra ungmenna. (Helga Ólafs og Hulda Proppé, Ritsstj.) Sótt þann 14. Apríl 2014 af: http://skemman.is/stream/get/1946/6857/18652/1/267-275_Sigur%C3%B0urIngi%C3%81rnason_FELMANbok.pdf
- Stígamót. (2014). *Ársskýrsla 2013*. Reykjavík: Stígamót.
- Stígamót. (2013). *Ársskýrsla 2012*. Reykjavík: Stígamót.
- Stígamót. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Stígamót.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sørensen, A. D. (2003). The mainstreaming of pornography in mass culture. *NIKK Magasin*, 3, 34-36
- Walby, Sylvia. (1990). *Theorizing Patriarchy*. Oxford, UK & Cambridge, MA: Basil Blackwell Inc.
- Velferðarráðuneytið. (1998). Stefnunótun í málefnum geðsjúkra. [rafræn útgáfa]. Skýrsla starfshóps sem Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/media/Gedskyrsla/55kafla.pdf>

Velferðarráðaneytið. (2013, 31. Janúar). Fáðu já aðgengilegt á netinu. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://www.velferðarraduneyti.is/vitundarvakning/frettir/nr/33735>

Velferðarráðaneytið. (2014). Um vitundarvakninguna. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://www.velferðarraduneyti.is/vitundarvakning/almennt/>

Þorgerður Einarsdóttir (2004) „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu” í *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (ritstj. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson), bls. 200-225. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?. Í Úlfur Hauksson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum VII - Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Brynhildur Björnsdóttir. (2012). *Fáðu já!*. Sótt þann 12. apríl 2014 af: <http://faduja.is/fadu-ja/>

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Brynhildur Björnsdóttir. (2012). *Leiðarvísir*. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneyti, Innanríkisráðuneyti og Velferðarráðuneyti

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindarsson. (1993). *Tómstundir íslenskra ungmenna vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema 2006*: Landshlutaskýrsla-Akureyri: Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.

Viðauki I: Viðtalsrammar

Viðtalsrammi 1-lífsleiknikennari

Inngangur-upphaf viðtals

Kynna sig, rannsóknina, markmið, trúnað, nafnleynd og tímalengd viðtals. Útskýra upptökuna og gagnavörslu.

Aðstæður núna

Stutt spjall til að opna viðtalið, fá viðmælandann til að staðsetja sig og fá viðtalið af stað

-Starfsaldur

-Starfsreynsla

-Ástæður fyrir því að kennsla varð fyrir valinu og þá þessi staða.

Lífsleiknikennslan

-Fá viðmælandann til að lýsa aðstæðum og kennsluháttum í sínum skóla, hvaða kennsluefni er notað og hvernig nemendunum finnst kennslan og fyrirkomulagið.

-Fá viðmælandann til að lýsa kennslustund í lífsleikni.

-Ræða hvaða námsefni er notað.

-Hvort það sé einhver sérstök málefni sem séu áberandi í kennslunni.

-Hvernig virkni nemenda sé í kennslunni.

-Hver sé þeirra skoðun á lífsleiknikennslunni og námsgögnum.

Jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi

-Hvort það sé umræða eða kennsla um jafnrétti kynjanna í lífsleikni.

-Hvernig fer sú umræða/fræðsla fram

-Hvers vegna ekki ef svo er,

-Hvort það sé kennsla eða umræða um klám og skaðsemi kláms í lífsleikni.

-Hvernig fer sú umræða/fræðsla fram

-Hvers vegna ekki ef svo er

-Hvernig viðhorf og umræða hjá nemendunum sé

-Hvort umræða eða fræðsla sé um kynferðislegt ofbeldi í lífsleiknitímum

-Hvernig fer sú umræða/fræðsla fram

- Hvers vegna ekki ef svo er
- Hvaða kennsluefni er notað í þessum málaflokki
- Hvernig finnst kennararnum kennslufyrirkomulagið

Samskipti

- Hvernig er samstaf við skólahjúkrunarfræðing
- Hvernig er samstarf við foreldra

Viðtalsrammi 2-hjúkrunarfræðingur

Inngangur-upphaf viðtals

Kynna sig, rannsóknina, markmið, trúnað, nafnleynd og tímalengd viðtals. Útskýra upptökuna og gagnavörslu.

Aðstæður núna

Stutt spjall til að opna viðtalið, fá viðmælandann til að staðsetja sig og fá viðtalið af stað

- Starfsaldur
- Starfsreynsla
- Ástæður fyrir því að skólahjúkrun varð fyrir valinu og þá þessi staða.

Kynfræðslan

- Fá viðmælandann til að lýsa aðstæðum og fræðslu háttum í sínum skóla, hvaða kennsluefni er notað og hvernig nemendunum finnst fræðslan og fyrirkomulagið.
- Fá viðmælandann til að lýsa Kynfræðslu tíma.
- Ræða hvaða námsefni er notað.
- Hvort það séu einhver sérstök málefni sem séu áberandi í fræðslunni.
- Hvernig virkni nemenda sé í fræðslunni
- Fer fræðslan fram eins fyrir stelpur og stráka.

Klám og kynferðislegt ofbeldi

- Hvort það sé kennsla eða umræða um klám og skaðsemi kláms í kynfræðslu.
- Hvernig fer sú umræða/fræðsla fram.
- Hvers vegna ekki ef svo er.
- Hvernig viðhorf og umræða hjá nemendunum sé.

-Hvort umræða eða fræðsla sé um kynferðislegt ofbeldi í kynfræðslu.

-Hvernig fer sú umræða/fræðsla fram

-Hvers vegna ekki ef svo er

Samskipti

-Hvernig er samstaf við kennara

-Hvernig er samstarf við foreldra

Viðtalsrammi 3-rýnihópar

Inngangur-upphaf viðtals

Kynna sig, rannsóknina, markmið, trúnað, nafnleynd og tímalengd viðtals. Útskýra upptökuna og gagnavörslu.

Lífsleiknikennslan/kynfræðslan

-Hvernig var lífsleiknin kennslunni háttað í 6. og 7.bekk

-Hvaða kennsluefni var notað

-Hvernig var kynfræðslunni háttað í 6. og 7.bekk

-Hvaða kennsluefni var notað

Jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi

-Var umræða eða fræðsla um jafnrétti kynjanna í 6. og 7.bekk

-Hvernig fór sú umræða/fræðsla fram

-Hver er ykkar skoðun á umræðu eða fræðslu um jafnréttismál

-Var umræða eða fræðsla um klám í 6. og 7.bekk.

-Hvernig fór sú umræða/fræðsla fram

-Hver er ykkar skoðun á umræðu eða fræðslu um klám

-Var umræða eða fræðsla um kynferðislegt ofbeldi í 6. og 7.bekk

-Hvernig fór sú umræða/fræðsla fram

-Hver er ykkar skoðun á umræðu eða fræðslu um kynferðislegt ofbeldi

Samskipti

- Hafa aðrir aðilar en lífleiðni kennarinn og skólahjúkrunarfræðingurinn rætt um jafnrétti, klám og kynferðislegt ofbeldi, hvaða aðilar
- Ræðið þið þessa hluti við foreldra ykkar

Viðtalsrammi 4-Talskona Blátt áfram

Inngangur-upphaf viðtals

Kynna sig, rannsóknina, markmið, trúnað, nafnleynd og tímalengd viðtals. Útskýra upptökuna og gagnavörslu.

Lífleiðni fræðsla frá Blátt áfram

- Nú eru þið með fræðslu fyrir unglinga frá 7-10 bekk, er mikil eftirspurn eftir þeirri fræðslu í grunnskólum landsins?
- Hverjar eru áherslurnar sem þið leggið upp með fyrir unglingana?
- Er einhver áhersla á umræðu um klám frá ykkur?
- Er einhver umræða um nauðganir og þá að hvaða leiti?
- Er einhver umræða um kunningjanauðganir frá ykkur?
- Er fræðsla um hvar unglingar geta leitað sér hjálpar eftir nauðgun?
- Er einhver fræðsla hvernig bregðast eigi við ef einstaklingur innan vinahópsins er þolandi nauðgunnar?
- Er einhver fræðsla þar sem rætt er við stráka um ábyrð þeirra að nauðga ekki?
- Hvernig finnst þér skóla kerfið vera að standa sig í þessum málaflokki?

Viðauki II: Upplýst samþykki:

Rannsókn á kynfræðslu og lífleiðni kennslu á miðstigi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig kynfræðsla og lífleiðni kennslu er háttað í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Tekin verða eigindleg viðtöl við lífleiðnikennara sem kenna á þessu stigi og skólahjúkrunarfræðinga sem sjá um kynfræðsluna. Einnig verða tekin

rýnihópaviðtöl við unglunga í 8-10 bekk um upplifun þeirra af kynfræðslu og lífsleikni kennslu sem þau fengu þegar þau voru á miðstigi í grunnskóla.

Þátttaka í rýnihópa viðtali felur í sér rúmlega klukkustundar viðtal með 3-4 samnemendum þar sem rætt verður um þeirra reynslu af kennslunni og hvaða skoðun viðmælendurnir hafa á málefninu. Viðtalið verður hljóðritað og síðan afritað og upptökum eytt að lokinni afritun. Allir viðmælendur njóta nafnleyndar sem og viðkomandi skólar

Rósa Björk Bergþórsdóttir meistaranemi í kynjafræði við Háskóla Íslands framkvæmir rannsóknina. Leiðbeinandi er dr. Gyða Margrét Pétursdóttir aðjúntkt í kynjafræði við Háskóla Íslands (gydap@hi.is). Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar.

Ég staðfesti hér með undirskrift minni að ég hef lesið upplýsingarnar um rannsóknina sem mér voru afhentar, hef fengið tækifæri til að spyrja spurninga um rannsóknina og fengið fullnægjandi svör og útskýringar á atriðum sem mér voru óljós. Ég hef af fúsum og frjálsum vilja ákveðið að taka þátt í rannsókninni. Mér er ljóst, að þó ég hafi skrifað undir þessa samstarfsyfirlýsingu, get ég stöðvað þátttöku hvenær sem er án útskýringa.

Dagsetning

Nafn þátttakanda

Ég staðfesti hér með undirskrift minni að ég hef lesið upplýsingarnar um rannsóknina sem mér voru afhentar, hef fengið tækifæri til að spyrja spurninga um rannsóknina og fengið fullnægjandi svör og útskýringar á atriðum sem mér voru óljós. Ég hef af fúsum og frjálsum vilja ákveðið að leyfa barni mínu að taka þátt í rannsókninni. Mér er ljóst, að þó ég hafi skrifað undir þessa samstarfsyfirlýsingu, get ég stöðvað þátttöku barnsins hvenær sem er án útskýringa.

Dagsetning

Nafn forráðamanns

Undirrituð, staðfestir hér með að hafa veitt upplýsingar og svarað spurningum um eðli og tilgang rannsóknarinnar.

Rósa Björk Bergþórsdóttir
Meistaraniemi í kynjafræði við Háskóla Íslands
Sími: 8237990
Netfang: rbb7@hi.is

